

Menntakvika 2013

Salur: Skriða

8:30 - 10:10

Jóhanna Einarsdóttir, sviðsforseti setur ráðstefnu

Pallborð: Skipta rannsóknir máli?

Arnór Guðmundsson, Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Svandís Ingimundardóttir, Samband íslenskra sveitafélaga

Oddný Sturludóttir, Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur

Þórður Hjaltsted, Kennarasamband Íslands

Friðgeir Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ

Kristín Björnsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Pallborðsstjóri: Allyson Macdonald, prófessor Mvs. HÍ

Stofa: H-001

10:30 - 12:00

Þróun málþroskaprófs fyrir tveggja- og þriggja ára börn: Málþærni Ungra Barna (MUB)

Þróun málþroskaprófs fyrir tveggja- og þriggja ára börn: Málþærni Ungra Barna (MUB) Málþærni ungra barna

Þóra Másdóttir, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

(MUB) er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum tveggja og þriggja ára sem þróað hefur verið til greiningar á börnum þegar skimun eða önnur atriði benda til að málþroski sé ekki með eðlilegum hætti. MUB samanstendur af tveim prófhlutum sem meta skilning og tjáningu, auk heildartölu. Farið verður yfir uppbyggingu prófsins og þróun þess.

Athugun á réttmæti Málþærni Ungra Barna (MUB) með tilliti til tengsla þess við WPPSI-R^{IS}

Íris Wigelund Pétursdóttir, Meistaraniemi Hvs. HÍ

Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun

Þóra Másdóttir, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar þar sem könnuð voru tengsl málþærni ungra barna (MUB) við einn af mállegu og einn af verklegu prófhlutum *WPPSI-R^{IS}*. Rannsóknin er liður í mati á réttmæti MUB og lýtur þessi rannsókn að tengslum þess við mat á ólíkum færnisviðum. Niðurstöður benda til að MUB tengist mállegri færni betur en

annarskonar færni. Fjallað verður um mikilvægi niðurstaðnanna fyrir mat á réttmæti MUB.

Athugun á réttmæti Málfærni Ungra Barna (MUB) með tilliti til tengsla þess við BRIGANCE þroskaskimunina.

Gerður Guðjónsdóttir, meistaraniemi Hvs. HÍ
Þóra Másdóttir, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar þar sem könnuð voru tengsl málfærni ungra barna (MUB) við þá prófhluta *BRIGANCE* sem leggja mat á málþroska og hreyfiþroska. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna réttmæti MUB með samanburði við aðrar mælingar á málþroska ásamt óskyldum hugsmíðum. Niðurstöður styrkja það að MUB meti málfærni ungra barna. Fjallað verður um mikilvægi niðurstaðnanna fyrir mat á réttmæti MUB.

Athugun á réttmæti Málfærni Ungra Barna (MUB) með tilliti til tengsla þess við Reynell málþroskaþrófið.

Guðný Björk Atladóttir, meistaraniemi Hvs. HÍ
Þóra Másdóttir, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar þar sem könnuð voru tengsl *Málfærni Ungra Barna (MUB)* við Reynell málþroskaþrófið. Litið er á viðfangsefnið út frá þeim sjónarhóli að bæði prófin meta málþroska. Fjallað verður um mikilvægi niðurstaðnanna fyrir mat á réttmæti MUB.

Athugun á endurprófunaráreiðanleika MUB málþroskaþrófsins

Bylgja Björk Pálsdóttir, nemi Hvs. HÍ
Gerður Guðjónsdóttir, Námsmatsstofnun
Íris Wigelund Pétursdóttir, meistaraniemi Hvs. HÍ
Þóra Másdóttir, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnu.

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar á áreiðanleika *Málfærni Ungra Barna (MUB)*. Stuðst verður við gögn úr stöðlunarúrtaki og réttmætisrannsóknum til að kanna innri áreiðanleika og endurprófunaráreiðanleika MUB.

Samatekt um rannsóknir á réttmæti Málfærni Ungra Barna (MUB)

Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun

Dregnar verða saman niðurstöður þeirra rannsókna á réttmæti *Málfærni Ungra Barna (MUB)* sem þegar liggja fyrir. Um er að ræða rannsóknir á tengslum MUB við WPPSI-R^{IS}, hluta af *BRIGANCE* þroskaskimuninni, Smábarnalistans og Reynell málþroskaþrófsins. Á heildina litið styðja þau gögn sem fyrir liggja það að niðurstöður MUB endurspegli málþroska og geti því nýst við greiningu á málþroskafrávikum.

Stofa: H-001

13:00 til 14:30

Forspárgildi málþroskamælinga: Samantekt á 15 ára langtímarannsókn um málþroskamælingar, HLJÓM-2, tengsl við fræðin og vettvang

Skimunarpróf fyrir leikskólakennara til hvers?

Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent Mvs. og Hvs. HÍ

Hönnun skimunarprófsins byggði á sex ára rannsóknum um málþroska og málvitund s ára barna og tengsl við lestrarnám síðar. HLJÓM-2 skimunarprófið hefur verið vinsælt meðal leikskólakennara. Um 1100 leikskólakennarar hafa sótt námskeið og fengið réttindi til að leggja prófið fyrir. Í upphafi fvar ráðgert að hanna próf sem gæti fundið börn sem væru líkleg til að að eiga í erfiðleikum með að læra að lesa. Hugmyndin var sú að með því að finna þessi börn hægt að vinna fyrirbyggjandi starf í leikskólum með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi, og jafnvel að koma í veg fyrir lestrarerfiðleika. Markmið með hönnun prófsins sem voru sett fram í upphafi rannsóknarinnar stóðust að því leyti að prófið finnur börn sem eru í áhættuhópi, en spurning er hins vegar hvort árangur íhlutunar hafi staðist væntingar.

Í erindinu verður fjallað um erlendar og innlendar rannsóknir um snemmtæka íhlutun í leikskóla og fyrirbyggjandi starf varðandi lestrarerfiðleika. Velt verður upp spurningum um hvernig til hefur tekist með skimunarprófið HLJÓM-2 í leikskólum landsins og athugað hvað hefur tekist vel og hvað hefði mátt betur fara.

Forspárgildi HLJÓM-2 um líðan í grunnskóla

Amalía Björnsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í erindinu verður því velt upp hvort kunnátta í hljóðkerfisvitund við upphaf grunnskólagöngu *tengist upplifun þátttakenda af henni*. Auk þess verða könnuð tengsl við mat þátttakenda á getu í lestri og stafsetningu og þess hvort þeir hafa verið greindir með einhverja þætti sem hamla þeim í námi.

Ítrekað hefur verið sýnt fram á tengsl milli hljóðkerfisvitundar og hvernig börnum gengur að læra að lesa. Í langtímarannsókn þar sem haft var samband við einstaklinga sem höfðu tekið þátt í rannsókn á málþroska í leikskóla fyrir 13 eða 14 árum fundust sterk tengsl á milli mælinga á hljóðkerfisvitund með HLJÓM-2 og árangurs á samræmdum prófum í grunnskóla.

Niðurstöður mælinga úr leikskóla voru einnig bornar saman við svör þátttakenda við spurningalista. Þátttakendur sem náðu góðum árangri á HLJÓM-2 tóku frekar þátt í síðari hluta rannsóknarinnar t.d. svöruðu 64% þeirra sem höfðu sýnt slakan árangur en 92% þeirra sem góðum árangri á HLJÓM-2. Þátttakendur sem skoruðu lágt á HLJÓM-2

fannst grunnskólaganga ekki eins ánægjuleg og þeim fannst námið erfiðara en hinum sem betur gekk á HLJÓM-2. Þeir sem skoruðu lágt eru líklegri til að hafa verið greindir með einhverja örðugleika sem há þeim í nám en þeir sem stóðu betur á HLJÓM-2.

Samvinna milli skólastiga og gildi forspármælinga

Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingur og M.Ed í sérkennslu

Rannsóknir sýna sterk tengsl milli þeirra málþroskaþátta sem kannaðir eru með HLJÓM-2 og síðari lestrar- og námsárangurs. Þegar vísbendingar um þroskafrávik hafa komið í ljós samkvæmt niðurstöðum á HLJÓM-2 hafa leikskólakennarar yfirleitt lagt sig fram um að sinna mismunandi þörfum nemandi sinna. Það er ljóst að þegar þessir nemendur flytjast yfir í grunnskólann er afar mikilvægt að því fyrirbyggjandi starfi sem farið hefur fram í leikskólum sé sinnt áfram. Misbrestur virðist vera á samvinnu og samþættingu þegar kemur að flutningi nemanda á milli skólastiga þótt það virðist vera mismunandi eftir bæjarfélögum.

Mikil umræða hefur verið að undanförunu um brottfall nemanda og slakt námsgengi í framhaldsskóla. Milli 30-40% nemenda ljúka engu starfstengdu námi. Fræðimenn eru almennt sammála um sérstakt mikilvægi fyrstu námsára í grunnskóla fyrir námsáangur og líðan í skóla. Er ein af ástæðunum fyrir óförum að nemendur í áhættuhópi fá ekki eins markvissa íhlutun og stuðning í grunnskóla og áður í leikskóla, þótt upplýsingar fylgi um þörf á stuðningi? Eða er um að kenna misbresti á upplýsingastreymi? Eða kunna kennarar yngstu nemenda grunnskólans ekki að túlka niðurstöður frá leikskólunum þannig að þeir geti nýtt sér þær markvisst nemendum til framdráttar? Þessum spurningum og fleirum verður velt upp í erindinu svo og gildi forspármælinga í þessu samhengi.

Stofa: H-001

15:00 til 16:30

Jafningjaleiðsögn í ritveru, rannsóknarstarf á vettvangi

Vandinn sem höfundar lokaverkefna vilja ræða í ritverinu

Baldur Sigurðsson, dósent Mvs. HÍ

Ritver Menntavísindasviðs var stofnað í lok árs 2009. Stúdentar geta pantað viðtalsfundi um verkefni sín á öllum stigum námsins og fengið ráð. Athugað var hvaða vandamál 120 höfundar bakkalár- og meistaraverkefna vildu ræða í ritverinu, byggt á færslum í gestabók ritvers þar sem viðfangsefni hvers fundar eru skráð jafn óðum. Þessi vandamál endurspeglu ekki aðeins það sem mætti gera betur í verkefnunum heldur endurspeglu þau einnig þær hugmyndir sem höfundar hafa um sjálfa sig, um vandann við að skrifa og hjálpa sem þeir búast við að fá.

Við komumst að því að þorri höfunda leitaði til ritvers með vandamál tengd síðustu skrefum ritunarferlisins, skráningu heimilda, útliti og frágangi texta, en lítið var spurt um orðalag eða stafsetningu. Allmargir, sem leituðu til ritvers á fyrri stigum ferlisins með spurningar um rannsóknarspurningar, efnisskipan og flæði í lesmálinu, komu gjarnan aftur, jafnvel nokkrum sinnum.

Rætt verður hvað þessar niðurstöður segja okkur um hugmyndir stúdenta um sjálfa sig sem höfunda og um vandann við að skrifa. Rætt verður hvaða áhrif ritunarkennsla og ritmenning í íslenskum skólum gæti haft á þessar niðurstöður og hvort unnt sé að leita skýringa í menningarbundnum hugmyndum í samfélaginu.

Við erum öll að læra - Gagnvirk áhrif af jafningjaleiðsögn í ritveri á höfund og leiðbeinanda

Arndís Jónasdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ

Jóhanna G. Ólafsson, meistaranemi Mvs. HÍ

Jafningjaleiðsögn í ritveri felst í samræðu. Í ritveri Menntavísindasvið starfa stúdentar sem jafnframt eru í námi á meistarastigi og hafa lokið námskeiðinu *Leiðbeint um fræðileg skrif*. Jafningjaleiðsögn er að því leyti frábrugðin leiðsögn kennara að jafnræði er með aðilum samræðunnar. Höfundurinn veit yfirleitt meira um efnið en leiðbeinandinn en leiðbeinandinn hefur fengið þjálfun í að leika hlutverk hins góða og gagnrýna lesanda. Hann getur einungis gefið ráð, ekki fyrirskipanir og hann getur ekki fellt dóma.

Höfundur sem kemur í ritver ber ábyrgð á verkefni sínu. Hann kemur með þau vandamál, sem hann telur brýnust og einungis þau eru rædd. Í samræðunni gerir höfundur sér betur grein fyrir því hvernig hann getur komið þekkingu sinni á framfæri, en ráðgjafinn fær jafnframt innsýn í margvísleg fræðasvið og gerir sér sjálfur betur grein fyrir eigin skrifum. Ráðgjafar í ritverinu eru sammála um að starfið efli þá og geri að betri námsmönnum, þeir öðlast betri sýn á eigin skrif, eiga auðveldara með að skoða þau á gagnrýninn hátt og meta hvað þarf að laga. Báðir hafa því hag af jafningjaleiðsögninni auk þess sem kennarar fá til sín betri verkefni.

Þegar allt er komið í kring: Yfirlestur lokaverkefna á háskólastigi

Helga Birgisdóttir, doktorsnemi Hug. HÍ

Háskólagráða er í flestum tilvikum staðfesting þess að stúdent hafi lokið námi með allviðamiklu sjálfstæðu verkefni. Margir stúdentar nýta sér þá þjónustu að láta lesa próförk að lokaverkefninu þegar allt á að vera komið í kring, láta lagfæra málfar, stafsetningu og formsatriði við skráningu heimilda. Oft kemur í ljós að verkefnið á lengra í land en svo og stundum er farið fram á mun meiri þjónustu en þá sem nefnd er hér að ofan. Hvað á samviskusamur yfirlesari þá að gera?

Hér verður rætt um helstu einkenni þeirra verkefna sem yfirlesari hefur fengið inn á borð til sín, sem og þau vandamál og áskoranir sem hann hefur rekist á í starfi sínu fyrir

stúdenta í allmörgum deildum Háskóla Íslands. Fjallað verður um hin mörgu hlutverk prófarkalesarans sem kemur að verkefninu á viðkvæmu stigi, og þá verður um leið rætt um ábyrgð höfundar á eigin verki. Hvar á að draga mörkin? Hverjar eru væntingar stúdentins og hverju lofar prófarkalesarinn?

Útgáforeglur APA: Ból eða blessun?

Sigrún Tómasdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ

Eitt algengasta vandamálið sem stúdentar þurfa aðstoð við í ritverinu er skráning og meðferð heimilda. Á Menntavísindasviði er ætlast til að fylgt sé útgáforeglum samtaka bandarískra sálfræðinga (APA) en mörgum reynast þær erfiður ljár í þúfu. Nákvæmar og smásmugulegar reglurnar eru miðaðar við þarfir bandarískra fræðimanna sem skrifa í ritrýnd tímarit og nota viðurkenndar fræðilegar heimildir en ekki íslenska stúdenta sem nota aðrar heimildir og oft léttvægari.

Í erindinu verður rætt um algengustu spurningar, vangaveltur og vandræði nemenda sem leita til ritvers vegna APA-kerfisins, bæði varðandi skráningu heimilda og heimildaval. Fjallað verður um viðhorf nemenda til samræmdrar heimildaskráningar og heimildaleitar. Til grundvallar umræðunni er reynsla af fyrirspurnum stúdenta í ritverinu undanfarin tvö misseri. Á miðju tímabilinu var opnaður íslenskur leiðbeiningavefur um útgáforeglur APA. Verður stuttlega gerð grein fyrir hvernig hann hefur haft áhrif.

Stofa: H-101

10:30 til 12:00

Rannsóknir og störf með ólíkum hópum Rannsóknarstofa í þroskaþjálfrafræðum

Hvað gera þroskaþjálfar?

Berglind Bergsveinsdóttir, MA

Vilborg Jóhannsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum meistaraprófsrannsóknar er beinir sjónum að stöðu fagstéttar þroskaþjálfra í ljósi samfélagslegrar þróunar í málefnum fatlaðs fólks. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa sýn á kjarna sérfræðipækkingar þroskaþjálfra, skoða hvaða faglegu tæki þeir nýta í störfum sínum og helstu sóknarfæri fagstéttarinnar og horft til framtíðar. Um er að ræða eigindlega rannsókn sem byggir á opnum viðtölum við nýu þroskaþjálfra. Viðmælendur starfa allir á vettvangi málefna fatlaðs fólks og hafa fimm ára starfsreynslu eða meira. Jafnframt hafa þeir lokið námi á ólíkum tímum og starfa jafnt á barna- og fullorðinssviði. Niðurstöður sýna m.a. að hægt er að horfa á kjarnann í sérþekkingu þroskaþjálfra út frá þremur þáttum, en þeir eru: 1) þekking á málefnum fatlaðs fólks, 2) þær aðferðir sem þeir styðjast við í starfi sínu og, 3) nálgun þeirra sem einkennist af virðingu fyrir mannréttindum. Sýn þroskaþjálfra til framtíðar

mótast af nýjum áherslum í málefnum fatlaðs fólks, auk þess sem þeir horfa til annarra hópa í samfélaginu þar sem sérþekking þeirra og hæfni getur nýst vel.

Sýn útskriftanema: Þróunarverkefni, starfsvettvangur og sóknarfæri

Vilborg Jóhannsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður kastljósinu beint að samofnu námi fræða og vettvangs á lokamissari í þriggja ára námi í þroskaþjálfingum til BA-gráðu. Áhersla verður lögð á að kynna stöðu, þróun og helstu sóknarfæri þeirra námskeiða sem hér eru lögð til grundvallar, þ.e. *námskeiðin fagmennska og mannréttindi; nýjar áherslur í þjónustu og vettvangsnámi; heildræn þjónusta*. Sú samfella sem þessi námskeið grundvallast á skapar nemendum tækifæri til dýpkunar á völdu sviði og breiðum starfsvettvangi. Í þessu samhengi vinna nemendur í vinnuteymum út frá völdu sviði að verkefnum og öðrum úrlausnarefnum. Með því að vinna saman að verkefnum festa nemendur í sessi jákvæð hugmyndafræðileg gildi, s.s. dýpri skilning á fötlun og afleiðingum hennar, og á hugmyndafræði mannréttinda um sjálfstætt líf. Einnig öðlast þeir víðtæka sérþekkingu faggreinarinnar og á eigin starfskenningu. Jafnframt því dýpka nemendur þekkingu sína og efla hæfni á því starfssviði sem þeir hafa valið. Meginviðfangsefni vinnuteymanna er að leggja grunn að þróunaráætlun og innleiðingu hennar á viðkomandi sviði. Fjallað verður um þessi verkefni frá s.l. skólaári út frá sjónarhorni nemenda með tilliti til þeirra vísbendinga sem þar eru að finna um gæði námskeiðanna og námsins í heild. Einnig verður fjallað um hvernig þau endurspeglar sýn nemenda á eigið starfshlutverk og stöðu mála á væntanlegum starfsvettvangi sem og hvernig þeir styðja tillögur sínar til úrbóta með fræðilegum rökum. Byggt er á greiningu verkefnanna í ljósi hæfniviðmiða námskeiðanna og námsbrautarinnar og á rýnihópaviðtölum við fulltrúa úr fyrrnefndum vinnuteymum.

Farsæl öldrun

Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor Mvs. HÍ

Aldur í árum er viðmið sem löggjafinn setur og eru þeir skilgreindir aldraðir sem orðnir eru 67 ára. Á Íslandi sem og í öðrum vestrænum löndum hefur öldruðum farið ört fjölgandi og eftir 50 ár er talið að um 20% þjóðarinnar verði 67 ára eða eldri. Hópur aldraðra er langt frá því að vera einsleitur. Þar má finna fólk sem er enn í fullu fjöri og hefur margt fram að færa til samfélagsins en einnig fólk sem er orðið lítt sjálfbjarga og þarf mikla aðstoð. Öldrun og aldraðir eru ekki lengur eingöngu skjólstæðingar heilbrigðiskerfisins; ný lög og reglugerðir, aðild að alþjóðasamþykktum og breytt hugmyndafræði opna dyrnar fyrir nýjar fagstéttir. Í nýrri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara er lagt til að horfið verði frá því að aðgreina fólk og þjónustu við það eftir aldri, sjúkdómum, fötlun eða öðrum skilmerkjum, heldur eigi þjónusta og stuðningur að taka mið af þörfum hvers og eins, en það er einmitt sú áhersla sem verið hefur í námi þroskaþjálfara. Fjallað verður um þessar sameiginlegu áherslur vettvangs og náms og gerð grein fyrir könnun sem stendur yfir þar sem tekin eru viðtöl við þroskaþjálfara sem starfa innan málaflokks aldraðra. Einnig eru skoðuð nokkur

lokaverkefni nemenda (BA., MA. og M.Ed.) sem varpað geta ljósi á viðfangsefnið, ásamt því að skoða sóknarfæri að bættri þjónustu við aldraða.

Frá hugmynd til framkvæmdar - Lífssaga í máli og myndum

Anna Elín Svavarsdóttir, ljósmyndari og þroskaþjálfari

Lífssögurannsóknir hafa á undanförunum árum verið töluvert notaðar sem grundvöllur í starfi með fötluðu fólki, öldruðum og ýmsum öðrum jaðarhópum. Haustið 2011 stofnaði Anna Elín Svavarsdóttir ljósmyndari og þroskaþjálfari fyrirtækið Lífssögu. Starfsemi Lífssögu felst í að útbúa Lífssögubækur sem eru vandaðar bækur um fólk í máli og myndum sem varðveita minningar og dýrmæt augnablik úr lífi þess sem bókin fjallar um. Bækurnar eru einnig aðgengilegar á rafrænu formi. Í erindinu verður aðdragandi verkefnisins rakinn en Anna Elín kynntist aðferð lífssögunnar í námi sínu í þroskaþjálfarafræðum og uppgötvaði mikilvægi hennar fyrir fólk á öllum aldri sem hefur skerðingar af einhverju tagi. Enn fremur verður fjallað um áhrifamátt lífssögunnar í minningavinnu með eldra fólki sem hefur tapað minni en lífssögubækur hafa reynst góð leið til auka lífsgæði þess hóps. Verkefnið hlaut nýsköpunarstyrk frá Atvinnusjóði kvenna til að kynna og þróa verkefnið áfram.

Stofa H-101

13:00-14:30

Samvinnurannsóknir og fólk með þroskahömlun Rannsóknarstofa í þroskaþjálfarafræðum

Samvinnurannsóknir í háskólakennslu

Guðrún V. Stefánsdóttir dósent Menntavísindasvið

Samvinnurannsóknir eiga rætur sínar að rekja til umræðu og gagnrýni femínista á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar á hinar akademísku hefðir og vinnubrögð þar sem áhersla var lögð á fræðilegt hlutleysi. Þessi hefðbundna afstaða til fræðanna hefur að margra mati leitt til ósýnileika kvenna og jaðarhópa í rannsóknum, viðhaldið úreltum staðalmyndum og afbakað reynslu þessara hópa (sjá t.d. Johnson og Walmsley, 2003). Samvinnurannsóknir urðu til í þessum farvegi en eitt af því sem einkennir slíkar rannsóknir er áhersla á jafnræði milli rannskanda og þátttakenda og að rannsóknir styrki almennt bæði þátttakendur og rannsækendur. Aðferðir samvinnurannsókna hafa meðal annars verið þróaðar í rannsóknum með fötluðu fólki. Árið 2007 hófst starfstengt diplómunám við þáverandi Kennaraháskóla Íslands, nú Menntavísindasvið. Eitt af námskeiðum sem nemendur hafa sótt í námi sínu ber yfirskriftina fötlunarfræði. Námskeiðið er einnig skyldunámskeið í þroskaþjálfanámi. Námsmat í námskeiðinu byggir á samvinnurannsókn sem nemendur í diplómanámi og þroskaþjálfanámi vinna saman á vettvangi. Í erindinu verður fjallað um þessa aðferð og hvernig má nýta hana í

háskólakennslu og tengja vettvangi. Þá verður sagt frá nokkrum dæmum úr námskeiðinu fötlunarfræði og með hvaða hætti fatlaðir og ófatlaðir nemendur hafa unnið saman í slíkum rannsóknum. Auk þess verður varpað fram spurningum eins og með hvaða hætti nýtast slíkar rannsóknir á vettvangi fatlaðs fólks og fyrir hverja eru þær.

Í fullorðinshlutverkum

Lilja Össurardóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Í rannsókninni verður greint frá eigindlegri langtímarannsókn með litlum hópi kvenna með þroskahömlun. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á skilning kvenna með þroskahömlun á hugmyndum um fullorðinsár og þau hlutverk sem þeim fylgja. Fyrsta hluta þessarar rannsóknar lauk árið 2010 og voru stúlkurnar þá á aldrinum 17-25 ára og kom í ljós að staða ungs fólks með þroskahömlun í samfélaginu er ólík stöðu ófatlaðra jafnaldra þeirra. Þær eyddu talsverðum tíma í sérúrræðum tengdum skóla, tómstundum, íþróttastarfi, búsetu og atvinnutækifærum. Ungu konurnar höfðu á þeim tíma sömu sýn á fullorðinshlutverkið og almennt er viðurkennt í samfélaginu nema þegar að þeim sjálfum sneri. Nú þremur árum seinna voru viðtöl tekin við lykilþátttakendur til að athuga hvernig þeim hefur gengið að fóta sig í þessum fullorðinshlutverkum og hvernig samfélagið styður þær eða hindrar til þess. Einnig verður greint frá því hvernig sýn þeirra á sitt líf og samfélagsþátttöku hefur breyst.

Heilsa og sjálfræði karla með þroskahömlun Telma Kjaran, doktorsnemi Mvs. HÍ

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er mikilvægt að allir öðlist jöfn tækifæri þegar kemur að forvarnarstarfi. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt fatlaðs fólks frá árinu 2007 kemur fram að mannréttindi fatlaðs fólks skulu að fullu viðurkennd og þar með talinn réttur þeirra til viðeigandi fræðslu og stuðnings, ásamt rétti þeirra til að njóta góðrar heilsu án mismunar vegna fötlunar. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að kanna heilsuvitund og heilsuhegðun karla með þroskahömlun ásamt því að fá innsýn í það hvernig þeir upplifa og túlka sjálfræði sitt í tengslum við þessa þætti. Einnig er skoðað með hvaða hætti ólíkir menningarbundnir og félagslegir þættir eins og aldur, félagsleg staða og fötlun samtvinna við reynslu þeirra og upplifun. Sjónum er auk þess beint að almennu forvarnarstarfi og heilsueflandi aðgerðum og hvort karlarnir upplifi sig þar sem þátttakendur. Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferðafræði og voru tekin einstaklingsviðtöl við karla með þroskahömlun á aldrinum 25-60 ára. Helstu niðurstöður voru að þegar karlarnir upplifa heilsubresti fá þeir litla aðstoð og ráðgjöf til að breyta lífsstíl sínum. Almenn úrræði sem í boði eru nýtast þeim takmarkað. Viðmælendur virðast þó þekkja til þeirrar sjúkdómsgreiningar sem þeir hljóta en síður að þeir átti sig á að það sé einnig í þeirra höndum að viðhalda heilsunni með ákveðnum lífsstílsbreytingum.

Samvinnurannsóknir með fólki með þroskahömlun- tengsl vettvangs og rannsókna

Anna Björk Sverrisdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Í erindinu verður fjallað um aðferðarfræði forrannsóknar, á upplifun nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólagöngu sinni og gert grein fyrir helstu niðurstöðum hennar. Forrannsóknin var eigindleg lífssögurannsókn og að hluta til samvinnurannsókn. Walmsley og Johnson (2003) skilgreina samvinnurannsókn meðal annars á þá leið að slíkri rannsókn sé ætlað að fjalla um þá þætti sem skipta fólki með þroskahömlun máli og komi til með að leiða til jákvæðra breytinga í lífi þess. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í upplifun ungs fólks með þroskahömlun af framhaldsskólagöngu sinni með það að markmiði að varpa ljósi á þá þætti sem þau telja skipta mestu máli á þessum árum með tilliti til náms og félagslegrar þátttöku. Gildi rannsóknarinnar fólst einna helst í því að lögð var áhersla á upplifun fólks með þroskahömlun og sjónum beint að þeim þáttum sem þeim þykja hvað mikilvægastir og vilja jafnvel að rannsakaðir verði frekar. Með því að vekja athygli á því hvað ungt fólk með þroskahömlun vill láta rannsaka má áætla að ávinningur slíkra rannsókna verði meiri og markvissari en þegar rannsókn byggir á hugmyndum ófatlaðs rannsakanda.

Stofa: H-101

15:00 til 16:30

Rannsóknir og störf með fötluðum börnum Rannsóknarstofa í þroskaþjálfrafræðum

Siðfræði í starfi með börnum

Ástríður Stefánsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Á undanförunum áratugum hefur afstaða til barna í samfélaginu, stöðu þeirra og hlutverk breyst. Mun algengara er nú að gera ráð fyrir börnum sem fullgildum þátttakendum á eigin forsendum í stað þess að líta á þau sem verðandi fullorðið fólk á forræði annarra. Sér þessu stað til dæmis í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Mikilvægt er talið í dag að rödd barna og viðhorf þeirra heyrast í öllu starfi með þeim og sjálfsagt þykir að þau hafi áhrif til að móta umhverfi sitt og aðstæður. Í þessu erindi verður fjallað aðeins um þessa hugmyndafræði en sérstaklega rætt hvernig þessar áherslur hafa haft áhrif á þátttöku barna í rannsóknum. Jafnframt verður fjallað um siðferðilegar áskoranir í tengslum við rannsóknir með börnum og hvernig þessi þróun hefur haft áhrif á siðareglur og sáttmála sem við erum aðilar að í tengslum við rannsóknir á börnum.

Hvar eru vinirnir?

Könnun á félagslegum samskiptum og líðan heyrnarlausra og heyrnarskertra barna

Margrét Ólafsdóttir, adjunkt Mvs. HÍ

Vinir og félagar skipa stóran sess í lífi hvernar manneskju og stuðla að vellíðan og heilbrigði og skiptir miklu fyrir þroska barna að eiga að minnsta kosti einn góðan vin. Börnum gengur hins vegar misvel að eignast vini og halda í þá og eru sum félagslega einangruð. Það er því miður oft hlutskipti barna sem tilheyra minnihluta hópum. Heyrnarlaus og heyrnarskert börn eru í sérstökum áhættuhópi, flest eiga þau fáa eða enga jafnaldra sem eru heyrnarskert og eiga ekki auðvelt með að eignast heyrandi vini nema þeir tali táknmál. Heyrnarskert og heyrnarlaus börn sóttu um áratuga skeið nám í sérskóla en árið 2002 var skóli þeirra sameinaður Hlíðaskóla. Einn megin hvatinn að sameiningunni var að freista þess að rjúfa félagslega einangrun og bæta vinatengsl barnanna, bæði innbyrðis og við heyrandi skólafélaga. Stefnt er að því að kanna félagslega stöðu barnanna rúmum áratug eftir sameininguna. Vonast er til þess að niðurstöður megi nýta til að efla félagsleg samskipti og bæta vinatengsl heyrandi og heyrnarlausra barna og að niðurstöður nýtist einnig til að efla og dýpka vinatengsl milli heyrnarlausra barna í skólanum.

Gæti góð þjónusta verið betri?

Tilviksrannsókn á þjónustu við ung fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Jóna G. Ingólfssdóttir, adjunkt Mvs. HÍ og doktorsnemi Fvs. HÍ

Í erindinu er greint frá tilviksrannsókn í bæjarfélagi hér á landi þar sem vel hefur þótt takast til í þjónustu við ung fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Hugmyndafræðin um fjölskyldumiðaða snemmtæka íhlutun hefur verið notuð þar sem fyrirmynd að skipulagi þjónustunnar. Fjölskyldumiðuð snemmtæk íhlutun byggir á þeirri sýn að hagsmunir barns og fjölskyldu séu samtvinnaðir og að mikilvægt sé að takast á við þarfir fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra svo fljótt sem auðið er. Skipuleggjendur velferðarþjónustu viðkomandi bæjarfélags völdu leikskólann og fjölskyldurnar sem rannsóknin beinist að. Gagnaöflun var fjölbreytt. Talað var við foreldra tveggja fatlaðra barna í leikskólanum, leikskólakennara, ýmsa þjónustuaðila, gerðar vettvangsathuganir og teymisfundir setnir. Þá voru lagaleg og starfstengd gögn greind með tilliti til ofangreindrar hugmyndafræði. Niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar ásamt því að rætt verður hvernig þær geti nýst til frekari þróunar á skipulagi þjónustu og starfsaðferðum þegar ung fötluð börn eiga í hlut.

„Narratív“ nálgun í starfi með börnum og unglíngum í félags- og tilfinningalegum vanda.

Kristín Lilliendahl, adjunkt Mvs. HÍ

Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig frásagnarnálgun eða „narratívur“ geta nýst fagfólki í uppeldis- og skólastarfi í stuðningi við börn og unglínga. Fjallað verður um skilgreiningar fræðimanna á því hvað í narratívi nálgun felst, gerð grein fyrir rannsóknum á gildi hennar og aðferðum við að beita henni í almennu uppeldis- og ráðgjafarstarfi á sviði félagsþjónustu og skólastarfs. Þá verður velt upp spurningum um siðferðileg atriði tengd notkun nálgunar af þessu tagi, stöðu fagfólks og hlutverk. Einnig

verða gefin dæmi um hvernig nálgunin hefur verið þróuð í meðferðarstarfi með börnum og fjölskyldum þeirra hér á landi.

Stofa: H-201

13:00 til 14:30

Birtingarmyndir kynja

Jafnrétti til sjávar og sveita. Búseta og jafnréttisviðhorf unglinga.

Andrea Hjálmsdóttir lektor HA

Kjartan Ólafsson, lektor HA

Þrátt fyrir að á Íslandi sé jafnrétti kynjanna hvað varðar efnahag, menntun, heilbrigði og pólitíska stöðu með því besta sem gerist í heiminum má greina merki um stöðnun eða jafnvel bakslag í jafnréttismálum í íslensku þjóðfélagi. Atvinnuþátttaka kvenna er ein sú mesta í heiminum en samt sem áður sýna rannsóknir fram á tiltölulega stöðugan launamun kynjanna, konum í óhag, og lágt hlutfall kvenna er í valdastöðum í samfélaginu. Þá er ábyrgð og vinnuskylda á heimilum frekar á herðum kvenna en karla. Það heyrir þó jafnan að jafnrétti sé handan við hornið og muni nást að fullu með innkomu nýrra kynslóða í hið opinbera líf. Þvert á þessa orðræðu hafa nýlegar rannsóknir leitt í ljós að viðhorf íslenskra unglinga til jafnréttismála eru íhaldssamari en eldri kynslóða, auk þess sem unglingar aðhyllast íhaldssamari viðhorf til verkaskiptingar á heimlinum en áður. Hér verður greint frá niðurstöðum nýjustu rannsókna er varða viðhorf 10. bekinga til jafnréttis og verkaskiptingar kynjanna með tilliti til búsetu unglिंगanna. Niðurstöðurnar sýna að búseta virðist hafa áhrif á viðhorf til jafnréttis og í þessu erindi verður þeim áhrifum velt upp.

Hugmyndir leikskólabarna um kynjajafnrétti í ævintýrum.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor HA

Í samspili við umhverfið mótar einstaklingurinn hugmyndir sínar um það hver hann er og til hvers er ætlast af honum. Sjálfsmyndin verður til og með henni ákveðnar hugmyndir um getu og tækifæri sem og annmarka og hindranir. Það er margt sem mótar hugmyndir um kynhlutverk og kyngervi og mikilvægt að horfa gagnrýnum augum á þær fyrirmyndir og skilaboð sem börnum er boðið upp á og hvaða áhrif þessir þættir geta haft á börnin og sjálfsmynd þeirra.

Í erindinu er greint frá niðurstöðum úr rýnihópaviðtölum við fjögurra ára börn um valin ævintýri þar sem kynjahlutverk eru megin viðfangsefnið. Rýnt er í hugmyndir barna um möguleika og takmarkanir hvors kyns fyrir sig í samspili ævintýrapersóna við raunveruleikann. Gerð er tilraun til að varpa ljósi á hverjar jafnréttis- og

kynjahugmyndir leikskólabarna eru og þá um leið hvar liggi tækifæri til markvissrar jafnréttisfræðslu í leikskólum.

Kynjasögur

Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Mvs. HÍ
Þórdís Þórðardóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á upplifun kennaranema á sérstöðu kynjanna. Rannsóknin er önnur tveggja sem RannKyn, Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun, hefur forgöngu um. Markmiðið er að athuga reynslu kennaranema af kyngervismótun með því að beina athyglinni að fyrstu minningum þeirra um kyngervi sitt. Gagna var aflað meðal kennaranema á fyrsta ári við Menntavísindasvið HÍ haustið 2012. Nemarnir voru beðnir að greina frá fyrstu minningu sinni af því að vera meðvitaðir um kyn sitt sem drengir eða stúlkur. Nemendur skiluðu 105 örsögum um þessa reynslu sína af vettvangi skólans, úr íþróttastarfi, fjölskyldulífi og úr félagahópi. Niðurstöður benda til þess að stór hluti nemenda hafi sætt umtalsverðum félagslegum þrýstingi frá kennurum, foreldrum og vinum um að hegða sér með tilteknum hætti sem talinn var samræmast þeirra kyni. Frásagnir þeirra sýna jafnframt að skilaboðin sem þeir fengu hvíldu mörg á eðlishyggjuhugmyndum og staðalmyndum um kynin. Höfundar telja mikilvægt að nýta niðurstöður við framgang kynjajafnréttis í kennaranámi svo sem við hönnun námskeiða um kynjajafnrétti í mismunandi greinum.

Er kynjamunur í lestrarfærni nemenda á fyrstu stigum grunnskóla?

Halldóra Haraldsdóttir, dósent HA

Nokkur umræða hefur skapast á undanförunum misserum um kynjamun í lestri og lesskilningi nemenda í íslenskum grunnskólum í kjölfar niðurstaðna PISA-rannsókna. Minna hefur farið fyrir rannsóknum um mun á árangri milli kynja í læsi yngri barna. Frá árinu 2005 hefur árangur nemenda í fyrsta og öðrum bekk, sem hafa fengið kennslu samkvæmt lestrarkennsluaðferðinni Byrjendalæsi, verið metinn með skimunarprófinu Læsi. Í rannsókn sem tengist aðferðinni var leitast við að greina aðra þætti úr niðurstöðum prófanna en venja ber til; skoðaður var munur á árangri milli kynja og breytileiki og stöðugleiki í árangri skóla.

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum sem lutu að kynjamun í 1. og 2. bekk. Skoðaðar voru niðurstöður um 17 þúsund prófa sem safnað var meðal nemenda í 44 grunnskólum. Horft var á meðaltalsárangur og dreifingu á einstökum prófum. Niðurstaðan leiddi í ljós að kynferði skýrir aðeins um eitt til þrjú prósent af breytileika í lestrarfærni nemenda á fyrstu tveimur árum grunnskólans. Sá munur sem kemur fram meðal eldri nemenda í öðrum rannsóknum virðist því ekki vera til staðar hjá nemendum við upphaf grunnskóla.

Stofa: H-201

15:00 til 16:30

Grunnþættir menntunar

Trú kennara á eigin getu við að stuðla að sjálfbærnimenntun

Auður Pálsdóttir aðjunkt, Mvs. HÍ,
Ragnar F. Ólafsson námsmatsstofnun
Allyson Macdonald, prófessor Mvs. HÍ

SamGETA er rannsóknarverkefni unnið af hópi fólks af Menntavísindasviði og Námsmatsstofnun og snýst um trú kennara á eigin getu við að vinna með ný námssvið eins og sjálfbærni. Byggt var á svörum 161 kennara í 12 skólum í könnun sem fram fór í október 2012. Könnunin ber heitið trú kennara á getu samstarfshópsins til að takast á hendur ný viðfangsefni. Fjölvíddagreining (Multidimensional scaling - MDS) sem gerð var á grunni meðaltala hvers skóla á einstökum spurningum leiddi í ljós tvær víddir sem greina á milli skólana. Einnig voru greindir klasar skóla með klasagreiningu (Hierarchical cluster analysis - HCA). Sambærileg greining var gerð á upplýsingum um einstaka svarendur. Þá var rýnt í niðurstöður úr vinnu um náttúrufræðimenntun (Macdonald, 2009) sem benti til að kennarar skipuðu sér í klasa eftir því hvernig þeir upplifðu hvatningu og eigin getu sem einstaklingar og sem hluti af stærri hópi kennara.

Niðurstöður benda til þess að skólar og kennarar skipi sér í hópa eftir því hver skilningur þeirra á sjálfbærni er. Mismunurinn virðist liggja í því hvort skilningur á sjálfbærni byggist fyrst og fremst á málefnum umhverfisverndar eða hvort skilningurinn feli í sér breiðari sýn og nái einnig yfir félagsleg málefni.

Rými fyrir grunnþætti í nýrri námskrá í stærðfræði

Hildigunnur Gunnarsdóttir, framhaldsskólakennari

A new national curriculum of upper secondary school was validated in 2011 (Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011) based on a new legislation that was passed by the Icelandic

Parliament in 2008. These laws give more independence to individual schools forming their own educational lines which, however, must meet the criteria dictated by the Ministry of

Education, Science and Culture. While the national curriculum is to be seen as guidelines, individual schools are responsible for implementing certain fundamental things.

The aim of the research is to shed light on how one subject, mathematics, is transferred from the national curriculum to the curriculum in one specific upper secondary school. The focus is on these fundamental concerns: Literacy, sustainability, democracy and human

rights, equality, health and welfare and creativity. What space is there in mathematics for these fundamental concerns? What is the criteria of knowledge in the subject mathematics? To what extent is the subject itself characterized by its traditions, values, and strongly defined knowledge that is distinguished from other forms of knowledge? What is the educational background and attitude of the teachers? Qualitative research methods are used in the study, a case study with interviews, textual analysis of the curriculum, and observation. Basil Bernstein's theory of classification and frame is used for data analysis.

The results indicate that some of the fundamental concerns, like creativity and literacy, are noticeable in topics in the subject's school curriculum. Democracy and human rights and equality can be seen in the hidden curriculum according to interviews with the teachers and their appearance is mostly in the teaching methods.

Að læra til lýðræðis í frjálsum leik barna

Karen Helga Viðarsdóttir, stjórnandi í leikskóla,
Gunnlaugur Sigurðsson, lektor Mvs. HÍ
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Í Aðalnámskrá fyrir leik- og grunnskóla er gert ráð fyrir að „börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“. Í erindinu segir höfundar frá þróunarverkefni sem unnið er að á leikskólanum Krakkaborg í samvinnu við Rannsóknarstofu í barna og æskulýðsfræðum á Menntavísindasviði HÍ, og miðar að því að rannsaka og þróa frjálsum leik barnanna til að ná ofangreindum markmiðum Aðalnámskrár. Til að ná þeim telja aðstandendur verkefnisins mikilvægt að kennarar öðlist djúpan skilning á lýðræðishugtakinu og verði glöggskyggir á birtingarmyndir lýðræðis í kennsluháttum um leið og þeir öðlist færni í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum í starfi sínu. Verkefnið byggir á nýafstaðinni rannsókn á frjálsum leik barnanna á leikskólanum Krakkaborg með tilliti til þeirra þátta sem lýðræðishugtakið hjá meðal annarra John Dewey tekur til. Rannsóknarþátturinn í verkefninu er því ekki bara vegna niðurstaðnanna sem slíkra heldur ekki síður til að fræða, afla reynslu og gera kennurum fært að framkvæma þróunarverkefnið sjálf.

Niðurstöður þróunarverkefnisins munu einnig nýtast utan leiksins og munu hafa áhrif á skólabrag og samskiptahátt innan leikskólans og stuðla að lýðræðislegum starfsháttum eins og lagt er upp með í aðalnámskrá leikskóla. Þær gætu einnig nýst sem grunnur að frekari þróunarvinnu og samþættingu á kennsluháttum í leik- og grunnskóla.

Óljósar hugmyndir um sköpun í skólasterfi

Rannveig Gylfadóttir, meistaranemi LHÍ

Árið 2011 voru gefnar út nýjar aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla þar sem settir voru fram sex grunnþættir sem mynda eiga kjarna menntunar á Íslandi. Einn þessara grunnþátta er sköpun. Sköpunarhugtakið er í samtímanum notað í víðum skilningi, umræða um skapandi hugsun, skapandi starfsgreinar og skapandi nám er útbreidd. Merking þessa umfangsmikla hugtaks er þó ekki einhlít enda eru hugmyndir manna almennt sem og kenningar fræðimanna margar og mismunandi.

Í greiningu hugtaksins eru sögulegar heimildir, tengdar hugmyndum um sköpun í gegum aldirnar, rannsakaðar. Þær heimildir sem liggja til grundvallar fræðilegum kenningum samtímans um sköpunargáfu og hinn skapandi einstakling eru skoðaðar. Einnig er vitnað í rannsóknir á viðhorfum kennara til sköpunar í skólastarfi og viðhorfa þeirra til hins skapandi nemenda. Þeirri spurningu er varpað fram hvort við getum framfylgt áformum um sköpun sem lykilþátt í öllu námi í grunn- og framhaldsskólum án þess að hafa skýra sameiginlega sýn á hvað hugtakið felur í sér. Saman við þetta fléttast hugmyndir um uppsprettu sköpunargáfunnar, um muninn á menntun og fræðslu og áhrif samfélagslegra þátta og tíðaranda á áherslur í námskrám. Niðurstöðurnar benda til þess að án ítarlegrar skilgreiningar á inntaki sköpunar í skólastarfi verði framkvæmdin hvorki nægilega markviss né mælanleg.

Stofa: H-202

10:30 til 12:00

Ungt fólk og samstarf

Viðhorf foreldra, kennara og nemenda til samstarfs í framhaldsskóla

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, lektor Mvs. HÍ
Hrafnhildur Ragnarsdóttir, framhaldskólakennari

Erindið kynnir tilviksrannsókn á viðhorfum foreldra, kennara og nemenda í einum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Foreldraráð, stjórnendur skóla og nemendafélag sendu rafræna könnun til foreldra, kennara og nemenda um viðhorf til samstarfs og könnuðu einnig viðhorf til gilda í skólastarfi. Í kjölfar könnunar var boðað til málþings þar sem niðurstöður könnunarinnar voru ræddar og kynntar. Markmið málþingsins var að ræða saman og skrá niður hugmyndir um hvernig mætti efla samstarf hverra? og gera góðan skóla betri. Niðurstöðurnar/þess gefa til kynna að flestir þátttakendur töldu foreldrasamstarf í framhaldsskóla vera af hinu góða. Þó töldu sumir að ekki væri þörf á þátttöku foreldra þar sem stór hluti nemendahópsins er orðinn lögráða og því ekki á forræði foreldra. Jafnframt kom í ljós að flestir töldu að virðing, ábyrgð og jafnrétti væru mikilvægustu gildin sem ættu að móta skólastarfið. Í erindinu verða kynntar þær fjölmörgu hugmyndir sem komu fram um hvernig bæta mætti skólastarfið.

Námið af sjónarhól nemenda á unglinga- og framhaldsskólastigi

Gunnlaugur Sigurðsson, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu greinir höfundur frá yfirstandandi rannsóknum sínum á stöðu námsins í merkingarheimi nemenda á unglinga- og framhaldsskólastigi.

Skólinn réttlætir íhlutun sína í líf nemenda með náminu sem þeim er í senn boðið að stunda með atbeina hans og hann krefst af þeim. Skólinn fylgir þessu erindi sínu við nemendur eftir með kennslu og hún verður í upphafi skólagöngunnar afgerandi um þá merkingu sem námið öðlast í tilveru þeirra. Með aldri og þroska nemenda breytast forsendur þessarar merkingarsköpunar og þar með viðtökuskilyrði námsins hjá nemendum, staða þess í merkingarheimi þeirra. Með samtölum við nemendur og greiningu þeirra út frá kenningum Ludwig Wittgenstein og Peter Winch um samfélagsleg merkingartengsl ""málleikja"" telur höfundur sig geta varpað nokkru ljósi á þá jörð sem tilboð skólans um nám og krafa hans um það sama fellur í hjá nemendum.

„Maður var alveg spenntur og svona smá kvíðinn“ Reynsla nemenda á unglingastigi af því að vera í skóla sem lagður er niður og hefja nám í nýjum skóla

Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir, stjórnandi í grunnskóla
Bragi Guðmundsson prófessor HA

Rannsóknin sem þetta erindi byggir á var gerð sem hluti af meistaranámi við Háskólann á Akureyri veturinn 2011-2012 og hafði það markmið að kanna reynslu nemenda á unglingastigi í skólum sem lagðir hafa verið niður og sameinaðir öðrum. Rannsóknin var þríþætt. Í fyrsta hlutanum var aflað frumgagna. Sameiningar grunnskóla af einhverju tagi höfðu orðið í 24 sveitarfélögum á tímabilinu 1. ágúst 2000 til 31. júlí 2011. Þar af höfðu 14 skólar verið lagðir niður en einungis fjórir þeirra voru þá með kennslu á unglingastigi.

Annar hluti rannsóknarinnar var meginleg spurningakönnun lögð fyrir þá sem höfðu verið á unglingastigi í fyrrgreindum fjórum skólum við sameiningu. Þriðji hlutinn var eigindleg viðtalsrannsókn. Niðurstöður annars og þriðja hluta voru samþættar þar sem það átti við.

Undirmarkmið annars og þriðja hluta voru að kanna viðhorf þátttakenda á ýmsum stigum sameiningarferlisins, hverjir hefðu haft áhrif á viðhorf þeirra og hvort tengsl væru milli viðhorfa þeirra í upphafi og í dag. Einnig hver væri reynsla þeirra af sameiningarferlinu, hver ávinningurinn hefði verið og hvað hefði mátt betur fara með tilliti til nemenda. Í rannsókninni var bæði horft til félagslegra og náms- og kennslutengdra þátta.

Fram kom að sameining skóla þótti bæði spennandi og kvíðvænleg og í erindinu verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum varðandi viðhorf þátttakenda og áhrif sameingarinnar á líðan, félagslega stöðu, námsgengi og fleira.

Það væri gott ef kennarinn vissi meira ...

Birgitta Sigurðardóttir, M.Ed HA
Halldóra Haraldsdóttir, dósent HA

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun foreldra af erlendum uppruna af samskiptum við skóla barna sinna. Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað í skólum á Íslandi og þar af leiðandi erlendum foreldrum, og samskipti þeirra og skóla hafa lítið verið rannsökuð hér á landi. Erlendar rannsóknir benda til þess að víða sé pottur brotinn á þessu sviði og því full ástæða til að rannsaka þetta nánar hér á landi. Rannsóknin var eigindleg og rannsóknarspurningin var: Hver er upplifun foreldra af erlendum uppruna af samskiptum við skóla barna sinna? Öflun gagna fór fram með því að taka viðtöl við sex erlenda foreldra. Útbúinn var viðtalsrammi sem notaður var í viðtölunum og við úrvinnslu gagnanna. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að upplifun þessara foreldra af samskiptum við skólana er almennt jákvæð. Skólunum hefur tekist að koma á jákvæðum samskiptum við foreldrana, misskilningur er fátíður og þeir nýta skrifleg skilaboð á íslensku til að bæta íslenskukunnáttu sína. Þó mætti gera betur í að virkja foreldrana í stærri hóp. Einnig virðist skólinn ekki leggja nógu markvissa áherslu á að foreldrarnir viðhaldi móðurmáli barna sinna m.t.t. þeirra áhrifa sem það getur haft á námsgetu barnanna. Skólinn mætti einnig gefa menningarlegum bakgrunni barnanna meiri gaum þar sem nám byggir á þeirri þekkingu og reynslu sem nemendur hafa aflað sér.

Upplifun nemenda, foreldra og annars starfsfólks en kennara af vinnubrögðum í skóla þar sem unnið hefur verið að því að koma á og þróa faglegt lærdómssamfélag.

Birna María Svanbjörnsdóttir, doktorsnemi HA

Um er að ræða þriggja og hálf árs starfendarannsókn (2009–2012) með skólastjórnendum nýs grunnskóla og fulltrúa úr háskólasamfélaginu með það að markmiði að efla hugsunarhátt og vinnubrögð sem stuðla að faglegu lærdómssamfélagi í skólanum. Áhersla í rannsókninni var á samstarf og forystuhæfni með ígrundun og virka þátttöku allra að leiðarljósi. Til að meta stöðuna og framvinduna voru reglulega tekin viðtöl við fulltrúa allra í skólasamfélaginu og gerðar vettvangsathuganir.

Hér verður sjónum beint að helstu niðurstöðum úr viðtölum sem tekin voru haustið 2012 við nemendur, foreldra og annað starfsfólk en kennara í skólanum um skólastarf og nám og kennslu. Einnig er stuðst við vettvangsathuganir í skólanum, niðurstöður spurningakönnunar til starfsfólks og niðurstöður samræmdra prófa nemenda skólans 2009 og 2012.

Almennt ríkir sátt um skólastarfið hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og tala foreldrar um hátt samskipta- og þjónustustig hjá starfsfólki skólans. Nokkrar vangaveltur eru þó um áhersluþætti í skólastarfinu og ófullnægjandi upplýsingaflæði

veldur togstreitu. Vísbendingar eru um að virkja megi þessa aðila skólasamfélagsins enn frekar til þátttöku við innleiðingu, þróun og sjálfbærni lærdómssamfélags.

Stofa: H-202

13:00 til 14:30

**MenntaMiðja: Tengsl starfssamfélaga og rannsóknarsamfélags
Rannsóknarstofa um upplýsingatækni og miðlun**

**MenntaMiðja: Sjálfstæð starfssamfélög í fjölbreyttu samstarfi
Tryggvi Thayer, Verkefnisstjóri MenntaMiðju**

Í erindinu verður leitast við að auka skilning á starfssamfélögum (e. communities of practice) með áherslu á hvernig megi stuðla að samlegðaráhrifum milli ólíkra starfssamfélaga. Fjallað verður um ýmsar kenningalegar nálganir með tilliti til væntanlegra útkoma og mati á árangri starfssamfélaga. Sérstaklega verður lögð áhersla á að greina sameiginlega þætti sem tryggja sjálfstæði ólíkra starfssamfélaga en stuðla um leið að víðtæku samstarfi og samlegðaráhrifum. Tekið verður mið af þremur starfssamfélögum sem tengjast MenntaMiðju: Tungumálatorg, Náttúrutorg og Sérkennslutorg, en hlutverk MenntaMiðju er að styðja við þessi og önnur starfssamfélög skólafólks og stuðla að tengslum við fræðasamfélag háskólanna.

Tungumálatorgið - fræðin og veruleiki á vettvangi

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir: kennsluráðgjafi og verkefnastjóri Tungumálatorgsins

Í erindinu verður fjallað um samstarf og samlegð sem skapast hefur í verkefnum á Tungumálatorginu og athyglinni sérstaklega beint að verkefninu Okkar mál í Fellahverfi (<http://tungumalatorg.is/okkarmal/>). Fjallað verður um hvernig tekist hefur að tengja fræða- og rannsóknarsamfélagið í háskólanum sem og hagnýt verkefni háskólanema við þróunarstarf á vettvangi skóla. Umfjöllunin verður sett í samhengi við starfendarannsóknir, hönnunarmiðaðar rannsóknir og meginþætti starfsamfélaga á neti. Leitast verður við að svara því hvernig hugmyndafræði starfssamfélaga og bakland MenntaMiðju styður við verkefni tengd Tungumálatorginu og hvaða gildi það hefur fyrir þróunarverkefni að hafa bein tengsl við fræðasamfélag háskóla.

Náttúrutorg - virkni og gagnsemi vaxandi samfélags

Svava Pétursdóttir: Nýdoktor Mvs. HÍ, verkefnastjóri Náttúrutorgs

Náttúrutorg er verkefni sem miðar að því að efla starfssamfélag náttúrufræðikennara. Náttúrutorg stendur fyrir þríþættri starfsemi. Fyrst má telja fundi með mismundandi sniði t.d. vinnustofur með fyrirlesara eða menntabúðir þar sem kennarar hittast til að deila þekkingu sín á milli. Torgið stendur fyrir vefnum Náttúrutorg <http://natturutorg.is>.

og í þriðja lagi að vefsamfélagi eða hóp á Facebook. Í samfélaginu eru kennarar og annað áhugafólk um náttúrufræðimenntun af öllum skólastigum.

Sagt verður frá starfsemi torgsins á öðru starfsári þess og leitast við að skoða hvaða hlutverki verkefni eins og Náttúrutorg getur haft á starfsþróun kennara.

Kynntar verða niðurstöður úr mati á þeim þrem menntabúðum sem haldnar voru ?? sem unnið var með spurningalista og rýnihóp. Þróun vefsamfélagsins og virkni í því verður skoðuð og gefin dæmi um innlegg. Fyrstu niðurstöður benda til þess að sterkur kjarnahópur sé að myndast í hópnum sem telur yfir 180 manns. Umferð í hópnum virðist vaxandi og yfir 130 meðlimir sjá hvert innlegg. Í lokin verður horft til framtíðar; hvernig torgið megi best mæta þeim markmiðum sínum að styrkja fagþekkingu og starfssamfélag náttúrufræðikennara.

Sérkennslutorg uppbygging og tenging við samfélagsmiðla

Hanna Rún Eiríksdóttir, verkefnastjóri Sérkennslutorgs

Fjallað verður um áhrif notkunar samfélagsmiðla innan starfssamfélagsins á Sérkennslutorgi á þekkingu þátttakenda á notkun spjalddölvu. Greint verður frá virkni hópa á samfélagsmiðlum og þróun samræðna og samstarfs þeirra með sérstöku tilliti til kosta og galla mismunandi samfélagsmiðla í tengslum við uppbyggingu starfssamfélaga. Skoðaðar verða umræður sem skapast í hópnum, hverjir leiða umræðurnar og hlutverk verkefnastjóra torgs í að hvetja til umræðna og halda virkni í þeim.

Stofa: H-202

15:00 til 16:30

Spjalddölvur og önnur fartækni í námi og kennslu Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Námsefnisgerð fyrir snjalltæki - Rafbókagerð

Salvör Gissurardóttir, lektor Mvs. HÍ

Skoðuð er þróun í útgáfu rafrænna námsgagna á Íslandi hvað varðar tækni og miðlunarmáta og sjónum einkum beint að námsefni sem áður var miðlað í bókum en er núna miðlað á stafrænt hátt og dreift gegnum Netið og nemendur lesa og vinna með námsefni í ýmis konar tækjum s.s. fartölvum, spjalddölvum og sínum.

Fjallað verður um þá möguleika sem kennarar og námsefnishöfundar á Íslandi hafa á árinu 2013 til framsetningar, útgáfu og dreifingar á texta og myndum í námsefni sem styðst við staðla, opinn hugbúnað og er nothæft á ýmis konar tækjum s.s. fartölvum, spjalddölvum og sínum. Skoðað verður sérstaklega hvernig staðall fyrir rafbækur (EPUB 3) tengist stöðlum fyrir vefsíður og vefuppsetningu (HTML5 og CSS3) og hvernig veftækni og rafbókagerð haldast í hendur.

Að standa í öldufaldi nýsköpunar í skólastarfi – rannsóknir sem styðja við samstarf, starfsþróun kennara og valdeflingu nemenda

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ
Sólveig Jakobsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Aukinn hraði þekkingarþróunar og samskipta með fartækni hafa undanfarið sett sitt mark á skólaþróun á Íslandi. Fjölbætt framboð námsefnis og námsgagna, dreifstýring í menntun og víðtækt samstarf skóla við stofnanir, fyrirtæki í samfélaginu auka á flækjustig skólastarfs en opna einnig nýjar leiðir og möguleika til samstarfs. Snúið getur verið að ná yfirsýn og greina áhrifaþætti og virkar breytur í skólarannsóknum við slíkar aðstæður, þar sem heildarmynd krefst fjölbættrar gagnasöfnunar og virks samstarfs rannsóknaraðila, samstarfsaðila, skólafólks og nemenda.

Gerð verður grein fyrir helstu niðurstöðum úr matsrannsókn í Norðlingaskóla í Reykjavík þar sem spjaldtölvur hafa verið miðlægar í þróun kennsluhátta, námsefnisgerðar og eflingu atbeina nemenda í einstaklingmiðuðu námi. Fjallað verður um viðhorf samstarfsaðilanna kennara, skólastjórnenda og foreldra, og þeirra væntinga sem þessir ólíku aðilar hafa til verkefnis af þessu tagi og rannsókna á því. Þá verður gerð grein fyrir vali rannsóknaraðferða og kenninga um nám og kennslu sem rannsakendur beittu í því skyni að meta þennan áfanga í skólaþróun í Norðlingaskóla. Hugmyndir verða kynntar um nýtt rannsóknar- og þróunarverkefni (STAFN=skólaþróun, tækni, atbeini, farnám og nýsköpun) með þátttöku fjölmargra skóla og aðila um notkun spjaldtölva í íslenskum skólum. Þátttakendur munu vinna saman að því markmiði að þróa nám og kennslu með notkun fartækni. The participants will work together towards the main project goal to develop teaching and learning with mobile technologies for innovative practices and collaboration.

STAFN (Skólaþróun, tækni, atbeini, farnám og nýsköpun)

Sólveig Jakobsdóttir, dósent Mvs. HÍ
Fulltrúar aðila að STAFN áætluninni:

- Menntavísindasvið: Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun og Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs: Sólveig Jakobsdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir,
- Skólastofan: Ingvar Sigurgeirsson,
- Locatify: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
- Námsgagnastofnun
- Skólar (Norðlingaskóli, Hólabrekkuskóli, Heiðarskólíi Hvalfirði, Nesskóli, Grunnskóli Grundarfjarðar, Álftanesskóli)
- Sveitarfélög (Reykjavík, Reykjanesbær)

Gjá hefur myndast á milli menntakerfisins og samfélagsins varðandi nýtingu nýrrar tækni. Breytinga er þörf til að þess að koma betur til móts við hvernig nemendur læra dags daglega. Farnám (mobile learning) við mismunandi aðstæður hefur áhrif á hvernig við nálgumst upplýsingar og getur átt sér stað að frumkvæði og eftir þörfum

nemenda. Í þessari málstofu verður rætt um breytingar á menntun á Íslandi með innleiðingu „fartækni“ (mobile technologies) sem hefur í för með sér nýjar áskoranir og tækifæri fyrir skóla. Ræddar verða hugmyndir um rannsóknar- og þróunarverkefnið STAFN (Skólaþróun, tækni, atbeini, farnám og nýsköpun) þar sem stefnt er að því að skoða innleiðingu og notkun spjaltdölva og annarrar fartækni í skólum víðs vegar um Ísland. Í verkefninu er gert ráð fyrir að skoða hlutverk tækni í skólaþróun, atbeina, nám og áhugahvöt nemenda ásamt hönnun náms og starfsþróun kennara. Markmið verkefnisins er einnig að skapa nýtt rannsóknarsvið á Íslandi og styðja við samfélag menntafólks sem hefur áhuga á farnámi og skólaþróun. Í þessari málstofu verður rætt um hvernig fartækni getur stutt við nýsköpun og skapandi starf í íslenskum skólum. Aðilar að STAFN áætluð hafa orðið í upphafi en gert er ráð fyrir virkri þátttöku viðstaddra í umræðu.

Stofa H-203

10:30-12:00

Pisa, útgjöld og saga

Upplýsingar barna um félagslega stöðu foreldra í PISA verkefninu: skiptir máli hver svarar spurningum um félagslega stöðu foreldra þeirra barna sem taka þátt í könnunarprófum PISA?

Þorlákur Axel Jónsson, aðjunkt HA

Samkvæmt niðurstöðum PISA verkefnisins á vegum OECD einkennir félagslegur jöfnuður íslenska grunnskólakerfið. Fram kemur minna samband á milli félagslegs uppruna nemenda og árangurs þeirra á prófunum en í öðrum löndum. Kynnt verður athugun á hver samsvörun var milli foreldra og nemenda sem sitt í hvoru lagi svöruðu sömu spurningunum um menntun og störf foreldra í könnunum PISA vorið 2006. Athugað var hvort fram kom fylgni milli samsvörunar og einkunna nemenda á prófunum til þess að grafast fyrir um eðli mögulegs misræmis í svörum. Skoðað var hvort samsvörun var mismunandi eftir því hvernig menntun foreldra var háttáð og hvert starf foreldra var. Einnig var athugað hvort gera megi ráð fyrir að misræmi í svörum foreldra og nemenda leiði til bjagaðra niðurstaðna sem geti haft þýðingu fyrir ályktanir sem dregnar verði um áhrif félagslegs uppruna ólíkra nemendahópa á árangur þeirra á PISA prófunum.

Uppsprettur sögunnar

Bragi Guðmundsson, prófessor HA

Uppsprettur sögunnar eru margar og saga verður til þar sem fólk kemur saman. Í söguhluta Aðalnámskrár grunnskóla er lögð áhersla á að auk sameiginlegrar stjórn málasögu sé fjallað um aðra þætti mannlífsins, svo sem menningu, siði og trú, hugarfar og hugmyndastefnur, efnahag og umhverfismál, fjölskyldu-, kynja- og barnasögu. Einnig er bent á að segja megi sögu landshluta og heimabyggðar. Viðfangsefni þeirrar rannsóknar sem hér verður kynnt eru tvíþætt. Annars vegar er

landshlutagleraugum brugðið upp til að kanna hvort það myndefni sem notað er í kennslubókum um Íslandssögu spegli landfræðilega dreifingu með „eðlilegum hætti“ eða hvort tilteknum landssvæðum sé hyglt umfram önnur. Hins vegar er athyglinni beint að fjölbreyttri útgáfu sögulegs efnis um allt land og spurt hvernig betur megi virkja sögulegan áhuga heimamanna í skólum landsins.

Skóli gegn skólakerfi. Varnarbarátta MA gegn skólakerfinu 1946 til 1964

Helgi Skúli Kjartansson, prófessor Mvs. HÍ

Nýmæli skólakerfisins frá 1946 hentuðu Menntaskólanum á Akureyri að ýmsu leyti illa. Hann reyndi að halda skipulagi sínu sem minnst breyttu, m.a. mjög óformlegri og sveigjanlegri skipan á inntöku nemenda. Eftir harða baráttu um 1950, þar sem velunnarar hans á Alþingi tóku fram fyrir hendur ráðherra og fræðslumálastjórnar, varð hann að slaka til en tókst þó að draga það allt til 1964 að taka upp að fullu hina nýju skipan. Um þetta hefur verið fjallað allnákvæmlega en einkum sem hagsmunaárekstur framhaldsskólanna á Akureyri, menntaskólans og gagnfræðaskólans, og sem persónulega baráttu stjórnenda þeirra, Þórarins Björnssonar og Þorsteins M. Jónssonar. Í erindinu verður þessi saga rifjuð upp en leitast við að tengja hana almennari sjónarmiðum: Hvernig tengist deilan um MA skólustefnu fræðslulaganna frá 1946? Hvernig féllu stofnunarhagsmunir MA og GA að hagsmunum nemenda? Hvernig lítur málstaður MA út gagnvart kröfu nútímans um jafnræði nemenda og samræmda og gagnsæja stjórnarsýslu? Einnig verður sagan borin saman við umræðu síðustu ára um framhaldsskólástigið, m.a. um inntöku í eftirsótta skóla, um miðstýringu eða dreifstýringu og um sérstöðu einkaskóla.

Stofa: H-203

13:00 – 14:30

Getur stærðfræðikennsla verið tæki til að efla lýðræði og sköpun í skólastarfi?

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Breyttar áherslur í stærðfræðikennslu

Kristín Einarsdóttir, grunnskólakennari

Í erindinu verður fjallað um rannsókn á stærðfræðikennslu á unglingastigi þar sem sjónum var beint að hlutverki kennarans og áherslum í kennslu. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á kennsluhætti stærðfræðikennara sem eru að þróa kennsluhætti sína og máta þá við hugmyndir um breyttar áherslur í stærðfræðikennslu. Leitað var svara við því hvernig námsaðstæður þeir stærðfræðikennarar skapa sem leggja áherslu á virkni nemenda í námi sínu.

Rannsóknaraðferðin var eigindleg og gögnum safnað með viðtölum og vettvangsathugunum. Valdri voru fjórir þátttakendur, sem allir eru starfandi stærðfræðikennarar á unglingastigi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, rætt var við kennarana, fylgst með kennslu hjá þeim og hálfopin viðtöl voru síðan tekin við þá.

Kennurunum bar saman um að áherslur í stærðfræðikennslu hafi breyst. Aðaláherslan er ekki lengur á að kennarinn kenni ákveðnar leiðir til að leysa verkefni, heldur að nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni og séu virkir í námi sínu. Þeir leggja áherslu á umræður og samvinnu og að nemendur skilji það sem þeir eru að fást við. Þeir leitast við að ná góðu sambandi við nemendur og leita leiða til að koma til móts við ólíka nemendur og námshópa.

Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að kennarar á unglingsstigi sem markvisst leita leiða til að þróa stærðfræðikennslu sína, leggja áherslu á að nota fjölbreyttar leiðir til að stuðla að virkni nemenda í námi sínu.

„Sá sem kann ekki stærðfræði hlýtur að vera heimskur“

Hafdís Einarsdóttir, grunnskólakennari við Árskóla

Erindið byggir á eigindlegri rannsókn sem unnin var í tengslum við lokaverkefni til M.Ed.-prófs á Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að greina þá þætti sem hafa áhrif á líðan og námsgetu nemenda sem glíma við sértæka stærðfræðiörðugleika. Viðmælendurnir sem voru á aldrinum 16-27 ára voru valdir úr hópi nemenda í fámennu sveitarfélagi sem hafa átt í erfiðleikum með stærðfræðinámi. Rætt var við þá um reynslu þeirra af stærðfræðinámi í grunn- og framhaldsskóla.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að þátttakendunum leið illa í skóla og þeir liðu fyrir örðugleika sína og reyndist þeim sérstaklega erfitt hve lítinn skilning sumir kennarar og samnemendur höfðu á erfiðleikum þeirra við stærðfræðinámið. Í viðtölunum kom fram að þátttakendurnir töldu að þeir þyrftu að leggja mikið á sig til að ná árangri við stærðfræðinámið, en töldu jafnframt að þær kennsluáðferðir sem notaðar voru í skólum þeirra hentuðu ekki alltaf til að hjálpa þeim til að ná árangri. Þeir hefðu viljað hafa haft fleiri tækifæri til að hafa áhrif á hvernig námi þeirra var hagað til dæmis hvað varðar skiptingu í hópa og námsefni aðalagað að þörfum þeirra.

Af þessu má álykta að skólar þurfi að hlusta á raddir nemenda, huga að fræðslu kennara og nemenda um námsörðugleika og finna leiðir til að bæta líðan nemenda og sjálfstraust þeirra.

Samræður í stærðfræðinámi og -kennslu

Helena Herborg Guðmundsdóttir, M.Ed

Erindið byggir á meistaraþrófsverkefni um samræður í stærðfræðinámi og -kennslu. Rannsókn var gerð á stærðfræðikennslu á yngsta stigi í grunnskóla þar sem fylgst var með samræðum í stærðfræði með áherslu á samræður á milli kennara og nemenda. Tilgangur rannsóknarinnar var að sjá hvernig kennarar nýta samræður sem aðferð við stærðfræðikennslu. Rannsóknin var eigindleg og var unnin árið 2012. Gögnum var safnað með vettvangsathugunum og viðtölum. Þátttakendur voru fjórir grunnskólakennarar sem voru valdir með hentugleikaúrtaki. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að kennararnir fjórir notuðu samræður að einhverju marki í kennslu sinni. Þrír kennaranna

sögdust nota samræður ómeðvitað í kennslu sinni en þeir notuðu samræður til að leiða nemendur að réttri lausn með vísbendingum og leiðandi spurningum. Fjórði kennarinn notaði samræður markvisst í kennslu sinni og lagði mikið upp úr samræðum til að tengja námsefnið við fyrri þekkingu nemenda og áhugamál, fá þá til að útskýra lausnir sínar og ræða mismunandi lausnaleyðir með öllum bekknum. Hann lagði áherslu á samræður með það að markmiði að nemendur geti útskýrt hugsun sína um stærðfræði fyrir öðrum því það geti stuðlað að skilningi þeirra á stærðfræði. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að kennarar þurfa stuðning við að nýta samræður á markvissan hátt til að örva nemendur til að ræða um stærðfræði.

Skapandi stærðfræði – Námskeið fyrir kennara um sköpun og skapandi stærðfræðinámi

Ósk Dagsdóttir, doktorsnemi í stærðfræðimenntun, Mvs. HÍ

Erindið byggir á meistaraþrófsverkefni þar sem rannsakað var námskeið fyrir kennara um sköpun og skapandi stærðfræðinámi. Námskeið var haldið og rannsakað sem hönnunarrannsókn en hönnunarrannsóknir byggja á því að rannsaka fyrirfram ákveðin kennsluferli með það að markmiði að þróa þau og bæta. Leitað var svara við spurningum um það hvernig hanna og þróa megi námskeið fyrir kennara um skapandi stærðfræði og hvernig það nýttist kennurum til þess að styðja nemendur sína í því að vera skapandi í stærðfræðinámi.

Námskeiðið sóttu tuttugu grunnskólakennarar. Fjallað var um rannsóknir á sköpun, sköpun í stærðfræði og skapandi stærðfræðinámi. Kynntar voru leiðir til þess að ýta undir sköpun í stærðfræðinámi og meta skapandi stærðfræðinámi. Kennararnir á námskeiðinu voru virkir þátttakendur í uppbyggingu þess, ræddu um efnið og leystu verkefni. Gögn rannsóknarinnar voru myndbandsupptökur frá námskeiðinu, skriflegir punktar og spurningalistar. Leitast var við að lýsa ferlinu, leggja mat á námskeiðið og skoða hvernig það nýttist kennurunum í kennslu.

Helstu niðurstöður voru að námskeið um skapandi stærðfræði getur eflt kennara í því að vinna á skapandi hátt í stærðfræðikennslunni. Í ljós kom að umræðuhópar studdu við fagmennsku og starfsþróun kennaranna. Einnig kom fram að með því að stefna að sköpun í stærðfræðinámi má efla aðra grunnþætti menntunar eins og læsi, lýðræði og jafnrétti.

Stofa: H-203

15:00 til 16:30

Stærðfræðinámi og -kennsla á 21. öld. Hvaða vísbendingar gefa rannsóknir?

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Notagildi og skiptagildi stærðfræðinnar

Ingólfur Gíslason, doktorsnemi Mvs. HÍ

Markmiðið með þeirri rannsókn sem kynnt er hér er að varpa ljósi á hvort nemendur í stærðfræðinámi upplifa nám sitt sem merkingar- og tilgangslaust. Spurt er hvort og hvernig nemendur í framhaldsskóla tengja skólastærðfræði við líf sitt og áform utan og innan skólakerfisins. Nánar tiltekið var athyglinni beint að gildi stærðfræðináms út frá hugtökum Marx um notagildi og skiptagildi í kapítalísku samfélagi.

Til grundvallar eru myndbandsupptök af kennslustundum og hljóðrituð viðtöl við nemendur í einum hópi í byrjunaráfanga í stærðfræði. Kennari og rannsakandi unnu saman að skipulagi áfangans, þar sem leitast var við að skapa námsumhverfi samvinnu og lausnaleitar, mörg verkefni voru unnin í tölvu, og lokaekinnir gefnar út frá verkefnavinnu en ekki prófum.

Niðurstöður benda til þess að hliðstætt við mótsagnir notagildi og skiptagildi neyslubarnings samkvæmt kenningu Marx upplifi nemendur mótsögn milli notagildis og skiptagildis stærðfræðinnar. Þeir eru meðvitaðir um skiptagildið, að þeir þurfi stærðfræðipækkingu til að komast áfram í menntakerfinu og til að fá örugga vinnu, en geta ekki ímyndað sér hvernig sú stærðfræði sem þeir eru að læra nýttist í raun.

„Ég hef tekið eftir hæfileikum nemenda til að reikna í huganum sem ég held að ég hafi aldrei rekist á fyrr“

Jónína Vala Kristinsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum samvinnurannsóknar grunnskólakennara og háskólakennara um stærðfræðináms- og -kennslu á miðstigi grunnskóla. Markmiðið með rannsókninni var að skapa sameiginlega þekkingu sem kemur rannsakendum, kennurum og nemendum að gagni og getur nýst til að bæta skólastarf. Leitast var við að skapa námssamfélag þar sem þátttakendur notuðu rannsóknarnálgun til að greina það nám sem á sér stað í kennslustofunni og hvernig kennsla kennara þróast. Þar fá þátttakendur tækifæri til að spyrja spurninga um hvernig bæta megi aðstæður nemenda til merkingarbærs náms og læra um leið um eigið nám. Rannsóknarnálgunin er því notuð bæði sem tæki til að þróa starf sitt og sem leið við kennslu.

Þátttakendur hittust reglulega á vinnustofum, glímdu saman við stærðfræðileg viðfangsefni og ræddu um stærðfræðináms nemenda sinna og samtarið við þá í kennslustundum. Gögnum var safnað með myndbandsupptökum í vinnustofum, hljóðupptökum af viðtölum við kennara og minnispunktum úr heimsóknum í kennslustundir.

Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar, rætt um þau vandamál sem kennararnir glímdu við í kennslu sinni og hvernig greining á þeim hefur nýst kennurunum til að þróa kennslu sína og stuðla að frumkvæði og virkni nemenda í stærðfræðinámi. Þá verður gerð grein fyrir hvernig rannsóknin þróaðist og hvað einkennir rannsóknarferli þar sem grunnskólakennarar vinna með háskólakennara að því rannsaka kennslu sína.

Hvernig nota kennarar kennsluleiðbeiningar í stærðfræði?

Guðný H.Gunnarsdóttir, lektor Mvs. HÍ og Guðbjörg Pálsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Námsefni er eitt af megin tækjum kennara í starfi. Flestu námsefni sem gefið er út fyrir grunnskóla fylgja kennsluleiðbeiningar sem ætlað er að gefa innsýn í hvaða hugmyndir höfundar hafa um notkun nemendaverkefna og skipulagningu kennslu. Starfandi er norrænt samstarfsnet um rannsóknir á námsbókum/námsefni ([Network for research on mathematics textbooks in the Nordic countries](#)). Fulltrúar í netinu frá Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi vinna saman að rannsókn á því hvernig kennarar í 1. – 6. bekk nota kennsluleiðbeiningar þegar þeir skipuleggja stærðfræðikennslu sína. Einnig var aflað upplýsinga um hvers þeir leita í kennsluleiðbeiningum og hvað þeir myndu vilja hafa í kennsluleiðbeiningum. Tekin voru viðtöl við 5 kennara í hverju landi, þar kom meðal annars fram hvernig kennarar nýta kennsluleiðbeiningar, hvort þeir velja úr þeim og þá hvað og hvers kennarar vænta af kennsluleiðbeiningum.

Á Menntakvikunni verður kynntur bakgrunnur rannsóknarinnar og niðurstöður úr viðtölunum við íslensku kennarana.

Um norrænt samstarf GeoGebraStarfssamfélaga - The Nordic GeoGebra Network Freyja Hreinsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Samstarfsnetið Nordic GeoGebra Network (NGGN) var stofnað af 7 einstaklingum árið 2010 og samanstendur af fulltrúum úr starfssamfélögum GeoGebru á Norðurlöndum ásamt Eistlandi og Litháen. Þessi starfssamfélög eru svokallaðar “local GeoGebra Institute”, sjálfstæð samtök í hverju landi sem eru í samvinnu við International GeoGebra Institute, <http://www.geogebra.org>.

Samstarfsnetið vinnur að aukinni og bættri notkun hugbúnaðarins GeoGebru við stærðfræðikennslu og að samstarfi og samskiptum kennara og rannsakenda í þeim efnum. Skipulagðar hafa verið árlega ráðstefnur þar sem saman koma kennarar og rannsakendur (Ísland 2010, Litháen 2011, Eistland 2012, Danmörk 2013). Aðaláhersla á þessum ráðstefnum hefur hingað til verið lögð á að kennarar kenni hver öðrum hvernig mögulega megi nota GeoGebru í stærðfræðikennslu.

Samstarfsnetið hefur áhuga á auknu og víðtæku rannsóknarsamstarfi háskólakennara og kennara í skólum og stefnan er að árlegar ráðstefnur verði notaðar til að halda utan um slíkt samstarf stórra hópa kennara. Valin hafa verið ákveðin lykilefni fyrir árin 2013, 2014, 2015 og 2016.

Á ráðstefnu í Eistlandi haustið 2012 voru skoðanir ráðstefnugesta á starfi samstarfsnetsins kannaðar og áhugi þeirra á þátttöku í rannsóknarverkefnum. Meirihluti venjulegra kennara tjáði áhuga á samvinnu við rannsakendur.

Stofa: H-204

10:30-12:00

Einstaklingsrannsóknir til að bæta nám og hegðun nemenda með sérþarfir

Stýrð kennsla og þjálfun lestrarfimi nemenda með námsörðugleika

Arnar Jón Agnarson, BS sálfræði

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent við Hvs.

Hér er sagt frá því hvernig viðfangsefni í sérkennslu geta sett af stað rannsóknir. Tveimur nemendum sem höfðu verið í sérkennslu í mörg ár vegna lestrarörðugleika var boðið að taka þátt í rannsókn á því hvort aðferðir stýrðrar kennslu og þjálfun lestrarfimi myndu hafa áhrif á frammistöðu þeirra í lestri. Unnið var annarsvegar með 13 ára dreng sem var nánast alveg ólæs og hins vegar 14 ára stúlku sem var mjög seinlæs og var mjög á eftir í öllu námi vegna þess. Unnið var einu sinni á dag á virkum dögum í tilviki drengsins en 4 sinnum á viku í tilviki stúlkunnar. Unnið var með þeim í ca. klukkustund eða minna í hvert skipti. Fyrst fór fram ítarlegt mat á kunnáttu þeirra. Byrjað var á stöfunum, því næst, tveggja stafa orð, þriggja stafa orð, o.s.frv. og svo setningar í samfelldum texta með stúlkunni. Í tilviki drengsins kom í ljós að hann kunni ekki 8 stafi af 32 í íslenska stafrófinu og unnið var að því að kenna honum þá. Stúlkan var betur stödd, hennar vandi var fyrst og fremst tengdur lestrarhraða, hún var seinlæs og hafði lengi verið vel undir meðaltali jafnaldra sinna. Mælingar á frammistöðu beggja voru teknar í hvert skipti sem unnið var með þeim og þau fengu að sjá niðurstöðuna. Drengurinn lærði hljóð allra stafa á tveimur mánuðum sem honum hafði ekki tekist á 7 ára skólagöngu sinni. Eftir það gat hann lesið allt að 5 stafa orð og setningar sem voru settar saman með allt að 5 stafa orðum sem hann hafði lært í þjálfuninni. Hann var einnig byrjaður að lesa ýmsan texta heima hjá sér. Stúlkan jók leshraðann upp í viðmiðin sem eru til um fjölda rétt lesinna atkvæða fyrir börn á hennar aldri. Unnið var með stúlkunni í aðeins 15 skipti alls. Sýndar verða mælingar á frammistöðu beggja nemenda sem sýna breytingar á frammistöðu þeirra jafnt og þétt meðan kennslan stóð yfir. Þetta er dæmi um rannsókn í beinum tengslum við vettvang og um hvernig rannsóknir geta nýst til að leysa vanda á vettvangi.

„Komum inn“ – Dregið úr hegðunarerfiðleikum á útisvæði við leikskóla

Anna Rut Pálmadóttir, þroskaþjálfari
Puríður Hearn, þroskaþjálfari
Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í erindinu verður lýst framkvæmd virknimats og stuðningsáætlunar fyrir kraftmikinn, hressan og skemmtilegan fjögurra ára leikskóladreng sem hafði þó sýnt hegðunarerfiðleika frá upphafi leikskólagöngu. Hegðunarerfiðleikar drengsins háðu honum í öllum aðstæðum í leikskólastarfinu en ákveðið var í samráði við stuðningsaðila hans á leikskólanum, að auka færni hans í „að koma inn úr útiveru“, því að þar var hann að sýna mjög mikla óæskilega hegðun og þóttu aðstæðurnar með þeim erfiðari bæði fyrir drenginn, samnemendur og kennara leikskólans.

Inngrip heildstæðrar stuðningsáætlunar fólst í félagsfærnisögu sem unnin var í ípad, hvatningarkerfi og að samræma aðferðir starfsfólks á deild drengsins. Markmiðið var að kenna viðeigandi hegðun en einnig að bæta ímynd drengsins sem hafði orðið fyrir töluverðum hnekkjum bæði hjá starfsfólki og hjá öðrum börnum á deildinni vegna hegðunarerfiðleikanna. Eftir inngrip styttist tíminn sem það tók að koma inn úr útiveru að meðaltali úr rúmum 14 mínútum í 4 mínútur. Hlutfall tímans sem hann sýndi viðeigandi hegðun við að koma inn fór úr 35,5 % að meðaltali yfir í 100% og tíðni truflandi hegðunar lækkaði úr 27 atvikum að meðaltali í 0 atvik. Drengurinn sýndi það að hann var mun ánægðari og sáttari við sjálfan sig eftir inngrip. Kennarar og samnemendur tóku eftir miklum breytingum á drengnum og var hann einnig farinn að sýna betri hegðun í fleiri aðstæðum.

Nemanda á unglिंगastigi kennd sjálfstjórnun til að auka virka þátttöku og draga úr spjalli ótengdu námsefni

Árný Jóna Stefánsdóttir, grunnskólakennari í Snælandsskóla,
Guðný Sigurjónsdóttir, grunnskólakennari í Kópavogsskóla,
Oddný Baldvinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri á Suðurvöllum
Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Mvs. HÍ

Við sem vinnum í skólakerfinu þekkjum hversu krefjandi starfið getur verið og hvað það reynir á að sinna kennslu í skóla án aðgreiningar. Þetta á sérstaklega við um nemendur sem eiga við hegðunar- og/eða tilfinningavanda að stríða. Í þessu erindi verður sagt frá einstaklingsrannsókn þar sem unnið var með nemanda á unglिंगastigi sem á við hegðunar- og tilfinningavanda að stríða. Fyrst var gert virknimat, þar sem áhrifavaldar erfiðu hegðunar nemandans voru skoðaðir með óbeinum og beinum athugunum. Markmiðið var að kortleggja hina erfiðu hegðun og hver ávinningurinn væri fyrir nemandann að sýna þá hegðun. Að því loknu útbjuggum við einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun sem beindist að því að hjálpa nemandanum að ná betri færni og um leið ná tókum á hinni erfiðu hegðun. Lykilþáttur í stuðningsáætluninni var sjálfstjórnun (self-management) með sjálfsskráningu á virkri þátttöku í tímum og spjalli við sessunaut um efni ótengt námsefni. Nemandinn gat unnið sér inn stig fyrir að meta eigin hegðun í

samræmi við kennara, vinna vel í tímum og tala eingöngu um námsefnið við sessunaut í vinnulotum. Kennarinn veitti jafnframt hvetjandi endurgjöf á frammistöðu.

Við inngrip jókst virk þátttaka nemandans úr 65% að meðaltali í 91% tímans og skiptin sem spjallað var um efni ótengt námsefni fækkaði úr tæpum átta í rúm tvö á 20 mínútna athuganartímum. Nemandinn tók verkefnið föstum tókum og var ánægður með þann árangur sem hann náði. Honum líkaði svo vel við sjálfsskráninguna að hann óskaði eftir að halda henni áfram – og stefnir á að nota hana í framhaldsnámi sínu næsta haust.

Stýrð kennsla til að auka lestrarfærni 7 ára drengs með ADHD

Steinunn Fríður Jensdóttir, Cand.psych Hvs.

Leiðbeinandi: Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent Hvs.

Hér er sagt frá árangursríkri lestrarkennslu rúmlega sjö ára drengs með ADHD sem, samkvæmt kennara, ruglaði saman stöfum, giskaði gjarnan á orð við lestur og las mjög hægt og höktandi. Strákurinn hafð fengið sérkennslu en henni miðaði fram mjög hægt. Drengnum bauðst að taka þátt í rannsókn á því hvort raunprófaðir kennsluhættir sem hafa reynst mjög árangursríkir með enskumælandi börnum myndu hjálpa honum að læra að lesa. Leyfi foreldra var auðfengið því þeir vildu mjög gjarnan prófa hvað eina sem gæti hjálpað drengnum að ná lestrinum. Kennarinn fagnaði því að fá hjálp við að finna aðferð sem myndi henta nemandanum. Mat á frammistöðu drengsins var gert í upphafi til að athuga getu hans. Þjálfunin fór fram daglega í skóla eða á heimili hans og tók um klukkustund í senn með reglulegum pásam á milli verkefna. Í byrjun og enda hvers tíma fór fram skráning og þess á milli var þjálfun. Á átta skiptum fór færni hans úr 70-80% rétttra stafa upp í 100%. Næst tók við þjálfun algengra tveggja stafa orða sem fór eins fram. Byrjað var á sýnikennslu og síðan dregið smám saman úr aðstoðinni. Þegar hann hafði náð 100% færni í því tók við þjálfun þriggja stafa orða og svo koll af kolli. Meðfram orðþjálfun var drengurinn einnig látinn lesa stuttar setningar úr orðum sem var þegar búið að þjálfu. Framgang í frammistöðu hans verður sýnd. Þetta er dæmi um hvernig vettvangurinn hefur áhrif á viðfangsefni rannsókna og hvernig rannsóknir geta haft áhrif á færni nemenda á vettvangi og jafnvel kennsluaðferðir ef kennarar gerast áhugasamir um að læra að beita kennsluaðferðunum sem lýst verður.

Stofa: H-204

13:00 til 14:30

**Hvaða máli skipta rannsóknir fyrir skóla án aðgreiningar
Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga**

Hvaða máli skipta rannsóknir fyrir nemendur með sérþarfir?

Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Mvs. HÍ

Fjallað verður um hlutverk rannsókna á vettvangi í að varpa ljósi á hvernig kennsluaðferðir nýtast nemendum með ólíkar þarfir. Leitast verður við að svara spurningum um tengsl rannsókna og vettvangs, t.d. um hvort sömu aðferðir, jafnvel þó þær séu raunprófaðar, geti hentað öllum nemendum? Er alltaf árangursríkast að beita úrvali aðferða (*eclectic approach*) í einstaklingsmiðuðum úrræðum? Getur ný nálgun við mat og kennslu nemenda með námserfiðleika gefið þeim betri möguleika á jafngildu tækifæri til náms, eins og kveðið er á í lögum hérlendis? Þessi nýja nálgun, Svörun við inngrípi (*Response to Intervention - RTI*), hefur verið að ryðja sér til rúms vestanhafs og felur í sér að a) fylgjast grannt með námsframvindu nemenda í áhættuhópum, b) bregðast á markvissan hátt við fyrstu merkjum um erfiðleika í námi, c) beita stigskiptum inngrípum og d) meta svörun nemenda við inngrípunum þar til árangri hefur verið náð. Sýnd verða dæmi um hvernig RTI nálgunin hefur gert kleift að koma fljótt auga á nemendum með námserfiðleika, beita snemmtækri íhlutun með markvissri kennslu til að gera þeim nemendum kleift að standa aftur jafnfætis jafnöldrum sínum í námi.

Leiðin til árangurs í lestri

Helena Rafnsdóttir, grunnskólakennari í Njarðvíkurskóla
Steinunn Torfadóttir, lektor Mvs. HÍ
Helga Sigurmundsdóttir, sérkennari Háteigsskóla

Í erindinu verður sagt frá því hvernig hægt er að bæta árangur lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskóla og skila ánægðari og öflugri nemendum áfram upp skólastigin með raunprófuðum kennsluaðferðum, markvissri íhlutun og eftirfylgni. Sagt er frá lestrarkennslu sem byggir á stuðningskerfinu *Leið til læsis*, en kerfið er grundvallað á kenningum og rannsóknum síðustu áratuga á árangri lestrarkennslu í margbreytilegum nemendahópum. Komið hefur í ljós að við framkvæmd *Leiðar til læsis* er þörf á skilvirku skipulagi og nánú samstarfi stjórnenda, kennara og foreldra sem grundvallast á markvissri eftirfylgni, inngrípi í takt við stöðu hvers og eins og öflugum stuðningi og utanumhaldi.

Frá skólastofu til rannsókna og frá rannsóknum til skólastofu

Zuïlma Gabriela Sigurðardóttir, dósent Hvs. HÍ

Í nútímasamfélagi eru kröfur til kennara sífellt að aukast og einn þáttur sem gerir hlutverk kennarans í dag mjög vandasamt er fjölbreyttari nemendahópur sem hann þarf að sinna. Hlutverk kennarans verður mjög þungt ef hann þarf að uppgötva daglega, einn og óstuddur, kennsluaðferðir sem henta fjölbreyttum hóp nemenda. Hér verður rætt um hvernig kennarar geta nýtt það sem rannsóknir hafa sýnt að séu einkenni árangursríkrar kennslu í sínu daglega starfi. Fjallað verður um nokkrar raunprófaðar og árangursríkar kennsluaðferðir sem hafa reynst kennurum mjög hagnýt tól og tæki. Minnst verður á hvernig kennarar geta komið að rannsóknum á vettvangi og hvernig viðfangsefnin í skólum geta og hafa mótað viðfangsefni rannsókna þeirra sem starfa í háskólum á sviði náms og kennslu.

Stofa: H-204

15:00 til 16:30

Fá öll börn lestrarkennslu við hæfi?

Rannsóknarstofa um þroska mál og læsi barna og unglunga

Undirbúningur undir lestur hefst í leikskóla

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

Helga Sigurmundsdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Með því að skilgreina og bæta verkferla til að vinna eftir í leikskólum, bæði með aukinni samvinnu við sérfræðinga sem og foreldra má bæta áherslur í snemmtækri íhlutun. Kynnt verður þróunarverkefnið: *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*, sem unnið er í samvinnu við starfsfólk á leikskólanum Akraseli, Akranesi. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst m.a. í því að greina málþroskafrávik, skilgreina í hverju vandinn er fólgin og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa málörvun til að ná árangri. Mikilvægt er að bregðast við með íhlutun sem hæfir hverju barni um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Einn mikilvægur þáttur í málörvun er að meta árangur og velja málörvunarefni við hæfi. Í erindinu verða kynntar hagnýtar og gagnreyndar aðferðir í vinnu með ungum leikskólabörnum til að undirbúa þau betur fyrir listina að læra að lesa.

Mál og lestur eru nátengdir þættir og með því að veita sem fyrst markvissa málörvun í gegnum leik í daglegum aðstæðum er hægt að styrkja undirstöðupætti lestrar og draga þannig úr námserfiðleikum seinna meir

Hvaða áherslur í lestrarkennslu ráða úrslitum um árangur þeirra barna sem skimast hafa í áhættuhóp vegna lestrarerfiðleika

Helga Sigurmundsdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Steinunn Torfadóttir, lektor Mvs. HÍ

Sýnd verða dæmi um hvernig skimunar- og stuðningskerfið *Leið til læsis* nýtist til að skipuleggja kennslu nemenda með ólíkan undirbúning og hvernig hægt er að mæta þörfum allra barna í margbreytilegum nemendahópi. Í erindinu verður fylgst með nokkrum nemendum sem lentu í áhættuhóp um hugsanlega lestrarerfiðleika á skimunarprófinu *Leið til læsis* og fylgst er með framgangi lestrarnáms þeirra frá 1. – 4. bekk. Sýnd er kortlagning á styrkleikum og veikleikum í læsiþáttum út frá skimunarprófinu og fleiri athugunum og gerð er grein fyrir þeim inngrípum sem valin voru og þóttu mikilvæg út frá niðurstöðum skimunarinnar. Varpað er ljósi á þann árangur sem börnin náðu í lestrarnáminu milli mælinga á framförum og skoðaðir eru þeir áhrifaþættir sem ýta undir stöðugar framfarir og hina sem draga úr árangri kennslunnar.

Erfiðleikar með lesskilning við 9 – 10 ára aldur: Skyggst undir yfirborðið.

Steinunn Torfadóttir, lektor Mvs. HÍ

Helga Sigurmundsdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Þörfin til að finna börn sem eiga í erfiðleikum með að læra að lesa ætti ekki að þurfa réttlætningar við. Nákvæmt mat á lestri er afar þýðingarmikið svo börn fái viðeigandi kennslu sem er sérstaklega sniðin til að auka lestrar- og námsfærni þeirra. Margt bendir til að skilningur á töluðu og rituðu máli byggi á svipuðum undirliggjandi ferlum. Það að skilja ritmál krefst sams konar eða svipaðrar færni og að skilja talmál. Í erindinu eru kortlagðir styrkleikar og veikleikar í lestrarferli nokkurra nemenda sem lent hafa í erfiðleikum með lesskilning á samræmdum prófum í 4. bekk og á lesskilningsprófinu *Orðarún*. Jafnframt eru skoðaðir ýmsir hugrænir þættir sem skipta máli til að ná tökum á lesskilningi en sem ekki afmarkast eingöngu við viðfangsefni lestrar.

Myndasögur – Lestrarefni fyrir byrjendur í lestri

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, grunnskólakennari í Laugarnesskóla og meistaranemi,

Rannveig Auður Jóhannsdóttir lektor Mvs. HÍ

Erindið byggir á meistaraprófsritgerð fyrsta höfundar sem skrifaði myndasögur sem námsefni í lestrarkennslu. Markmið með verkefninu er að auka fjölbreytni í lestrarefni fyrir byrjendur en efnið er hugsað fyrir 6–9 ára nemendur. Myndasögur eru í eðli sínu grípandi lesefni og því áskorun að semja slíkt lestrarefni með byrjendur í lestri í huga. Rannsóknir sýna að námsáhugi hefur mikið að segja um frammistöðu nemenda í lestri og því er mikilvægt að nemendur hafi val um að lesa það sem þeim finnst áhugavert. Rannsóknir sýna einnig að myndasögur eru meðal fárra textategunda sem ná að fanga athygli ungra lesenda og að myndasögur geti verið stökkpallur inn í frekari áhuga á lestri. Myndasögublöðin eru átta blaðsíður með forsíðu og baksíðu. Stærð brotsins er 18x24cm. Blöðin eru tíu og fjalla um hundinn Kát sem ratar í ýmis ævintýri. Söguþráður sem tengist veruleika barna á þessum aldri og litríkar myndir voru höfð að leiðarljósi við ritun blaðanna. Með verkefninu hefur verið aukið við úrval léttlestrarefnis sem nemendum stendur til boða. Vonast er til að ekki verði staðar numið hér heldur haldið áfram að þróa fjölbreytt lestrarefni fyrir þennan aldurshóp.

Stofa-H205

10:30-12:00

Velferð ungmenna

Rannsóknarstofa í íþrótt og heilsufræði

Holdarfar, hreyfing og þrek íslenskra ungmenna

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs.,
Sandra Jónasdóttir, doktorsnemi Mvs.,
Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Mvs.,
Þórarinn Sveinsson, prófessor Hvs.,
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. og
Kristján Þór Magnússon, lektor Mvs.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða breytingar á holdafari, hreyfingu og þreki frá barnæsku fram á fullorðinsár hjá einstaklingum fæddum árin 1994 og 1988. Mælingar voru gerðar árið 2003 þegar þátttakendur voru 9 og 15 ára gamlir (N=742) og svo endurteknar árið 2011 þegar sömu einstaklingar voru 17 og 23 ára gamlir. Þátttakendur í báðum hópum árið 2011 voru 464 og er það um 70% þátttaka. Hreyfing var mæld með hreyfímælum og þrek var ákvarðað með hjólaprófi. Framkvæmd mælinga sem voru gerðar 2011 eru sambærilegar fyrri mælingum árið 2003. Niðurstöður sýna þegar meðaltöl eru skoðuð að líkamsþyngdarstuðull hækkar og fleiri einstaklingar flokkast í ofþyngd eða offitu. Hreyfing hefur minnkað um helming hjá báðum árgöngum og báðum kynjum hvort sem um er að ræða hreyfingu á virkum dögum, um helgar eða heildarhreyfingu. Þá hefur einnig þrek minnkað umtalsvert á þessum 8 árum. Fáar langtímarannsóknir eru til þar sem skoðaðar hafa verið breytingar á lifnaðarháttum eins og hreyfingu, holdafari og þreki frá barnæsku til fullorðinsára og gefur þessi rannsókn því alveg nýjar upplýsingar um þróun þessara þátta. Niðurstöður gefa ótvírætt til kynna að mikil þörf er á markvissum og vel skipulögðum forvörnum fyrir einstaklinga á þessu viðkvæma aldurskeiði.

Rakning og samspil áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma meðal íslenskra barna og ungmenna yfir 8 ára tímabil

Elvar Smári Sævarsson, meistaranemi Mvs., Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Mvs., Sandra Jónasdóttir, doktorsnemi Mvs., Kristján Þór Magnússon, lektor Mvs., Þórarinn Sveinsson, prófessor Hvs., Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. og Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs.

Áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma geta fundist í ungu fólki þó sjúkdómarnir geri ekki vart við sig fyrr en á fullorðinsárum. Þessir áhættuþættir geta rekist á milli aldursskeiða og því nauðsynlegt að hefja forvarnir snemma á lífsleiðinni. Þrek og staða áhættuþátta var metin með 8 ára millibili hjá ungum Íslendingum og mældist martæk fylgni milli mælinga á þrektölu (n 208), kólesteróli (n 125), HDL (n 125), LDL (n 125) og þríglýseríða (n 125) (p 0,001) en ekki á insúlíngildum (n 115). Einnig voru tengsl þrektölu og líkamssamsetningar við áhættuþætti skoðuð hjá 111 ungmönnum á aldrinum 17–23 ára. Þrek hafði neikvæð tengsl við insúlín (p=0,001), HOMA (p=0,0001), kólesteról (p=0,02) og þríglýseríð (p=0,001). Þessi tengsl ýmist rofnuðu eða héldu þegar leiðrétt var fyrir líkamsfitu mælt með mismunandi mæliaðferðum (BMI, mittismál, húðfellingabykkt, DXA fituprósentu). Þrektala fitulausa massans (n 94) hafði líka neikvæð tengsl við insúlín (p=0,006), HOMA (p=0,015) og þríglýseríð (p=0,014). Líkamsfitumælingar höfðu marktæk tengsl við sömu áhættuþætti og þrektalan og við LDL að auki. BMI og mittismál tengdust einnig HDL neikvæðum tengslum. Þrek hefur sjálfstæð áhrif á áhættuþætti hjá ungu fólki þrátt fyrir að leiðréttingar fyrir líkamsfitu dragi úr þeim áhrifum.

Skólamáltíðir á Norðurlöndum – heilsuefling, frammistaða og hegðun grunnskólanemenda (Promeal)

Ragnheiður Júníusdóttir, aðjunkt og doktorsnemi Mvs. HÍ
Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent Mvs. HÍ
Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor Hvs. HÍ

Heildarmarkmið Promeal er að auka vísindalega þekkingu á gildi skólamáltíða fyrir almenna heilsueflingu, frammistöðu og hegðun 10 ára grunnskólanemenda. Rannsóknin er styrkt af NordForsk og í samstarfi við Svíþjóð, Noreg og Finnland. Rannsókninni er m.a. ætlað að svara hvaða áhrif skólamáltíðir hafa á frammistöðu barna í skólanum og hegðun þeirra í skólastofunni; hvaða væntingar börnin hafa til skólamáltíða og hvort skipulag skólamáltíða, s.s. umhverfi og félagslegir þættir hafi áhrif á fæðuvalið. Eins verður leitast við að bera niðurstöður saman milli landa, en skólamáltíðir eru skipulagðar á mismunandi hátt á Norðurlöndum. Rannsóknin hefst haust 2013 en þátttakendur verða 10 ára gömul grunnskólabörn, 200 frá hverju landi. Heildarmataræði barnanna verður metið með gildum tíðnisurningalista um fæðuval. Ljósmyndir af matardiskum þátttakenda verða notaðar til að meta gæði og magn þess matar sem skammtað er á diskinn og því sem kann að vera skilið eftir. Hegðun og athygli nemenda í skólastofunni verður metin með kerfisbundnum aðferðum 1-2 klukkustundum eftir skólamáltíðina. Fáar sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar og engin á Norðurlöndunum. Rannsóknin mun gefa mikilvægar upplýsingar um gildi skólamáltíða er kemur að almennri heilsueflingu og hvernig skólamáltíðir geti á sem bestan hátt stutt við það starf sem unnið er í grunnskólum.

Er kynjamunur á andlegri líðan íslenskra ungmenna

Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ
Kristján Þór Magnússon, lektor Mvs. HÍ
Þórarinn Sveinsson, prófessor Hvs. HÍ
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ
Ársæll Arnarsson, prófessor HA
Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Í rannsókninni er lögð áhersla á að skoða kynjamun á langtíma þróun sjálfstrausts og annarra sálrænna þátta hjá íslenskum ungmendum, frá 15 ára aldri til 23 ára aldurs. Rannsóknir hafa sýnt að gott sjálfstraust tengist andlegri vellíðan óháð aldri einstaklinga. Þátttakendur, sem komu víðs vegar af landinu svöruðu sama spurningalista þegar þeir voru 15 ára og svo aftur átta árum síðar þegar þeir voru 23 ára, 385 einstaklingar voru mældir við 15 ára aldur en 201 við 23 ára aldur. Niðurstöður sýndu að unglingsstrákar hafa að meðaltali betra sjálfstraust, betri líkamsmynd, minni kvíða, þunglyndi, verki og sálvefræn einkenni en unglingsstúlkur. Enginn munur fannst á lífsánægju kynjanna á unglingsaldri. Átta árum síðar eru karlar með minni kvíða og færri sálvefræn einkenni en konur, aftur á móti eru þær ánægðari með lífið en karlarnir. Ekki fannst kynjamunur á sjálfstrausti, líkamsmynd, þunglyndi eða verkjum við 23 ára aldurinn. Sjálfstraust kvenna jókst meira en karla frá 15 til 23 ára aldurs og stærra hlutfall kvenna en karla er ánægðari með lífið við 23 ára aldurinn. Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að sá kynjamunur sem verið hefur á andlegri líðan síðustu ár og áratugi er að breytast og hugsanlega á kostnað karlanna.

Íþróttameiðsli íslenskra ungmenna fæddra 1988 og 1994

Margrét H. Indriðadóttir, meistaranemi Mvs. HÍ
Sandra Jónasdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ
Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ
Þórarinn Sveinsson, prófessor Hvs. HÍ
Kristján Þór Magnússon, lektor Mvs. HÍ
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ
Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að afla vitneskju um algengi íþróttameiðsla ungmenna sem stunda skipulagðar íþróttir og líkamsrækt og hverjar geta verið afleiðingar meiðsla með tilliti til brottfalls úr íþrótt, fjarveru frá leikjum og keppni og aðstoðar heilbrigðisstarfsmanna. Einnig hvort tengsl finnast á milli meiðsla og kyns, aldurs, magns iðkunar, fituprósentu og þreks. Rannsóknin er hluti af rannsókninni Atgervi ungra Íslendinga og eru þátttakendur 457 ungmenni frá Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og höfuðborgarsvæðinu, á aldrinum 17 og 23 ára. Lagður var fyrir spurningalisti, holdafar metið með DXA og klípumælingu húðfellinga og tekið stigvaxandi hámarksþrekþróf á hjóli. Af 440 sem einhvern tímann höfðu stundað skipulagt íþróttastarf voru 156 enn við iðkun 2-7 sinnum í viku, en 284 hættir reglubundinni ástundun.

Ástundun ípróttta og/eða líkamsræktar var engin hjá 42 en mismikil hjá 415. Fyrstu niðurstöður eru að af þeim sem voru hætt í skipulögðu ípróttastarfi voru 20.1% mjög sammála því að þau hefðu hætt vegna ípróttameiðsla. Af öllum meiðslum síðastliðins árs, þar sem leitað var aðstoðar heilbrigðisstarfsmanns, þá voru 64% meiðsla vegna ípróttta með ípróttafélagi (53%) eða líkamsrækt á eigin vegum (11%). Ípróttameiðsli og afleiðingar þeirra eru vaxandi lýðheilsuvandamál sem þarfnast frekari rannsókna með það að höfuðmarkmiði að koma í veg fyrir þess konar meiðsli.

Stofa: H-205

13:00-14:30

Ípróttir, heilsa og lífsstíl

Rannsóknastofa í ípróttta- og heilsufræði

Áhrif 6 mánaða fjölpætttrar þjálfunar á hreyfigetu, vöðvakraft, þol og líkamsþyngdarstuðul eldri karla og kvenna og kynjamun

Janus Guðlaugsson, lektor Mvs. HÍ

Thor Aspelund, dósent Hvs. HÍ

Vilmundur Guðnason, prófessor Hvs. HÍ

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Pálmi V Jónsson, prófessor Hvs. HÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Góð hreyfigeta hefur umtalsverð áhrif á sjálfstæði og vellíðan eldra fólks. Slök hreyfigeta getur aftur á móti skert athafnir daglegs lífs. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða áhrif sex mánaða þjálfunar á hreyfigetu karla og kvenna og hvort þjálfunin hefði ólík áhrif á kynin. 117 einstaklingar á aldrinum 71–90 ára tóku þátt í rannsókninni, sem höfðu jafnframt tekið þátt í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar. Snið rannsóknarinnar var víxlað með handahófskenndu vali í tvo hópa. Eftir 6 mánaða íhlutun varð 32% bæting á daglegri hreyfingu karla og 39% hjá konum. Bæting á hreyfigetu karla var um 5% og 7% hjá konum. Fótcraftur karla jókst um 8% og kvenna um 13%. Bæði karlar og konur bættu hreyfijafnvægi um 10%, gönguvegalengd jókst hjá báðum kynjum um 6% og líkamsþyngdarstuðull kynjanna lækkaði um tæplega 2%. Framangreindar breytingar voru allar tölfræðilega marktækar ($p < 0,05$). Enginn kynjamunur mældist af áhrifum þjálfunar. Heildaráhrif þjálfunar á hreyfigetu og hreyfijafnvægi héldust í allt að 12 mánuði eftir að íhlutun lauk. Fjölpætt þjálfun hefur jákvæð áhrif á hreyfigetu eldri einstaklinga, kynin bregðast á sambærilegan hátt við þjálfun og halda áunnum breytingum á hreyfigetu við í allt að 12 mánuði. Rannsóknin bendir eindregið til þess að hófleg kerfisbundin þjálfun fyrir þennan aldurshóp ætti að vera hluti af hefðbundinni heilsugæslu aldraðra.

Sérhæft knattspyrnuþol leikmanna í landsliðsúrtaki U-17, U-19 og A-landsliðs kvenna á Íslandi.

Aðalsteinn Sverrisson, meistaranemi Mvs. HÍ

Janus Guðlaugsson, lektor Mvs. HÍ

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari í knattspyrnu

Árangur í knattspyrnu veltur á fjölmörgum atriðum eins og tækni, leikfræði og þreki. Leikmenn í góðu líkamlegu formi ráða betur við kröfur leiksins en þeir sem eru ekki eins vel á sig komnir og er því mikilvægt að ákvarða þrek þeirra. Yo-Yo IR1 þrekmæling er eitt mest notaða prófið fyrir knattspyrnumenn í dag. Það metur sérhæft knattspyrnuþol og endurheimt en prófið svipar til hreyfinga knattspyrnuleikmanna.

Markmið verkefnis er að varpa ljósi á líkamlegt þrek knattspyrnukvenna sem valdar hafa verið til æfinga á árinu 2013 hjá íslenskum kvennalandsliðum í aldurshópunum U-17, U-19 og A-landsliði. Markmiðið er jafnframt að bera saman landsliðin, meta niðurstöður út frá stöðluðum viðmiðunum og athuga mun á þreki leikmanna eftir aldri, leikstöðu og búsetu. Þátttakendur úr þremur knattspyrnulandsliðum (n=74) tóku þátt í Yo-Yo IR1 þrekprófi við staðlaðar aðstæður. Prófið samanstendur af 20 metra lotuhlaupum með 5 sekúnda hvíldartíma á milli lota þar sem hraðinn eykst eftir hverja lotu. Vonast er til að geta varpað ljósi á þol landsliðskvenna knattspyrnu í landsliðum Íslands. Nýta má niðurstöður sem mælistiku fyrir þjálfara til að vege og meta stöðu leikmanna hvað sérhæft þol snertir.

Áhrif Stig II þjálfunar eftir kransæðaaðgerð

Fríða Ammendrup, meistaranemi Mvs. HÍ

Gunnar Guðmundsson, prófessor Hvs. HÍ

Erlingur Jóhannsson prófessor Mvs. HÍ

Í þessari rannsókn er mikilvægi hreyfingar fyrir hjartasjúklinga skoðað, eða nánar tiltekið hver áhrif Stig II þjálfunar HL-stöðvarinnar í kjölfar kransæðaaðgerðar eru. Rannsóknarspurningin er: Hefur Stig II þjálfun HL-stöðvarinnar áhrif á líkamlega heilsu og lífsgæði í kjölfar kransæðaaðgerðar eða annars inngríps. Markmið rannsóknarinnar er að komast að því hvort fyrrgreind þjálfun skili sér í bættri líkamlegri heilsu og betri lífsgæðum, með það fyrir augum að hvetja einstaklinga sem þurfa að gangast undir kransæðaaðgerðir til að hreyfa sig í kjölfarið. Ávinningur rannsóknarinnar er einnig sá að gefa dýrmætar upplýsingar sem geta gagnast HL-stöðinni við endurmat á þjálfuninni. Þátttakendur eru einstaklingar sem leita til HL-stöðvarinnar í þjálfun í kjölfar kransæðaaðgerðar eða annars inngríps. Í upphafi og við lok þjálfunar eru gerðar holdafarsmælingar, framkvæmt áreynslupróf og lagður fyrir SF-36 spurningalisti um lífsgæði. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna marktæka bætingu á þreki skv. áreynsluprófi. Eins kemur fram marktæk bæting á líkamlegri heilsu skv. SF-36, en hún virðist aðallega eiga við þann hóp sem er við verri líkamlega heilsu fyrir þjálfun. Ekki sést marktæk breyting á andlegri heilsu. Úrvinnslu er ekki lokið en af

Þessum fyrstu niðurstöðum má álykta að þjálfun HL-stöðvarinnar sé að skila árangri, en hugsanlega mætti huga betur að andlega þættinum þar sem hann er ekki síst mikilvægur hjá þessum sjúklingum.

Þrek og hreyfing sjómanna 2012

Eliths Freyr Heimisson, meistaranemi Mvs. HÍ
Sonja Sif Jóhannsdóttir, MS íþróttافرæði
Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Árið 2007 var framkvæmd 6 mánaða íhlutunarrannsókn meðal íslenskra sjómanna þar sem lögð var áhersla á að breyta hreyfimyndri og bæta mataræði þeirra. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hvort umrædd íhlutun hafi haft áhrif á heilsu, þrek og hreyfingu þátttakenda að fimm ára liðnum. Þátttakendur árið 2007 voru 62 og núna árið 2012 voru 78 og sambærilegar mælingar gerðar. Holdafars- og heilsufarsmælingar, blóðþrýstingur, blóðsýni voru tekinn og þrek var mælt á hjóli. Spurningalistar voru notaðir til ákvarða heilsuhegðun, andlega líðan og lifnaðarhætti þátttakenda. Fyrstu niðurstöður sýna að þeir sjómenn sem tóku þátt í íhlutunarrannsókninni árið 2007 eru með marktækt meira þrek en þeir sem gerðu það ekki ($p < 0,05$), og fleiri hreyfa sig reglulega borið saman við viðmiðunarhóp. Helmingur þeirra sem tóku þátt í rannsókninni árið 2007 töldu að þátttakan í rannsókninni árið 2007 hefði haft jákvæð áhrif á hreyfivenjur þeirra á undanförunum árum. Enginn munur var á holdarfarsmælingum, blóðþrýstingi eða blóðgildum hjá íhlutanarhópi og samanburðarhópi. Niðurstöðurnar sýna að sú heilsuíhlutun sem framkvæmd var fyrir 5 árum hefur ennþá jákvæð áhrif á hreyfimyndur og þrek þátttakenda. Þessar niðurstöður er athyglisverðar og undirstrika að markvissar jákvæðar breytingar á lifnaðarháttum fólks getur haft umtalsvert gildi fyrir heilsu þeirra og vellíðan til lengri tíma lítið.

eEquity - jöfn tækifæri til heilsueflingar

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Rannsóknir benda til að jaðarhópar í Evrópu eigi við meiri heilsufarsvanda að stríða en almennt gengur og gerist, þar á meðal offitu og næringartengda sjúkdóma. Í þessum hópum er meðal annars fólk sem getur átt erfitt með að skilja og nýta sér heilsutengdar upplýsingar eða eiga samskipti við heilbrigðiskerfið á skilvirkan máta. Með notkun sjónræns efnis og sýnikennslu sem ýtir undir hagnýta færni ásamt einföldu tungutaki, hvatningu og sjálfsstyrkingu má auka líkurnar á að heilsuefling og að forvarnir skili sér í breyttri hegðun. eEquity verkefnið er til tveggja ára og á tímabilinu hefur hópur frá fimm löndum tekið saman upplýsingar um gagnreyndar aðferðir til að auðvelda tjáskipti og ráðgjöf með aðstoð tæknibúnaðar s.s. spjaldtölvum og snjallsímum. Hér má t.d. sjá fyrir sér notkun myndefnis af ýmsu tagi, myndbönd og leiki. Verkefninu er einnig ætlað að yfirfæra þekkingu milli heilbrigðisstétta og þær deili með sér reynslunni sem þær hafa í notkun rafrænna miðla í samskiptum og miðlun til skjólstæðinga með það að leiðarljósi að auka jafnrétti og tækifæri til að hlúa að heilsunni. Samstarf er við Heilsuskóla Barnaspítalans þar sem að þróað var efni sem getur nýst í starfi með fjölskyldum með

offeit börn. Verkefnið er styrkt af Leonardo, starfsmenntahluta menntaáætlunar Evrópusambandsins.

H-205

15:00-16:30

Þroskahömulur og heilsufar

Rannsóknarstofa í íþróttá- og heilsufræði

Tengsl þroskahömlunar við þrek og líkamsfitu meðal íslenskra grunnskólabarna

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi og aðjunkt Mvs. HÍ

Stephan Bandelow, dósent Loughborough University

Daniel Daly, dósent Katholic University of Leuven (KUL)

Erlingur Jóhannson prófessor Mvs. HÍ

Tíðni ofþyngdar og offitu er hærri meðal fullorðinna einstaklinga með væga til meðalmikla þroskahömlun heldur en þeirra sem eru með mikla þroskahömlun. Lítið er hins vegar vitað um tengsl þroskahömlunar við þrek og líkamsfitu meðal barna. Líkamsgerð, líkamssamsetning og þrek voru metin hjá 72 börnum (49 drengir) með þroskahömlun á grunnskólaaldri og jafnmörgum, jafngömlum börnum (41 drengur) án þroskahömlunar. Stig þroskahömlunar var metið með greindarprófi. Þroskahömluðu börnin voru lægri, feitari og þrekminni en jafnaldrar þeirra eftir leiðréttingar fyrir aldri, kyni og kynþroska ($p < 0,02$). Þroskahömluðu börnin náðu líka verri árangri á greindarprófinu. Árangur á greindarprófi tengdist ekki líkamsfitu í hvorugum hópi barnanna en hafði gangstæð tengsl við þrek ($p < 0,03$) hjá þroskahömluðu börnunum (engin tengsl við þrek hjá börnum án þroskahömlunar). Línuleg tengsl milli þreks og stigs þroskahömlunar fundust einnig þegar þroskahömluðu börnunum var skipt í fjórðunga eftir árangri á greindarprófinu ($p < 0,04$) og tilhneyging línulegra tengsla fannst milli líkamsfitu og stigs þroskahömlunar ($p = 0,078$). Þrátt fyrir að þroskahömlun virðist ekki tengjast líkamsfitu á meðal þroskahamlaðra barna eru slík tengsl til staðar fyrir þrek, kannski vegna þess að flóknari hugarferla þarf til að framkvæma þrekprófið.

Þekking barna með þroskahamlaðir og fjölskylda þeirra á hreyfingu og mikilvægi hennar.

Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi og adjunkt Mvs. HÍ

Dan Daly dósent, Katholic University of Leuven (KUL)

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Á undanförunum árum hefur Lýðheilsustöð og síðar landlæknisembættið rekið markvissan áróður fyrir aukinni hreyfingu landsmanna og þá sér í lagi barna á grunnskólaaldri. Áróðrinum fylgja gjarnan leiðbeiningar um hversu mikið þarf að hreyfa sig og af hversu mikilli ákefð, ef hættan á ýmsum lífsstílstengdum sjúkdómum á ekki að aukast í kjölfar ofþyngdar og lítillar hreyfingar. Ef til vill er þessi áróður að skila sér til ungmenna

landsins því margt bendir til þess, samkvæmt nýlegum rannsóknum, að tíðni ofþyngdar og offitu hjá grunnskólabörnum standi nú í stað og að hreyfing þeirra minnki ekki lengur.

Þegar börn með þroskahömlun og fjölskyldur þeirra voru beðin um að svara saman spurningum um hvort þau teldu að börnin hreyfðu sig nægjanlega mikið kom í ljós að einungis 33% töldu að þau hreyfðu sig of lítið eða alltof lítið, á meðan mælingar sýndu að innan við 10% úrtaksins var nálægt því að ná þeim markmiðum landlæknisembættisins. Einungis rúmlega 50% af börnunum með þroskahömlun stunduðu reglulega íþróttir í hverri viku á meðan nærri 80% af ófötluðum börnum gerðu slíkt hið sama.

Hreyfingarmælingar á íslenskum grunnskólabörnum með þroskafrávik.

Marta Ólafsdóttir, nemi Hvs. HÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi og aðjunkt Mvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hreyfingu þroskahamlaðra barna og kanna hvort þroskahömluð börn væru að ná ráðlagðri hreyfingu Lýðheilsustöðvar. Þátttakendur (n=30) koma úr einum sérskóla í Reykjavík. Hreyfing þátttakenda var mæld með hröðunarmælum sem notast var við í allt að tíu daga (sex virka daga og fjóra helgardaga) en minnst þrjá daga (tvo virka daga og einn helgardag).

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að enginn þeirra einstaklinga sem tók þátt í rannsókninni náði þeim 60 mínútum á dag í hreyfingu af meðalerfiðri og/eða erfiðri ákefð sem Lýðheilsustöð mælir fyrir. Þátttakendur eyddu að meðaltali 7,7 mínútum á dag í hreyfingu af meðalerfiðri og erfiðri ákefð. Strákar hreyfðu sig marktækt meira en stúlkur eftir skóla (p=0,018) en ekki reyndist marktækur munur á hreyfingu milli kynja á skólatíma þrátt fyrir talsvert meiri hreyfingu stúlkna (p=0,059). Hreyfing á skólatíma virtist ráða hvað mestu um hreyfingu þátttakenda á virkum dögum og bæði drengir og stúlkur hreyfðu sig marktækt meira á virkum dögum en um helgar (p<0,05). Þá sýndu niðurstöður einnig að bæði drengir og stúlkur hreyfðu sig marktækt meira á skólatíma en eftir að skóla lauk (p<0,05). Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að stuðla þurfi að aukinni hreyfingu meðal þroskahamlaðra barna hér á landi.

Hreyfing og hreyfingarleysi þroskahamlaðra barna

Gunnhildur Hinriksdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Daniel Daly, dósent Katholic University of Leuven (KUL)

Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi Mvs. HÍ

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Regluleg hreyfing er mikilvæg til að fyrirbyggja ýmsa lífstíllssjúkdóma. Þroskahamlaðir (ÞH) fullorðnir einstaklingar hreyfa sig minna en þeir sem eru án þroskahömlunar (án ÞH), en minna er vitað um hreyfimyntur ÞH barna sem getur haft áhrif á áhættu þeirra á þróun lífstíllssjúkdóma síðar á ævinni. Markmiðið var því að kanna hreyfimyntur íslenskra ÞH barna. Gerðar voru ýmsar líkamsmælingar á ÞH börnum (47 drengir, 24 stúlkur) og börnum án ÞH (41 drengir, 29 stúlkur) s.s. hæð, þyngd, ummál og

líkamssamsetning með DXA. Dagleg hreyfing, bæði virka daga og helgar, var mæld með hreyfímælum. Hreyfing yfir 2296 slög/mín var skilgreind sem meðaláköf hreyfing. Helstu niðurstöður voru þær að börn ánPH hreyfa sig mun meira en PH börn, og drengir ánPH hreyfa sig sínu mest. Í raun voru það aðeins drengir án PH sem náðu að uppfylla hreyfiráðleggingar frá Embætti Landlæknis um 60 mínútur af meðal-ákafri hreyfingu á dag.

Stofa: H-206

10:30 til 12:00

Hringborð

Mótsagnir og möguleika.

Þróun námsfyrirkomulags í háskólakennslu með áherslu á þróun kennaranáms

Tilgangur hringborðs er að tefla saman tveimur ólíkum straumum í þróun háskólanáms. Annars vegar er um að ræða þróun sem byggist á að nota netið til að bjóða aðgang að námi sem er opið og aðgengilegt öllum sem vilja og geta nýtt sér það, svokallað opið netnám (e. MOOC, massive open online courses). Hins vegar eru hugmyndir um sjálfbærni þar sem áhersla er á virka þátttöku háskólanema og tengsl við þarfir á vettvangi. Í báðum tilvikum getur netið og upplýsinga- og samskiptatækni verið hluti af þróuninni og í málstofunni verður það gert að umtalsefni hvernig og hverjum tæknin getur þjónað.

Spurningin snýst um hvernig rannsóknir (okkar) geta stutt við þróun kennaranáms og hvernig það tengist eða helst í hendur við þróun ólíks námsfyrirkomulags á háskólastigi um þessar mundir.

Í hringborði verðar fjórar stuttar kynningar og í kjölfarið umræða um tvo meginþætti. Annars vegar hvort og að hvaða marki við sem störfum við kennaramenntun róum í sömu átt og hvort og hvernig það skipti máli. Hins vegar hvernig við getum tekið mið af rannsóknum og kenningum sem reifaðar verða til að skapa skilyrði fyrir þróunarstarf á Menntavísindasviði.

Þróun opins netnáms (MOOC) í Háskóla Íslands

Sólveig Jakobsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Fjallað verður um stefnumótun um þróun háskólanámskeiða á neti í formi opins netnáms en Sólveig hefur tekið þátt í starfshópi á vegum Háskólaráðs HÍ um vefstudda kennslu og nám á vormisseri 2013. Fjallað er um mjög ólíkar tegundir opinna netnámskeiða meðal annars með tilliti til kennsluhátta. Sagt er frá helstu tillögum starfshópsins og þær tengdar við þróun mismunandi námsfyrirkomulag við HÍ, s.s. í fjarnámi og í samkennslu stað- og fjarnema. Þá verður rætt um möguleika sem felast í þessu felast.

Sjálfbærnistefna Háskóla Íslands

Allyson Macdonald, prófessor Mvs. HÍ
Auður Pálsdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Í Sjálfbærni- og umhverfisstefnu HÍ 2011–2016 segir að sjálfbærni verði að veruleika með virkri þátttöku nemenda og því að þeir taki ábyrgð á eigin gjörðum þar sem þeir eigi m.a. kost á að velja sjálfir viðfangsefni og taka þátt í að ákveða hvernig þekkingar er aflað og henni miðlað. Þannig er aukið vægi þátttökunáms sem er annað tveggja markmiða háskólans á sviði náms og kennsluhátta.

Í matsviðmiði segir að óskastaðan felist í að áhugi og þarfir nemenda ráði miklu um efnistöð í námskeiðum og að áhersla sé á þátttökunám og nám byggt á á beinni reynslu nemenda.

Rætt verður út frá rannsóknum á skólastarfi hvers konar nám og kennsla styðja við sjálfbærnimenntun og auki þátttöku nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu, og þessar niðurstöður skoðaðar í ljósi áherslna UNESCO og áratugar um menntun til sjálfbærrar þróunar.

Þarfir á vettvangi

Ingvar Sigurgeirsson, professor Mvs. HÍ
Lilja M. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Fjallað verður um þróunina á vettvangi skólastarfs bæði eins og hún hefur birst í rannsóknum á kennaranámi og í reynslu háskólakennara af samstarfi við vettvang um skólaþróun. Rætt verður hvaða tilefni niðurstöður rannsókna gefa til að bregðast við í þróun kennaranáms og sú umræða sett í samhengi við reynslu af samstarfi við skóla.

Möguleikar í mótsögnunum

Þuríður Jóhannsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Fjallað verður um hvernig nýta má aðferðir og hugtök úr menningar- og sögulegri starfsemiskenningu til að styðja við þróunarstarf sem tekur mið af þeirri mótsagnakenndu þróun sem reifuð hefur verið. Þær kenningar gera ráð fyrir að möguleikar felist í að greina mótsagnir í þróun þar sem haft er að leiðarljósi að efla þurfi atbeina, eða getu einstaklinga og hópa til aðgerða til að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi. Spurt verður hvernig styðja megi við þróun kennaramenntunar bæði á vettvangi háskóla og skóla- og uppeldisstarfs.

Fundarstjóri: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: *Áhrif hugmynda nýfrjálshyggju á þróun kennaranáms – viðbrögð við málstofuerindum.*

Stofa: H-206

13:00 til 14:30

Skipulag, samþætting og samstarf

Textílmennt kennd í lotukerfi

Arngunnur Sigurþórsdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Í erindinu er fjallað um lotukerfi í list- og verkgreinum í grunnskólum á Íslandi. Rannsókn var gerð á umfangi lotukerfisins skólaárið 2010-2011. Einnig voru skoðaðar ástæður þess að kerfið var tekið upp. Meginmarkmið var að skoða kosti og galla þess að kenna námsgreinina textílmennt í lotum ásamt því að skoða stöðu hennar í lotukerfi grunnskólanna.

Þátttakendur voru 66 skólastjórnendur í grunnskólum sem kenna list- og verkgreinar í lotum og textílkennarar í sömu skólum.

Rannsóknin leiðir í ljós að tæplega 40% grunnskóla á Íslandi kenna list- og verkgreinar að einhverju leyti í lotum. Niðurstöður gefa til kynna að lotukerfið hafi þróast innan grunnskólanna frá því um síðustu aldamót og flestir skólar hafa tekið það upp til þess að þróa nýbreytni í skólastarfi ásamt því að skapa rými fyrir fleiri námsgreinum.

Almenn ánægja ríkir með lotukerfið og kostir þess virðast hafa mun meira vægi en ókostir. Meginniðurstöður eru þær að kerfið býður upp á skilvirkara og fjölbreyttara nám, bæði í textílmennt og öðrum námsgreinum.

Þrátt fyrir almenna ánægju þurfa textílkennarar að standa vörð um kennslugrein sína og vera á varðbergi gagnvart miklu álagi og of stórum nemendahópum, einnig að gæta þess að nemendur fái kennslustundir samkvæmt því sem námskrá segir til um.

1, 2 og Fellaskóli: Samþætting skóla- og frístundastarfs 1. og 2. bekkjar í Fellaskóla.

Ester H. Líneyjardóttir, stjórnandi í grunnskóla
Kolbrún Þ. Pálsdóttir, lektor Mvs. HÍ
Brynja E. Halldórsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Frá haustinu 2012 hefur skóladagur nemenda í 1. og 2. bekk í Fellaskóla verið samfelldur frístundastarfi og er því lengri en venjulegur skóladagur. Skólinn tók yfir rekstur frístundaheimilis sem áður var starfrækt af Íþrótt- og tómsundasviði. Markmið verkefnisins var að skapa nemendum samfelldan skóladag þar sem kennsla og óformlegt nám fléttast saman í skóla- og frístundastarfi. Mikil áhersla er lögð á markvissa málörvun, en rúmlega helmingur nemenda í Fellaskóla á íslensku sem annað mál, og með lengdum skóladegi er hægt að auka viðveru þeirra í íslensku málumhverfi. Einnig er markmið verkefnisins að auka félagsfærni nemenda með snemmtækri íhlutun í samráði við leikskóla í hverfinu í þróunarverkefninu Okkar mál, sem er samstarfsverkefni fagstétta í Breiðholti. Í þessu erindi er hugmyndafræði og framkvæmd verkefnisins "1, 2 og Fellaskóli" gerð skil. Jafnframt verður greint frá innra og ytra mati verkefnisins sem framkvæmt var á vordögum 2013 og þeim lærdómi sem draga mátti af því mati. Verkefninu verður haldið áfram skólaárið 2013-2014 og munu höfundar ræða stöðu verkefnisins og mögulega framtíð þess.

Sjálfbóðaliðastarf 8. bekkinga: Samstarf foreldra, skóla og rannsakenda

Ragný Þóra Guðjohnsen, doktorsnemi Mvs. HÍ

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Mvs. HÍ

Ingimar Waage, grunnskólakennari í Garðaskóla

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri og foreldri

Í þessu erindi verður kynnt þróunarverkefni sem felst í sjálfbóðaliðapátttöku ungmenna sem stunda nám við grunnskóla í Garðabæ. Markmið þróunarverkefnisins verða kynnt, svo og kenningarlegur bakgrunnur þess, og greint frá reynslu nemenda.

Skilgreint verður hvað átt er við með borgaralegri þátttöku ungs fólks og fjallað um samband sjálfbóðaliðastarfs ungmenna við þætti eins og borgaravitund og hugmyndir um góðan borgara í lýðræðisþjóðfélagi. Kynntar verða rannsóknir sem benda til þess að sjálfbóðaliðastarf geti opnað augu ungs fólks fyrir fátækt og ójafnræði hjá tilteknum samfélagshópum, aukið fjölmenningsvitund þeirra og samfélagsábyrgð. Þá verður fjallað um möguleg tengsl á milli sjálfbóðaliðapátttöku ungmenna og viðhorfa þeirra til borgaralegrar þátttöku í framtíðinni.

Rætt verður um samstarf foreldra, skóla, félagslegra hreyfinga/stofnana og háskólasamfélagsins í ljósi kenninga um félagsauð. Greint verður frá upplifun unga fólksins af þátttöku í sjálfbóðaliðastarfi vorið 2013 sem hluta af lífsleiknámami og hvernig niðurstöður geta stutt við stefnumótun í námi grunnskólabarna. Sérstaklega verður rætt hvernig kennsluáferðir tengdar þróunarverkefninu geta verið liður í að vinna að hæfnismarkmiðum í nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem lúta að eflingu borgaravitundar og lýðræðislegrar þátttöku.

Stofa: H-207

10:30 til 12:00

Leikum, lærum og lifum

Rannsóknastofa um menntun ungra barna

Leikum, lærum og lifum

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að vinna með tengsl leiks og náms í leikskólum. Gengið er út frá aðalnámskrá leikskóla (2011) en þar er lögð áhersla á leik sem helstu námsleið ungra barna og sem þungamiðju leikskólastarfsins. Jafnframt er tekið mið af námsviðum leikskólans og grunnþáttum menntunar sem kynntir eru í aðalnámskrám skólastiganna.

Rannsóknin var samstarfsverkefni RannUng og sveitarfélaganna í Kraganum.

Starfendarannsókn var unnin í fimm leikskólum í jafnmörgum sveitarfélögum og hófst

verkefnið á vormisseri 2012. Starfendarannsóknir snúast um ígrundun, aukinn skilning, aðgerðir og breytingar á starfsháttum. Kennarar, taka virkan þátt í rannsókninni með það fyrir augum að bæta eigið starf.

Leikskólarnir unnu með leik og eitt ákveðið námssvið:

- Læsi og samskipti
- Sjálfbærni og vísindi
- Lýðræði
- Vellíðan
- Sköpun

Í þessu erindi verður rannsóknarsniðið og rannsóknarferlið kynnt, en fylgt var spíralferli sem felur í sér (a) skipulag og undirbúning, (b) framkvæmd, (c) gagnaöflun, (d) ígrundun og mat og (e) kynningu. Jafnframt verða ígrundaðir kostir og ókostir samstarfsrannsókna háskólakennara og kennara á vettvangi og þær hindranir sem geta staðið í vegi slíkra rannsókna.

Leikum, lærum og lifum - Lýðræði í leikskólastarfi

Erla Ósk Sævarsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ
Kristín Karlsdóttir, lektor Mvs. HÍ, ásamt leikskólakennurum
Margrét Bára Einarsdóttir, **deildarstjóri leikskólanum Dal**

Markmið rannsóknarinnar var að skoða og þróa lýðræðislega starfshætti í leikskóla. Sett var fram rannsóknarspurningin: Hvernig geta leikskólakennarar staðið að lýðræðislegum starfsháttum og hvernig birtast þeir í leik og námi barna? Í rannsóknarferlinu var sjónum beint að breytingum á skipulagi, mati á skólastarfi og lýðræðislegum samskiptum. Þátttakendur í rannsókninni voru börn á einni leikskóladeild á aldrinum 3 til 6 ára og þeir starfsmenn sem unnu á deildinni. Sérfræðingur og meistaranemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands unnu með starfsmönnum leikskólans og leiðbeindu um framkvæmd.

Lýðræði í leikskólastarfi snýst um rétt barna til að hafa áhrif á tilveru sína, þar sem þeim er gert kleift að taka virkan þátt, framkvæma sjálf og tjá sig. Möguleikar barna til að tjá sig eru aðrir en fullorðinna og því er mikilvægt að hlustað sé á tjáningu barna svo skapa megi aðstæður þar sem þau eru virkir þátttakendur. Lýðræði felst ekki eingöngu í því að tjáningarfrelsi sé virt og meirihluti ráði heldur þarf einnig að skoða hvernig barnið upplifir þátttöku sína og möguleika til að hafa áhrif. (Bae, 2009; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Rinaldi, 2005).

Greint verður frá því hvernig þátttakendur skoðuðu lýðræði, annars vegar út frá eigin skilningi á hugtakinu og hins vegar hvernig það birtist í leikskólastarfinu með hliðsjón af skipulagi, mati á skólastarfi og lýðræðislegum samskiptum. Einnig mun meistaranemi greina frá reynslu sinni, lærdómi og upplifun af þátttöku í verkefninu.

Leikum, lærum og lifum: Velliðan í leikskóla

Bryndís Garðarsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Sara Margrét Ólafsdóttir, meistaranemi

Marta Dögg Sigurðardóttir, leikskólakennari

Markmið rannsóknarinnar var að vinna með tengsl leiks og náms í leikskóla með áherslu á vellíðan barna. Tveir leikskólakennarar, þrír starfsmenn og börn á aldrinum 3 - 4 ára tóku þátt í samstarfsrannsókn með það að markmiði að auka vellíðan barna í leik og starfi. Sérfræðingur og meistaranemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands unnu með starfsmönnum leikskólans og leiðbeindu um framkvæmd. Í rannsóknarferlinu var sjónum beint að daglegu skipulagi, samskiptum barna og samskiptum barna og fullorðinna.

Velliðan barns tengist sjálfsmynd þess, hvort það hefur trú á eigin hæfni til að takast á við ný viðfangsefni. Eitt af meginmarkmiðum leikskóla er að styðja börn í samskiptum og leik og skapa aðstæður sem eru til þess fallnar að börn geti tjáð hugmyndir sínar, og öðlist þannig getu til samskipta og virkar þátttöku (Carr, 2001; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2009).

Í erindinu verður greint frá því hvernig þátttakendur unnu með eigin viðhorf og áherslur í daglegu starfi leikskólans. Í fyrstu tengdu starfsmenn hugtakið vellíðan einkum við hvíld og slökun barnanna á löngum leikskóladegi. Eftir því sem leið á ferlið var sjónum beint að fleiri þáttum sem hafa áhrif á vellíðan barna m.a. virkni, áhuga og sjálfræði. Rætt verður á hvern hátt þátttaka í rannsókninni hafði áhrif á sýn og viðhorf starfsmanna til barna og eigin hlutverks. Einnig um gildi rannsóknarinnar fyrir þátttakendur; starfsmenn, meistaranema og sérfræðing.

Leikum, lærum og lifum: Læsi og samskipti

Bryndís Guðlaugsdóttir, meistarnemi Mvs. HÍ

Freyja Birgisdóttir, dósent Mvs. HÍ, ásamt leikskólakennurunum

Byrjendalæsi er skilgreint sem tiltekin færni, þekking og viðhorf og þróast sem undanfari læsis á leikskólaaldri. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna leiðir til þess að stuðla að þeim þáttum byrjendalæsis sem snúa að orðaforða, hlustunarskilningi og frásögnum hjá börnum á síðasta ári leikskólans í gegnum markvissa vinnu, örvun frá umhverfi og leik. Rannsóknin var hluti af samstarfsverkefni RannUng og sveitarfélaganna í Kraganum, og fór fram í leikskóla á Seltjarnarnesi. Verkefnið var unnið með hliðsjón af ferli starfendarannsóknna þar sem starfsfólkið byrjaði á að skoða eigin starfshætti í tengslum við markmið verkefnisins með það í huga að koma auga á hvað betur mætti fara. Því næst voru leiðir að markmiðum útfærðar og grófr framkvæmdaráætlun þróuð. Í kjölfarið var hafist handa við að innleiða ný vinnubrögð og samhliða þeirri vinnu lagt mat á þau. Gögnum var safnað með viðtölum við starfsfólk, auk þess sem starfsfólk skráði eigin hugleiðingar um verkefnið í dagbækur. Skráning fór einnig fram í formi ljósmynda og myndbandsupptakna. Starfsfólkið var mjög sjálfstætt í

vinnubrögðum og hafði nokkuð fastmótaðar hugmyndir strax í upphafi um hvert það vildi stefna. Það er mat starfsfólksins að þátttaka í rannsókninni hafi gert vinnubrögð markvissari og að sú fræðsla sem boðið hafi verið upp á í tengslum við verkefnið hafi styrkt þær í vinnu sinni.

Stofa: H-207

13:00 til 14:30

Leikum lærum og lifum: Sjálfbærni og vísindi í leikskóla

Jóna Rún, deildarstjóri Huldubergi
Elín Guðrún Pálsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ
Kristín Norðdahl lektor Mvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að þróa tengsl leiks og náms með áherslu á námsviðið sjálfbærni og vísindi. Tveir leikskólakennarar og fjórir leiðbeinendur tóku þátt í starfendarannsókn þar sem þeir skoðuðu hvernig mætti ýta undir nám barna um sjálfbærni og vísindi í aldursblönduðum hópi barna. Rannsóknin var unnin á einni deild leikskóla þar sem voru 25 börn á aldrinum 2 – 4 ára. Í rannsókninni skoðuðu kennararnir starfshætti sína varðandi sjálfbærni og vísindi í byrjun, ákváðu því næst ákveðnar breytingar, framkvæmdu samkvæmt því og mátu hvernig til tókst. Til að meta vinnu sína með börnunum söfnuðu kennararnir gögnum með myndatökum og skráðu hjá sér hvað var gert og hvernig þeim þótti til takast. Einnig voru myndbandstökur gerðar. Matið var síðan notað til að þróa starfshætti.

Þær leiðir sem valdar voru til að ýta undir nám barnanna voru að nota ákveðna aðferð, könnunaraðferð, til að vinna með ákveðin þemu sem tengdust námsviðinu. Einnig var ákveðið að tengja vinnu með s.k. hjálparálfa inn í verkefnið þar sem börnin fá ákveðin hlutverk, tengja leikinn við verkefnið, fara í vettvangsferðir, gera tilraunir með börnunum og leggja áherslu á opnar spurningar í umræðum.

Einn meistaraþrófsnemi og sérfræðingur frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands hittu kennarana reglulega til að ræða verkefnið. Í erindinu verður fjallað um hvað hefur gerst í ferlinu, hvað þeir hafa lært af þátttöku í verkefninu og hvað skref væri æskilegast að taka næst.

Leikum, lærum og lifum: Sköpun

Lena Sólborg Valgarðsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ
Anna Rannveig Aradóttir, kjarnastjóri

Markmið verkefnisins var að auka sköpun í leik 3ja ára barna. Starfsfólk taldi að sköpun í leik þeirra væri takmörkuð og áhugi var fyrir því að börnin notuðu efnivið á fjölbreyttari hátt og yndu sér betur í leik.

Í upphafi var ákveðið að leggja áherslu á valtmann með það í huga að árangurinn sem fengist á þeim tíma myndi koma fram á öðrum tímum. Til að átta okkur á því hvaða leiðir væri hægt að fara voru gerðar skráningar og valstundin ígrunduð og leitað lausna á því hvað mætti betur fara. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á skipulagi þannig að kennarar fengu aukið svigrúm til að sinna börnunum í valtímanum. Meðal annars var unnið með áhugasvið barnanna og bætt var við efniðvið. Ávinningurinn var sá að börnin urðu hugfangin í leiknum og nýttu rými og efnivið betur og á meira skapandi hátt.

Í þessu ferli höfum við aukið hæfni okkar til að staldra við, líta til baka og ígrunda starfið og verða öruggari í að greina og meta hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Haldið verður áfram að finna leiðir til að auka sköpun í leik og hluti af því er að gefa frjálsa leiknum meira vægi í leikskólalastarfinu.

Gæðastarf með ungum börnum í leikskólum

Hrönn Pálmadóttir, lektor Mvs. HÍ

Sigrún Ósk Gunnarsdóttir, leikskólakennari

Í erindinu verður fjallað um samstarfsverkefnið "Skína smástjörnur", sem fjórir leikskólar í Reykjavík, sem voru sameinaðir öðrum leikskólum árið 2011, vinna með sérfræðingi á Menntavísindasviði. Verkefnið hlaut tveggja ára styrk frá Þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að þróa gæðastarf á yngri barna deildum leikskólanna. Stefnt er að því að byggja upp lærdómssamfélag barna og fullorðinna undir faglegri forystu leikskólakennara. Horft hefur verið til nýjustu rannsókna og hugmynda fræðimanna við mótun og þróun starfsins. Áhersla hefur m.a. verið á að vinna með viðhorf starfsmanna til getu og viðfangsefna yngstu barnanna sem og samskipta fullorðinna og barna. Leitast hefur verið við að gera starfið með börnunum sýnilegt og í því skyni hafa myndaskráningar og myndbandsupptökur verið notaðar. Jafnframt að skoða hvernig námsumhverfi og aðferðir í aðlögun barna og foreldrasamstarfi styðja við nám og vellíðan yngstu barnanna. Mat á verkefninu hefur farið fram jafnt og þétt á tímabilinu og fjölbreyttum gögnum verið safnað. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna ýmsar breytingar á námsumhverfi barnanna og jafnframt breytingar á skipulagi aðlögunar.

Valdefling barna í matstofu Aðalþings

Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólakennari

Í erindinu er fjallað um hvernig og hvort nýir starfshættir í matstofu leikskólans Aðalþings stuðla að valdeflingu (empoverment) barna. Ýmislegt sem telst til hefðbundinna matarvenja leikskóla hefur verið skorað á hólmi í Aðalþingi, eins og að; fullorðinn sitji með börnum til borðs, börnum sé skammtaður matur og sæti af fullorðnum. Í umsögn foreldraráðs Aðalþings (2012) segir: „Matstofan er í senn heimilisleg og ævintýraleg, og síðast en ekki síst ríkir þar mikil ró. Matstofan gerir

börnum kleift að efla eigið sjálfstæði og þroska færni sína í matarvenjum, t.d. að skammta sér sjálf, skammtastærðir og velja sér sessunaut.“

Rannsakandi hefur safnað gögnum í formi skráninga, (ljósmyndir, myndbönd og vettvangsnótur), mælinga á hávaða og viðtöl við börn og starfsfólk. Við greiningu á rannsóknargögnum er horft til eftirfarandi flokka innan valdeflingarhugtaksins: (a) vitsmunaástands barnanna; að þau geri sér grein fyrir hæfni sinni og rétti til að hafa áhrif á kringumstæður sínar, (b) félagslegs ástands barnanna; að þau fái tækifæri til að geta haft áhrif á kringumstæður sínar, (c) breytts tilfinningaástands barnanna sem fylgir í kjölfar þess að þau öðlast aukna trú á eigin getu og möguleika til að hafa stjórn á sjálfum sér og aðstæðum (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2012).

Stofa: H-207

15:00 til 16:30

Leikskóli

Þekkjast söngvar barna 3 ára og yngri án hjálpar textans?

Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Lítið er vitað um söngfærni snemma á ævinni en einhverjar rannsóknir benda til að fyrstu söngvar barna séu aðeins þekktanlegir á söngtextanum þar sem laglínur eru ónákvæmar. Rannsóknir benda til að um 5 ára aldur noti börn lítið söngsvið sem svarar um 4-5 hálfótunum en syngi laglínur ónákvæmt þannig að laglínustefna (útlínur laglínunnar) sé nokkurnvegin rétt en ekki stærð tónbila. Aðalmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort fullorðnir geti þekkt laglínur kunnugra sönglaga sem sungin eru af ungum börnum á ókunnun tungumáli. Annað markmið var að kanna það söngsvið sem ung börn nota í kunnun sönglögum. Valdir voru fjórir söngvar sem voru (a) kunnir eða ókunnir N-Amerískum hlustendum og (b) sungnir á framandi tungumálum af mörgum börnum. Tveir söngvanna voru kunnir N-Amerískum hlustendum (stafrófslagið og afmælisöngurinn) en hinir tveir voru þeim ókunnir (allir krakkar, mér um hug og hjarta nú). Hver söngur var sunginn af 6 börnum.

Fullorðnir N-Ameríkubúar gátu nefnt rétta sönglagið í 93% af kunnugum sönglögum en töldu 5% ókunnun sönglaganna vera kunnugleg og nefndu ýmis ólík (röng) sönglög í því sambandi. Meðal raddsvið barnanna í þessum 24 söngvum var um 10 hálfótunar sem er afar nálægt meðal söngsviði þessara söngva

Áfallaáætlanir og áfallateymi í leikskólum í Reykjavík

Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir, leikskólakennari

Auður Pálsdóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Áætlanir með skýrum verkferlum sem allir þekkjja þykja mikilvæg og vönduð vinnubrögð þegar áföll verða. Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og nýrri aðalnámskrá

leikskóla frá 2011 er ekki tekið fram að leikskólar skuli hafa áfallaáætlun eða áfallateymi innan skólans.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort leikskólar í Reykjavík hafi skilgreinda áfallaáætlun fyrir sinn skóla og ef svo væri hvers konar viðbrögð, verkferli eða eftirfylgni er fjallað þar um. Þá var spurt hvort skilgreind væri áfallateymi í leikskólunum og ef svo væri hverjir eiga sæti í þeim, hvers konar viðfangsefni séu skilgreind fyrir teymin og hvers konar handleiðslu þau hafa fengið. Gagna var aflað í heimsóknum í alla leikskóla í Reykjavík og fengust svör frá 80% starfandi leikskólum í borginni.

Niðurstöður benda til þess að meirihluti leikskólanna séu með skilgreinda áfallaáætlun en að yfirfara þurfi og endurnýja verði áætlanirnar í mörgum þeirra. Í meirihluta leikskóla Reykjavíkurborgar eru skilgreind áfallateymi en ljóst er að víða þarf að skilgreina betur hlutverk þeirra og fara yfir hverjir eiga sæti í þeim. Þá vantar einnig mikið upp á að leikskólar séu með áfallaáætlanir sínar á heimasíðu skólans.

Rætt verður hvort og þá hvernig megi styrkja stjórnendur leikskóla við mótun slíkra áætlana, hvers konar stuðning teymin ættu að hafa aðgang að og hvert hlutverk opinberra aðila gæti verið."

„Það þarf að byggja upp traustið við foreldrana“

Jónína Sæmundsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Samstarf er mikilvægur þáttur í starfi með börn með sérþarfir. Í þessari rannsókn voru könnuð viðhorf og reynsla starfsfólks leikskóla sem sinnti sérstaklega börnum með sérþarfir hvað varðaði samvinnu við aðila/starfsfólk innan leikskóla og utan.

Tekin voru hálfopin viðtöl við 6 leikskólakennara/þroskaþjálfara í Reykjavík. Við greiningu gagna var beitt þemagreiningu (thematic analysis)

Meðal helstu niðurstaðna var að viðmælendur töldu samvinnu við foreldra sem afar mikilvæga og lögðu ríka áherslu á gott samstarf og traust milli þeirra og foreldranna. Samvinna innan leikskólanna var almennt talin góð og veruleg áhersla á samstarf innan þeirra. Á heildina litið voru viðhorf og reynsla af samvinnu við sérfræðinga utan leikskólans en löng bið eftir greiningu var þó gagnrýnd.

Iðjukenning Bourdieu sem greiningartæki á menningartengda mismunun í leikskólum

Þórdís Þórðardóttir, lektor Mvs. HÍ

Í þessu erindi er fjallað um hvernig hugtök Bourdieu menningarsvið, menningarauður, habitus og iðja gagnast til að greina menningartengda mismunun í leikskólum. Rætt er um hvernig menningarauður sem börn flytja með sér að heiman í leikskólana nýtist, eða ekki, til þess að öðlast góða félagslega stöðu innan leikskólans.

Byggt er á rannsóknarniðurstöðum höfundar sem benda til að veganesti að heiman skapi börnum ólík tækifæri til að tjá sig þegar í leikskólann er komið. Möguleikar barnanna til

að tjá sig í leikskólunum virtust skapast í samhengi við kyn barnanna, menntun foreldranna og uppruna. Börnin notuðu þekkingu á barnaefni til samskipta sín á milli og við fullorðna og til þess að byggja upp leiki. Í samræðum og leik báur þau innihald barnaefnis saman við raunverulegar upplifanir en við það öðlaðist þekkingin félagslega merkingu. Þekking á hetjudáðum reyndist happadrýgst til að öðlast háa stöðu í jafningjahópnum. Kastljósinu er fyrst og fremst beint að líkani Bourdieu um iðjukenningu (e. theory of practise) sem greiningartæki til að varpa ljósi á hvernig menningarbundin þekking leikskólabarna gagnast börnum með mismunandi hætti til að styrkja félagslega stöðu sína í leikskólum.

Stofa: H-208

10:30 til 12:00

Fjölmenningsamfélag og menntun Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

Single-parent immigrant families in Iceland: Lives and educational experiences of their children

Fuhui Chen meistaranemi Mvs. HÍ

Hanna Ragnarsdóttir dósent Mvs. HÍ

The purpose of this study is to explore what situations immigrant single-parent families are facing in Iceland, and how they cope with the integration process. The main significance of this study is, through analyzing the experiences of 11 individuals during the process of integration to Icelandic society, to give the minority group a voice while also providing useful and important information for Icelandic society and educational system. Findings of this study have shown that these immigrant single parents have not very difficult integration experience in Iceland, but most of them cannot speak Icelandic fluently, so they have some problems in accessing necessary information. They can support their families, and alleviate the work-family conflict, with the financial and social support system. Furthermore, these migrant single parents are concerned about preserving their children's mother language, but all of them put their first consideration on their children's Icelandic language learning. Additionally, in this study, discontinuities between home and school are also discovered, and most children experienced marginalization in Icelandic schools, in particular at the first few months of attending the schools, they were refused by the Icelandic children's peer group.

Brotthvarf innflytjenda úr framhaldsskóla: Hvaða úrræði nota íslenskir og norskir framhaldsskólar til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda?

Rósa Björg Þorsteinsdóttir, meistaranemi á Mvs. HÍ

Hanna Ragnarsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Markmiðið með rannsókninni var að skoða úrræði sem notuð eru í norskum og íslenskum framhaldsskóla til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda. Rannsóknar-

spurningin var: Hvaða úrræði nota tveir íslenskir og tveir norskir framhaldsskólar til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda? Virkja framhaldsskólarnir þann fjölmennningarlega auð sem þeir hafa aðgang að? Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við tólf aðila, skólastjórnendur, deildastjóra, ráðgjafa og kennara og athugaðir eftirtaldir þættir: áherslur skólanna í vinnu með innflytjendum, félagsleg staða innflytjenda í nemendahópnum, stoðþjónusta við innflytjendur, félagsleg mismunun, foreldrasamstarf, fjölmennningarlegur auður og brotthvarf. Fræðilegur bakgrunnur byggir á rannsóknum um brotthvarf og stöðu innflytjenda í skólakerfinu sem sýna að námsleg staða innflytjenda er verri og brotthvarf er hærra á meðal þeirra en innfæddra. Einnig var stuðst við kenningar Pierre Bourdieu, Levy Vygotsky og kenningar um fjölmennningarlega menntun sem sjónarhorn á rannsókninni. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er, að áherslur á málefni innflytjenda í framhaldsskólum í báðum löndum, snúast um að styðja innflytjendur í að ná tökum á tungumáli viðkomandi lands og að þeir aðlagi sig að menningunni. Framhaldsskólarnir vinna ekki markvisst gegn félagslegri mismunun, fjölmennningarlegur auður innflytjenda er ekki virkjaður í skólakerfum landanna og brotthvarf innflytjenda er ekki meira en annarra nemenda úr framhaldsskólum.

Where parental perspective, practice, and reasoning meet : the relevance of home language development for parents with bilingual preschool-aged children in Iceland

Nichole Leigh Mosty, leikskólastjóri Ösp

The perspectives that parents hold regarding home language development most often affect how they behave in relation to home language development. If parents have a positive perspective about home language they will most likely be motivated to teach their children their home language. Preschool-aged children are in the throngs of language acquisition, making it all the more important for parents who speak a minority home language to make informed and conscious decisions about home language development. This is a mixed method study where 43 participants took a quantitative survey and six participants also sat for qualitative interviews. The goal of this study was to learn what perspectives parents held about home and bilingual language development, how they practiced language development in the home environment, and what reasons parents had for home and bilingual language development. Results indicated that parents had overwhelmingly positive perspectives about both home language and Icelandic development, that parents used socializing and communication both as method and motivator for language development, parents made conscious decisions as to why and how the home language was used, and travel to the home country was important to parents as it linked home language development with cultural and personal identity.

Stofa: H-208

13:00 til 14:30

**Náms- og starfsumhverfi félagslegs réttlætis?
Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum**

**Námsumhverfi menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis: Sögur um
velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi**

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ
Friðgeir Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ
Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor Mvs. HÍ
Hildur Blöndal, doktorsnemi Mvs. HÍ
Karen Rut Gísladóttir, lektor Mvs. HÍ
Robert Berman, dósent Mvs. HÍ
Samuel Lefever, dósent Mvs. HÍ

Rannsóknarverkefnið *Námsumhverfi menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis: Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi* er þriggja ára verkefni (2013-2015) með fjórum eftirfarandi megin rannsóknaráherslum sem eru ná-
tengdar:

- 1) Reynsla og metnaður nemenda af erlendum uppruna
- 2) þróun fagmennsku kennara og kennsluaðferðir
- 3) forysta, samvinna og skólamenning
- 4) menntastefnur, skólastefnur og námskrár.

Meginmarkmið eru að öðlast skilning á reynslu nemenda af erlendum uppruna sem átt hafa náms- og félagslegri velgengni að fagna á Íslandi og læra af henni; og öðlast skilning á því hvernig félagslegt réttlæti birtist í skólastarfi og öðru námsumhverfi sem byggir á fjölbreytileika og hefur jafnrétti að leiðarljósi. Verkefnið er þverfaglegt og byggir á eigindlegri og meginindlegri aðferðafræði.

Niðurstöður munu byggja á upplýsingum frá nemendum, kennurum, skólastjórnendum og foreldrum og vettvangsathugunum rannsakenda. Þær munu varpa ljósi á skólastarf sem er til fyrirmyndar með tilliti til náms- og félagslegs árangurs nemenda af erlendum uppruna. Sögur um velgengni verða að leiðarljósi fyrir umbætur í kennslu og skólastarfi og eru mikilvægt framlag til þróunar menntastefnu og kennaramenntunar og verða þannig ávinningur fyrir alla þátttakendur í rannsókninni. Í erindinu verður fjallað um markmið og aðferðafræði verkefnisins, áskoranir og samstarf við Finnland, Noreg og Svíþjóð þar sem sambærilegar rannsóknir fara fram.

Secondary school teachers of foreign background: Their identity, challenges and successes

Róbert Berman, dósent Mvs. HÍ
Samúel Lefever, dósent Mvs. HÍ

This paper examines the findings of a study of teachers of foreign background who teach in schools in Iceland. The purpose of the study was to shed light on the difficulties teachers from diverse backgrounds may need to overcome to teach in Iceland, as well as on their successes as teachers. In individual interviews, immigrant teachers were asked to describe their experiences, expectations and challenges in becoming – and in being – a teacher in Iceland. They also discussed the teaching role and their interaction with administrators, colleagues, students and parents. Finally, their self-identity is probed. In this presentation, attention is drawn to the challenges and successes that these individuals with diverse backgrounds have met, and to what extent they are making inroads as education professionals in Iceland. Preliminary analysis is also begun into these teachers' views of their 'teaching self', to help determine the place of self-identity in the success of the immigrant teacher. This study is part of group project being carried out by members of the Diverse Teachers for Diverse Learners network with funding from NordForsk Researchers Network.

Filipino and Polish secondary school students in Iceland: Different backgrounds requiring different educational solutions

Samúel Lefever, dósent Mvs. HÍ
Róbert Berman, dósent Mvs. HÍ

The present study compares and contrasts the language environments of Polish and Filipino secondary school students and investigates possible linkages with their secondary school performance. On the face of it, the home language support and apparent motivation to maintain their Polish heritage and to integrate into Icelandic society, would seem to assist Polish students both socially and academically. As for the Filipinos, their apparent familiarity with English would seem to give them some advantages both in acquiring Icelandic and of succeeding in their studies. However, PISA results and other data show that immigrants in Iceland are less successful in the main school subjects than native Icelandic students, whereas in other Nordic countries such variance is not as pronounced. The dropout rate is higher than for Icelandic students. We analyse rich data from 17 Polish and Filipino adolescents students in Iceland. Snow-ball sampling and deep interviews were used to ascertain their home and second language use and views towards their studies, their heritage culture and participation in Icelandic society. The findings will be of value for users as well as providers of educational services for immigrants.

Stofa: H-208

15:00 til 16:30

Fjölmenning

„Að brjótast úr viðjum vanans“ Áhrif menningar og félagslegrar stöðu kvenna frá Miðausturlöndum á þátttöku þeirra í símenntun á Íslandi

Susan Rafik Hama, meistaranemi

Miklar breytingar, flutningur fólks milli landa og ör tækniþróun hafa átt sér stað í næstum öllum þróuðum löndum undanfarna áratugi og þessar breytingar hafa haft áhrif á stöðu fullorðinna á vinnumarkaði. Á hinn bóginn eru til næg gögn sem sýna að ekki hefur gengið vel að vekja áhuga þátttakenda úr þessum hópi á námi.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á það sem veldur því að sumar konur frá Miðausturlöndum taka ekki þátt í þeirri símenntun sem þeim býðst.

Rannsóknarspurningin er: Hvernig skýra konur frá Miðausturlöndum takmarkaða þátttöku sína í símenntun á Íslandi?

Rannsóknin er eigindleg og byggir á einstaklingsviðtölum við átta konur á aldrinum 31-51 ára. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að bæði menningarlegar og félagslegar aðstæður þessara kvenna standi í vegi fyrir þátttöku þeirra í símenntun á Íslandi. Þessar aðstæður myndast meðal annars vegna muna á íslenskri menningu og menningu upprunalandsins. Jafnframt leiða niðurstöður rannsóknarinnar í ljós að íslenskt samfélag tekur á móti innflytjendum á mismunandi hátt eftir uppruna og leiðum og forsendum komu þeirra til landsins.

Draga má þá ályktun að til að hjálpa þessum konum og ef til vill fleiri konum að stíga skref fram á við og auðvelda þeim að taka þátt í símenntun þurfi íslenskt samfélag að veita þeim öllum jöfn tækifæri og sama aðgang að námskeiðum og flóttamenn og aðrir hælisleitendur fá. Það myndi jafnframt leiða til þess að þær yrðu samkeppnishæfari á vinnumarkaðnum en þær nú eru og hefðu aðgang að fjölbreyttari störfum í samfélaginu.

Einelti og nemendur af erlendum uppruna

Eyrún María Rúnarsdóttir, stundakennari Mvs. HÍ
Rúnar Vilhjálmsson prófessor Hvs. HÍ

Í erlendum rannsóknum kemur fram að innflytjendabörn verða frekar fórnarlömb eineltis, upplifa meiri vanlíðan og minni lífsánægju en innfæddir félagar þeirra. Haldbetri upplýsingar skortir þó hér á landi um stöðu þessa hóps og ástæður síðra gengis. Í erindinu er sjónum beint að einelti meðal barna af erlendum uppruna á Íslandi. Borin eru saman svör íslenskra og pólskra, asískra og annarra evrópskra barna og miðast uppruni við það tungumál sem talað er á heimili. Greint er á milli barna sem eru

eingöngu gerendur, eingöngu þolendur, og bæði gerendur og þolendur eineltis. Byggt er á landskönnuninni Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC) sem lögð var fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk skólaárið 2009-2010. Alls svöruðu 11.561 nemendur könnuninni og voru heimtur 87%. Niðurstöður sýna að hlutfall þeirra sem segjast vera eingöngu gerendur er svipað hjá öllum hópum. Hærra hlutfall barna af asískum (23%) og pólskum (22%) uppruna segist vera eingöngu þolendur eineltis samanborið við íslenska félag (11%). Asísk og pólsk börn segjast einnig í meira mæli vera bæði gerendur og þolendur í eineltismálum samanborið við íslensk börn (asísk: 25%, pólsk: 23%, íslensk: 6%). Velt er upp hugsanlegum skýringum á muni eftir þjóðernisuppruna og í því skyni horft til mismunandi vináttutengsla og stuðnings frá vinum og foreldrum.

Lífsfylling. Nám á fullorðinsárum

Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor HA

Stuttlega verður gerð grein fyrir námi á fullorðinsárum og fjallað um hugmyndir fræðimanna um hvaða námsleiðir henta fullorðnu fólki fremur en yngra fólki eða börnum.

Erindið byggist á rannsókn þar sem rætt var við fólk sem valdi að stunda framhaldsnám til meistarpóls í háskóla á fullorðinsárum og lauk því. Tekin voru viðtöl við tuttugu manns, konur og karla og þau spurð um námsferlið, áhugahvötina, tilfinningar, leiðsögn, kennslu og ávinning. Fjallað verður um nokkrar niðurstöður rannsóknarinnar og litið á samhengið á milli námsins sjálfs, persónulegra þátta, s.s. aðstæðna nemenda og fræðilegra þátta.

Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að geta aukið skilning nemenda á eigin námi en ekki síður kennara á þörfum nemenda sem stunda framhaldsnám í háskóla.

Stofa H-209

10:30 til 14:30

Háskóli

„Þetta er búið að vera mjög gagnlegt“: Hugmyndir háskólamanna um gagnsemi og gildi gæðamats.

Gyða Jóhannsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Guðrún Geirsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Árið 2010/2011 var gerð samanburðarrannsókn á viðurkenningu finnskra og íslenskra háskóla samkvæmt viðmiðum Bologna ferlisins, náði íslenski hlutinn til Háskóla Íslands (Guðrún Geirsdóttir; Gyða Jóhannsdóttir, 2011). Sjónum var beint að viðhorfum

starfsfólks og stjórnenda til viðurkenningarferlisins, undirbúning og framkvæmd mats og gagnsemi þess fyrir háskóla og deildir. Íslensku niðurstöðurnar sýndu m.a. að undirbúningsvinna viðurkenningar nýttist stjórnsýslu háskólans sem tæki til að ná betri tókum á erfiðum ferlum og reglum. Gagnsemi ytra mats sérfræðinga fólst fyrst og fremst í því að öðlast viðurkenningu en matsskýrslur þóttu hins vegar oft yfirborðskenndar og sumir efuðust um réttmæti matsins.

Rannsóknir hafa sýnt að undirbúningsvinnan og matsferlið nýttist starfsmönnum og deildum háskóla betur ef þeir eru virkir þátttakendur í öllu ferlinu og hafa eitthvað um framkvæmdina að segja (Haapakorpi, Geirsdóttir og Jóhannsdóttir, 2013, Líuhnen, 2008).

Í þessu erindi er greint frá nýrri rannsókn þar sem notagildi undirbúningsvinnu og mats fyrir háskóla og starfsmenn þeirra er kannað á nýjan leik. Kveikja rannsóknarinnar er stofnun Gæðaráðs háskóla árið 2010 og þær áherslur um þátttöku starfsmanna og eignarhald sem þar eru settar á oddinn í mati háskóla á eigin gæðum. Rannsóknin er viðtalsrannsókn og nær til fyrstu sjö deilda Háskóla Íslands sem hafa lokið masferlinu.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að undirbúningsvinnan fyrir mat nýttist viðkomandi deildum nokkuð vel og ábendingar erlendra sérfræðinga eru taldar mjög gagnlegar. Ýmis vandkvæði koma þó upp við nýtt verklag sem bæði deildir og stjórnsýsla háskólans þarf að takast á við.

Teymisvinna í leiðsögn meistaranema. Starfsrýni þriggja kennara á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hafdís Guðjónsdóttir, dósent Mvs. HÍ
Svanborg Rannveig Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ
Karen Rut Gísladóttir, lektor Mvs. HÍ

Lenging kennaranáms á Íslandi í fimm ár fjölgar nemendum sem þurfa leiðsögn í lokaverkefnum í meistaranámi á Menntavísindasviði. Til að bregðast við þessari þörf hófum við, þrír kennarar við Menntavísindasvið, samstarf um leiðsögn 18 nemenda sem unnu að lokaverkefnum sínum skólaárið 2012-2013. Við hittum nemendur á þriggja vikna fresti í tvo klukkutíma í senn. Þar vorum við með stutt fræðsluinnlegg, nemendur kynntu verkefni sín og unnu saman í litlum hópum.

Til að skoða þróun fundanna notuðum við sjálfsrýni (self-study). Tilgangurinn var að öðlast dýpri skilning á hvernig við sköpum samskiptarými fyrir meistaranema til að styðja hver annan og fá um leið leiðsögn við verkefnin. Gögnin samanstanda af ígrundunarskrifum, tölvupóstsamskiptum, upptökum af skipulags- og greiningafundum kennara, miðum úr skólastofu (MÚS), rýnihópsviðtali og efni af Moodle.

Fyrstu niðurstöður sýna að nemendur telja fundina styrkja þá í að takast á við meistaraverkefnið, þeir styðja hver annan og fundirnir minnka einmanaleika í

rannsóknarferlinu. Þær benda einnig til að nemendur vanmeti þann tíma sem meistaraverkefni taka, einkum greiningar- og ritunarferlið. Þekking eða reynsla af rannsóknaraðferðum og úrvinnslu gagna er í lágmarki og því þurfa leiðbeinendur að kenna rannsóknarvinnubrögð, gagnaöflun, úrvinnslu þeirra og ekki hvað síst ritun. Teymisvinnan reyndist vel og ólíkir styrkleikar kennara nýttust vel í samstarfinu við leiðsögnina.

Kynjasambætting í Háskóla Íslands

Kristín Anna Hjálmarsdóttir, meistaraniemi Fvs. HÍ

Mikil áhersla er lögð á kynjasambættingu í jafnréttislögum nr. 10/2008 og í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist að innleiða hana í daglega starfsemi skólans. Í þessari rannsókn, sem styrkt var af jafnréttisnefnd háskólaráðs Háskóla Íslands, var kannað hvað stuðlað gæti að vel heppnaðri og árangursríki kynjasambættingu, hvað hamli innleiðingunni og hvaða aðferðir gætu hentað Háskólanum. Rannsóknin var lagskipt tilviksrannsókn sem byggði á fjölbreyttum gögnum bæði fræðilegs og hagnýts eðlis. Megin niðurstaðan var sú að fjórar nauðsynlegar forsendur - skýrar skilgreiningar, pólitískur vilji, þekking og bjargræði – þurfi að vera til staðar svo innleiðing kynjasambættingar heppnist vel. Ekki er hægt að segja að þessar forsendur séu til staðar innan Háskóla Íslands. Stjórn og stjórnendur skólans þurfa að skapa aðstæður svo hægt verði að uppfylla ákvæði jafnréttislaganna. Sú aðferð sem mælt er með fyrir Háskólann byggir á svokölluðum Jafnréttisstiga, heildstæðri og pólitískri nálgun sem þróuð var í Svíþjóð. Nokkur tæki hennar voru aðlöguð að þörfum Háskólans sem menntastofnunar og vinnuveitanda. Þau voru prófuð í drögum að handbók með dæmum úr skólastarfinu, virðast henta vel og geta stuðlað að markvissari og upplýstari ákvarðanatöku. Aðrir háskólar og menntastofnanir á öðrum skólastigum ættu einnig að geta nýtt sér verkefnið við kynjasambættingarvinnu.

Að taka þátt í Skapandi hópverkefni sem lokaverkefni til B.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræðum

Guðbjörg Pálsdóttir, lektor Mvs. HÍ
Kristín Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ
Kristín Á. Ólafsdóttir, adjunkt Mvs.HÍ

Vorið 2013 gátu grunnskólakennaranemar valið að vinna að Skapandi hópverkefni sem lokaverkefni á bakkalárstigi. Meginmarkmiðið var að skapa kennaranemum tækifæri til að vinna saman að rannsóknum á skapandi hátt í stórum hópi og velja fjölbreyttar leiðir við framsetningu á niðurstöðum. Kennarar settu fram ákveðin viðmið svo sem um að áhersla yrði lögð á hópvinna, kennarastarfið og kennslufræði, samvinnuferli og sköpun í skólastarfi og að verkefni yrðu kynnt í misserislok. Einnig voru settir rammar um mætingarskyldu og að vinnuferlinu yrði stýrt af kennurum. Viðfangsefni og framsetningarmáti voru ákveðin af hópnum en tekið fram í kynningum að aðstaða væri til mynd- og hljóðvinnslu.

Leiðsögukennarar söfnuðu margvíslegum rannsóknargögnum frá upphafi og samþykktu namar að taka þátt í rannsókninni. Meginviðfangsefni rannsóknarinnar var að lýsa og greina þróun og framvindu verkefnisins. Kynntar verða niðurstöður úr hálfopnum hópviðtölum sem tekin voru við kennaranemana 26 við upphaf ferlisins og að því loknu (janúar og maí). Greint verður frá þeim meginþemum sem fram koma í viðtölunum og þau skoðuð með tilliti til þess hvernig sýn nemanna þróaðist um inntak og vinnubrögð.

Stofa H-209

13:00 til 14:30

Þróun kennsluhátta í háskólum

Skólaþróun á háskólastigi

Guðrún Geirsdóttir, dósent og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar HÍ

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var stofnuð 2001 og er staðsett innan miðlægrar stjórnarsýslu. Frá upphafi hefur hlutverk hennar verið að stuðla að þróun kennsluhátta við háskólann með því að veita til kennurum, deildum og fræðasviðum kennslufræðilega aðstoð, ráðgjöf og fræðslu. Frá 2012 hafa starfsmenn miðstöðvarinnar litið yfir farinn veg, lagt mat á stöðu Kennslumiðstöðvar og gert tilraunir til að skerpa þær kenningalegu undirstöður sem starfið þar er byggt á. Við endurskoðun starfshátta höfum við fylgt eftirfarandi skrefum: 1) Greining á þeirri hugmyndafræði sem störf miðstöðvar hafa byggt á; 2) Greining á þeim aðstæðum eða umhverfi sem Kennslumiðstöð er hluti af (ríkjandi orðræður um nám og kennslu eins og þær birtast forlega og óformlega í stofnanumhverfi); 3) Þróun hugmyndafræðilegs/kenningalegs grunns sem byggir á hugmyndum um aðstæðubundna nálgun í skólaþróun, nám sem félagslegt fyrirbæri, mikilvægi eignarhalds (e. ownership) og hugmyndir um fræðimennsku í kennslu (e. Scholarship of teaching and learning); 4) Endurskipulagning verkefna og athafna út frá kenningagrunni. Í erindinu verður gerð grein fyrir þessum fjórum meginskrefum og gefin dæmi um hvað styður við og hvað hindrar kennsluþróunarstarf á háskólastigi.

Fróðlegt fyrir okkur kennarana: Könnunarpróf nýnema í stærðfræði við Háskóla Íslands - niðurstöður og forspárgildi

Anna Helga Jónsdóttir, adjunkt Von. HÍ

Brottfall og fall nemenda í fyrstu námskeiðum í stærðfræðigreiningu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands er mikið áhyggjuefni. Undanfarin ár hafa aðeins um þriðjungur nemenda sem byrja í námskeiðunum lokið þeim. Til að kanna grunn nýnema í stærðfræði var könnunarpróf lagt fyrir í annarri kennsluviku haustmíssis 2011. Markmiðið með fyrirlögn prófsins var að kanna hvort og að hvaða marki nemendur uppfylla hæfniviðmið sviðsins.

Árangur nemenda á könnunarprófinu var almennt slakur og náði ekki helmingur nemenda 50% árangri á prófinu. Nemendur virðast verst staddir í námsþáttunum algebra, hornaföll og diffrun og heildun.

Fervikagreining (ANOVA) var notuð til að kanna hvaða þættir tengjast árangri á marktækan hátt. Byrjað var með líkan sem innihélt þættina framhaldsskóli, stúdentsprófsár, síðast í stærðfræði, annir í stærðfræði, námskeið, nám í Háskóla Íslands og kyn. Þættir sem ekki voru marktækir voru fjarlægðir og niðurstaðan var að samband er milli árangurs á könnunarprófinu og breytanna framhaldsskóli, síðast í stærðfræði, annir í stærðfræði og námskeið.

Til að kanna forspárgildi könnunarprófsins var kannað hversu hátt hlutfall verkfræðinema kláraði námskeið í stærðfræðigreiningu á 2. misseri. Niðurstaðan var sú að 73.9% af þeim sem luku við námskeiðið náðu könnunarprófinu og 74.1% af þeim sem ekki luku við námskeiðið féllu á könnunarprófinu. Könnunarprófið virðist því hafa mikið forspárgildi.

Í erindinu verða helstu niðurstöður könnunarprófsins kynntar en sérstaklega fjallað um hvað megi gera til að hjálpa nemendum með þessi umskipti frá framhaldsskóla yfir í háskóla.

Stuðningur við hjúkrunarfræðinema í klínísku námi á sængurkvennadeildum

Arnheiður Sigurðardóttir, aðjunkt Hvs. HÍ

Tilgangur starfendarannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvaða verkefni hjúkrunarfræðinemar verða vitni að eða taka þátt í að framkvæma í klínísku námi á sængurkvennadeildum Landspítala Háskólasjúkrahúss. Einnig var athugað hvort virkni í facebookhóp á námstímanum gæti stutt nemendur í námi og aukið samskipti þeirra á milli þar sem töluverður tími getur liðið á milli þess sem nemendur sækja bóklega tíma, fara á vettvang og taka próf.

Innleitt var dagbókar námstækifærablað þar sem nemendur voru beðnir um að skrá hvað þeir gerðu eða urðu vitni að á vettvangi. Einnig var stofnaður facebookhópur þar sem nemendur og kennarar áttu samskipti og settu inn efni sem tengdist námskeiðinu. Gögnum var safnað með dagbókarskráningu á námstækifærablað alls 82 hjúkrunarfræðinema.

Gagnasöfnun hófst að hausti 2012 og lauk að vori 2013. Dagbókarfærslum alls 82 hjúkrunarfræðinema var safnað, þær flokkaðar og greindar. Lagðar voru fyrir nemendur tvær spurningakannanir á tímabilinu og niðurstöður greindar. Niðurstöður sýna að hjúkrunarfræðinemar eru að takast á við margvísleg verkefni í starfsnámi sínu.

Nemendur voru virkir í að skrá atburði og upplifanir sem þeir töldu áhugaverðar og gætu gagnast samnemendum. Niðurstöður eru í samræmi við skrif fræðimanna sem fjallað hafa um árangursríkar aðferðir til stuðnings og virkni nemenda í námi.

Upplifun nema í félagsráðgjöf

Freydís J. Freysteinsdóttir, dósent Fvs. HÍ

Í þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar var kannað hvort félagsráðgjafarnemar við Háskóla Íslands upplifi að þeir séu valdefldir í náminu. En valdefling er ein af þeim aðferðum sem kennd er í félagsráðgjafarnáminu og er lögð áhersla á mikilvægi beitingu hennar í vinnu með skjólstaðingum. Til að unnt sé að beita aðferð valdeflingar er mikilvægt að nemendur upplifi sjálfir að þeir séu valdefldir í náminu. Valdefling felur í sér að styðja við manneskjuna og bæta umhverfi hennar eða efla hana til að bæta umhverfi sitt. Þannig var kannað hvort nemendur upplifðu að þeir hefðu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við kennara og yfirstjórn deildar varðandi námið. Einnig var könnuð upplifun nemenda af styrkleikum og veikleikum námsins og hvernig nemendur upplifa tengsl sín við kennara og samnemendur. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 9 nemendur sem stunduðu B.A. nám í félagsráðgjöf (þrjú af hverju ári) sem mynduðu einn rýnihóp og 6 nemendur sem stunduðu M.A. nám í félagsráðgjöf (þrjú af hvoru ári) sem mynduðu annan rýnihóp. Einnig voru spurningar sendar til nemenda sem stunduðu einstaklingsbundið meistara- og doktorsnám við deildina og voru svör þeirra innihaldsgreind.

Opið nemendadrifið verkefni í verkfræði

Rúnar Unnþórsson, lektor Von. HÍ

IVT deild HÍ hefur síðustu þrjú ár boðið námskeiðið Hönnun og smíði rafknúins kappakstursbils. Um er að ræða fjölfræðilegt verkefni og hafa nemendur frá öðrum deildum/sviðum og háskólum tekið þátt.

Markmiðið er að mæta á Formula Student keppnina á Silverstone í Bretlandi og keppa á móti yfir 100 liðum frá háskólum víðsvegar úr heiminum. Þar verður afraksturinn vandlega metinn af reyndum erlendum sérfræðingum. Nemendurnir þurfa að uppfylla strangar kröfur keppinnar sem lúta að hinum fjölmörgu öryggisþáttum ökutækisins, kynna verkefnið, kynna viðskiptaáætlun og færa rök fyrir hönnuninni og kostnaðinum.

Námskeiðið býður nemendum einstakt tækifæri til þess að sannreyna niðurstöður sínar; því ólíkt hefðbundnum verkfræðinámskeiðum þá smíða nemendur hlutina sem þeir hanna, prófa þá og, ef þeir standast prófanir, nota í bílinn og keppa með þeim.

Námskeiðið veitir tækifæri til að takast á við raunveruleg og krefjandi verkefni. Markmiðið er að vekja áhuga á verkfræði, veita undirbúning fyrir atvinnulífið ásamt því að byggja upp reynslu og sjálfstraust þannig að nemendur kunni til verka þegar þeir standa andspænis opnum krefjandi verkefnum.

Í þessu erindi verða sagt frá verkefninu, lagt mat á hvaða þekking, leikni og hæfni nemendur öðlast í námskeiðinu og hvernig þessir hæfniþættir eru byggðir upp og metnir. Einnig verður fjallað um þær kennslufræðilegu kenningar sem liggur að baki námskeiðinu.

H-209

15:00 til 16:30

Rannsóknarstofa frá miðstöð skólaþróunar HA, gagnvegir rannsókna og vettvangs (msHA)

Gagnvegir fræða og vettvangs, starfsþróunarlíkan miðstöðvar skólaþróunar

Jenný Gunnbjörnsdóttir, forstöðumaður msHA

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, sérfræðingur msHA

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri er ákjósanlegur farvegur milli fræðasamfélags og starfsvettvangs og þar streymir þekking og reynsla bæði til og frá. Á miðstöðinni starfa sérfræðingar með ólíkan bakgrunn og reynslu en allir hafa þeir sterka faglega sýn á nám og kennslu.

Þróunarverkefni miðstöðvarinnar eru flest afsprengi rannsóknarvinnu starfsfólks miðstöðvarinnar sem unnið hafa að þeim í nánnum tengslum við háskólasamfélagið hvort heldur sem er í gegnum nám og/eða samstarf t.d. við kennaradeild HA. Jafnframt er unnið samkvæmt þeirri starfskenningu að þekking sú sem finnst á vettvangi sé afar verðmæt og í samspili fræðasamfélags og starfsvettvangs verði til ómetanleg þekking og reynsla sem nýta beri til framþróunar í skólastarfi.

Í málstofunni verður sagt frá tilurð og þróun starfsþróunarlíkans sem jafnan er lagt til grundvallar við þróunarstarf á vegum miðstöðvar skólaþróunar. Þegar lagt er af stað með breytingastarf í skóla eru margir samverkandi þættir sem hafa áhrif á hversu vel tekst til og hversu mikil áhrif breytingastarfið hefur á gæði skólastarfsins. Sagt verður frá þremur fösum þróunarstarfsins; undirbúningsstigi, framkvæmdarstigi og sjálfbærnistigi og þeim áhrifaþáttum á breytingastarf sem þarf að hafa í huga og vinna með á hverju stigi fyrir sig og hvernig vinna með starfandi kennurum hefur aukið þekkingu og breytt starfsháttum á miðstöð skólaþróunar til aukins árangurs.

Byrjendalæsi – markvisst þróunarstarf í læsi

Þóra Rósa Geirsdóttir, sérfræðingur msHA

Hólmafríður Árnadóttir, sérfræðingur msHA

Í málstofunni verður sagt frá þróunarlíkani Byrjendalæsis og rætt um á hvern hátt það kemur til móts við þarfir kennara um stuðning við breytingar og þróun í skólastarfi.

Byrjendalæsi er nokkuð viðamikið tveggja ára þróunarverkefni. Gert er ráð fyrir að í skólum sem innleiða Byrjendalæsi starfi leiðtogi undir handleiðslu ráðgjafa HA. Leiðtoginn sækir tveggja daga námskeið í júní, vorið áður en starfið hefst og reglulega á meðan innleiðingu Byrjendalæsis stendur. Leiðtoginn er forystumaður verkefnisins

innan skólans og virkur ráðgjafi í verkefninu. Kennarar sækja námskeið fyrir skólabyrjun hvort ár og einnig fimm námssmiðjur hvorn vetur auk þess sem þeir njóta stuðnings í formi vettvangsheimsókna og persónulegrar ráðgjafar.

Byrjendalæsi er valkostur í læsiskennslu nemenda í 1. og 2. bekk. Um er að ræða samvirka kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild og er áhersla lögð á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun.

Fágæti og furðuverk – lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla

Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur msHA

Lengi hefur legið fyrir að stúlkur standa drengjum framar í læsi og í íslenska hluta PISA rannsóknanna frá 2000 til 2009 kemur kynjamunur í lesskilningi vel fram drengjum í óhag.

Niðurstöður sem þessar urðu til þess að hafist var handa við að þýða og staðfæra enska verkefnið Curiosity Kit sem fékk nafnið Fágæti og furðuverk. Markmið verkefnisins er að hvetja nemendur í 4. bekk og fjölskyldur þeirra til aukins lestrar og sömuleiðis að styðja fjölskyldur nemenda til að lesa og leika sér með börnum sínum.

Verkefnið var fyrst tilraunakennt í þremur grunnskólum og síðan rannsakað í einum skóla. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að lesefnið og verkefnið sem nemendum var boðið höfðu vel til áhugasviðs drengja. Í viðtölum við nemendur í lok verkefnisins var sérstaklega hlustað eftir athugasemdum og mati drengja sem átt höfðu í erfiðleikum með lestur. Engin neikvæð athugasemd kom frá þeim um verkefnið.

Drengirnir sýndu verkefninu almennt meiri áhuga en stúlkurnar. Skýrt kom í ljós að bæði nemendur og foreldrar voru ánægðir með samstarfið sem verkefnið bauð upp á. Samt sem áður kom fram í niðurstöðum að foreldrar drengjanna virðast sinna hlutverki sínu gagnvart námi barna sinna verr en foreldrar stúlkanna og minni skuldbinding var við nám drengjanna en stúlkanna.

Starfendarannsókn ráðgjafa á innleiðingarferli aðalnámskrár

Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur msHA

Helga Rún Traustadóttir, sérfræðingur msHA

Í málstofunni verður gerð grein fyrir starfendarannsókn á aðkomu ráðgjafa miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (msHA) að innleiðingarferli aðalnámskrár grunnskóla. Vorið 2012 óskuðu grunnskólar á Akureyri eftir stuðningi frá msHA við að innleiða nýja aðalnámskrá. Í kjölfarið var skipulagt vinnuferli sem hófst haustið 2012. Það felst í innleiðingu nýrrar aðalnámskrá og mótun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri menntastefnu í 10 grunnskólum á Akureyri og gert er ráð fyrir að það taki tvö ár. Vinnan byggir á kenningum um námskrá sem virkt og skapandi rannsóknarferli. Það felur í sér námskrárgerð sem byggir á sameiginlegri sýn, ígrundun, fjölbreytni og

stöðuga viðleitni skólasamfélagsins til að þróa skólastarfið til betri vegar. Þeir ráðgjafar sem halda utan um vinnuna við innleiðingarferlið meta það samhliða með starfendarannsókn. Rannsóknin hverfist um aðkomu ráðgjafanna/rannsakendanna að innleiðingarferlinu og markmið þeirra er að fylgjast með ferlinu raungerast á vettvangi og læra af því til þess að styrkja og bæta ráðgjöfina í ferlinu. Rannsóknin hefur almennt gildi fyrir skólaþróun vegna þess að innleiðingarferlið markast af hverjum þeim skóla sem tekur þátt og til verða fjölbreytt gögn sem geta upplýst um árangursríkar leiðir til skólaþróunar með stuðningi ráðgjafa.

Stofa: K-204

10:30 til 12:00

Undirstöðuþættir í fari ungmenna og umhverfis þeirra fyrir námsgengi: Skuldbinding og sjálfstjórnun ungmenna, stuðningur foreldra og skóla

Á réttu róli! Skuldbinding framhaldsskólanemenda í tengslum við námsframvindu þeirra

Kristjana Stella Blöndal, lektor Fvs. HÍ

Framhaldsskólinn er fyrir alla samkvæmt íslenskum lögum og í samfélaginu er almennt litið svo á að allir eigi að fara í framhaldsskóla. Langflestir fara í framhaldsskóla en margir hlutfallslega heltast úr lestinni á Íslandi miðað við það sem er í mögum nágrannalöndum okkar. Jafnframt ljúka færri framhaldsskólastigi á „réttum“ tíma á Íslandi en í flestum OECD löndum. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla er lykilhugtak í kenningum um brotthvarf frá námi. Kynntar verða niðurstöður um hvernig mismunandi þættir skuldbindingar nemenda gagnvart námi og skóla tengjast framvindu þeirra í framhaldsskóla. Rannsóknin sem hófst árið 2007 er með langtímasniði og nær til 3990 nemenda úr öllum framhaldsskólum landsins. Spurt er hvaða þættir skuldbindingar kunna að ráða mestu um framvindu í námi. Í ljósi þess að skólaganga stráka og stelpna er að mörgu leyti ólík hvað snertir námsgengi og námsval verður sérstök áhersla lögð á að leita svara við þeirri spurningu hvort samspil skuldbindingar og námsframvindu sé ólíkt eftir því hvort stelpur eða strákar eiga í hlut. Jafnframt verður áhersla lögð á að skoða samspil þessara þátta eftir því hvort ungmennin voru í bóknámi eða í starfs- og verknámi.

Afburðarárangur í námi: Tengsl við skuldbindingu framhaldsskólanema til náms og skóla, þörf fyrir námsráðgjöf, þátttöku í skipulögðum áhugamálum og uppeldisaðferðir foreldra

Inga Berg Gísladóttir, meistarnemi Fvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að kanna að hvaða leyti afburðanemendur eru ólíkir öðrum nemendahópum með tilliti til skuldbindingar til náms og skóla, þörf fyrir námsráðgjöf, þátttöku í áhugamálum utan skólans og uppeldisaðferða foreldra. Nemendum var skipt í fimm hópa eftir námsárangri (slakir-, sæmilegir-, meðal-, góðir- og afburðanemendur). Gagnaöflun fór fram árið 2007 og nær þessi rannsókn til 2504 16 til 19 ára þátttakenda úr öllum framhaldsskólum landsins. Niðurstöður sýndu að afburðanemendur höfðu að jafnaði meiri metnað og framtíðarsýn í námi og sinntu áhugamálum meira utan skólans heldur en aðrir nemendur. Jafnframt voru afburða- og góðir nemendur með jákvæðari tilfinningar í garð skóla en aðrir nemendahópar og með meiri félaglega þátttöku en sæmilegir og slakir nemendur. Auk þess kom fram að afburðanemendur þurftu ekki síður en aðrir ráðgjöf um námsval. Þótt lægra hlutfall þeirra en annarra hópa teldi sig þurfa ráðgjöf um persónuleg vandamál og vinnubrögð í námi taldi samt fjórðungur þeirra sig þurfa frekari ráðgjöf um vinnubrögð í námi. Hærra hlutfall afburðanemenda átti háskólamenntaða foreldra og afburða- og góðir nemendur upplifðu meiri hegðunarstjórn foreldra en slakir nemendur. Niðurstöður raðbreytuaðhvarfsgreiningar sýndu að mikill metnaður og sterk framtíðarsýn nemenda og jákvæðar tilfinningar í garð skólans einkenndi sterkast hóp afburðanemenda auk háskólamenntunar foreldra.

Sjálfstjórnun og námsgengi í 9. bekk.

Kristján Ketill Stefánsson, doktorsnemi Mvs. HÍ

Steinunn Gestsdóttir dósent Hvs. HÍ

Sjálfstjórnun (e. self-regulation) vísar til hæfni fólks til að stjórna eigin hugsun, tilfinningum og hegðun og er mikilvægur þáttur í jákvæðri þroskaframvindu ungs fólks. Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða og þróa mælingu á markmiðsbundinni sjálfstjórnun ungmenna sem kallast SOC (e. selection, optimization, compensation) en fyrri rannsóknir hérlendis og erlendis hafa kallað eftir frekari þróun á mælitækinu. Skyld mæling á sjálfstjórnun í námi var notuð til að meta samleitniréttmæti mælitækisins og lagt var mat samband beggja mælinga við námsgengi í 9. bekk. Kynntar verða niðurstöður úr fyrstu tveimur gagnasöfnunum af fjórum í langtímarannsókn (<https://vefir.hi.is/sjalfstjornun/>) Dr. Steinunnar Gestsdóttur og Kristjáns Ketils Stefánssonar sem fram fóru skólaárið 2012-2013. Þátttakendur í rannsókninni eru 539 nemendur úr 9. bekk (fæddir 1998). Fyrstu niðurstöður benda til þess að sterkt jákvætt samband sé á milli markmiðsbundinnar sjálfstjórnunar og sjálfstjórnunar í námi. Þegar tengsl við námsgengi voru skoðuð kom einnig í ljós sterkt jákvætt samband milli sjálfstjórnunar í námi og námsgengis. Tengsl markmiðsbundinnar sjálfstjórnunar og námsgengis voru hinsvegar í meðallagi og jákvæð. Niðurstöðurnar nýtast við frekari

rannsóknir á sjálfstjórnun meðal íslenskra ungmenna sem og við skipulag kennslu fyrir nemendur á unglíngastigi.

Tengsl skólatengdrar hvatningar og trúar ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi.

Elsa Lyng Magnúsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ
Steinunn Gestsdóttir dósent Hvs. HÍ
Kristján Ketill Stefánsson, doktorsnemi Mvs. HÍ

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun ungmenna í 9. bekk af skólatengdri hvatningu og tengsl við trú þeirra á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. Trú á eigin getu og sjálfstjórnun í námi eru hlutar af alhliða þroska og námshæfni nemenda sem skólinn á að leggja áherslu á samkvæmt *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Rannsóknin er hluti af langtímarannsókn á þróun námsáhuga og sjálfstjórnunar meðal ungmenna á Íslandi. Í fyrstu gagnasöfnun tóku 540 ungmenni í 9. bekk þátt. Niðurstöðurnar sýna að um 62% ungmenna telja að skólinn í heild hvetji þau áfram og 67% ungmenna telja að kennarar hvetji þau til að gera eins vel og þau geta. Mikilvægt er að horfa til þeirra nemenda sem ekki telja sig fá skólatengda hvatningu, sem eru um 35% ungmenna. Niðurstöður gáfu einnig til kynna að stúlkur eru líklegri til að hafa meiri trú á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi en drengir en að stúlkur og drengir upplifa jafn mikla skólatengda hvatningu. Að lokum benda niðurstöður til að sterk tengsl séu á milli skólatengdrar hvatningar og trúar ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi meðal beggja kynja. Telja má mikilvægt að allir nemendur upplifi hvatningu frá skólanum, bæði stúlkur og drengir, bæði frá skólanum í heild og kennurum og það eflir trú þeirra á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi.

Stofa: K-204

13:00 til 14:30

Mat á áhrifum heildstæðs stuðnings við jákvæða hegðun: Með beinu áhorfi og einliðasniði

Helga Jenný Stefánsdóttir, meistaranemi Hvs. HÍ
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent Hvs. HÍ

Þessari langtímarannsókn var ætlað að meta árangur heildstæðs stuðnings við jákvæða hegðun í skóla (schoolwide positive behavior support; SW-PBS) með beinu áhorfi og einliðasniði. SW-PBS er heildstætt agastjórnunarkerfi. Markmið kerfisins er að veita starfsmönnum verkfæri til að stuðla að félagslega æskilegri hegðun og koma í veg fyrir andfélagslega hegðun. Gagnasöfnun fór að jafnaði fram einu sinni á skólaönn í 15 samfellda skóladaga frá vori 2008 fram að vori 2013, alls tíu sinnum. Niðurstöður sýna að innleiðing SW-PBS hafði áhrif á margar fylgibreytur, en meiri stuðning þarf við starfsmenn skólans til að taka á því sem var óbreytt. Hlutfall áhorfsbila sem mældu

jákvæða athygli starfsmanna jókst á mælingartímabilinu á öllum svæðum skólans og öllum aldursstigum nemenda. Það dró úr óæskilegri hegðun nemenda á elsta stigi á öllum svæðum og í kennslustundum á yngsta stigi. Aftur á móti varð lítil breyting á því hvort starfsfólk brást við óæskilegri hegðun nemenda. Hlutfall óæskilegrar hegðunar jókst á miðstigi og á almennum svæðum á yngsta stigi. Rætt verður um stöðu innleiðingar SW-PBS í skólunum þegar stuðningur við skólana er ekki eins og best verður á kosið.

Hvað segja feður um uppeldi?

Hrund Þórarinsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ
Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor Mvs. HÍ

Samfara miklum þjóðfélagsbreytingum á síðustu öld hefur fjölskyldugerð og fjölskyldulíf breyst mjög. Á sama tíma virðast foreldrar ekki eins öryggir í uppeldishlutverki sínu. Því er brýnt að vera í stöðugri leit að því hvernig best megi standa að uppeldi barna og styrkja foreldra í þessu ábyrgðarmikla hlutverki sínu. Ein leið er að skoða uppeldissýn foreldra og nota þá þekkingu sem grunn að starfi með þeim. Feður hafa í gegnum tíðina fengið minni athygli en mæður sem uppalandur. Markmið rannsóknarinnar er því að öðlast dýpri þekkingu og skilning á uppeldissýn feðra og gildum. Einnig verður greiningarlíkan um uppeldissýn foreldra þróað. Þátttakendur rannsóknarinnar eru 23 feður og er uppeldissýn þeirra könnuð með viðtölum. Í erindinu verður áhersla lögð á gildi feðranna semeru öryggi, ást og umhyggja, heiðarleiki, umburðarlyndi og virðing, traust og [klassísk, nútímaleg... hvað? „meikar ekki alveg sens“] gildi fjölskyldu. Fjallað verður um hvernig þeir hugsa um hvert gildi og dæmi gefin. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að geta orðið mikilvægt framlag til rannsókna á uppeldissýn feðra bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi og hafa gildi fyrir fagfólk sem starfar með foreldrum.

Nauðung í starfi með börnum í sérúrræðum á Íslandi

Margrét R. Halldórsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ
Atli F. Magnússon, Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins
Steinunn Gestsdóttir, dósent Hvs. HÍ

Í starfi með börnum getur þurft að beita þau nauðung til að koma í veg fyrir að þau valdi sjálfum sér eða öðrum skaða. Í lögum er þó skýrt bann við að börn séu beitt nauðung í slíku starfi nema í ítrustu neyð. Þó er ekki gert ráð fyrir eftirliti með slíkri beitingu gegn börnum. Ekkert er vitað um umfang nauðungar í starfi með börnum hér á landi. Í starfi með börnum getur þurft að beita nauðung til að koma í veg fyrir að þau valdi sjálfum sér eða öðrum skaða. Í lögum er þó skýrt bann við nauðung í slíku starfi nema í ítrustu neyð, en þó ekki gert ráð fyrir eftirliti með beitingu nauðungar. Ekkert er vitað um umfang nauðungar í starfi með börnum á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að athuga tíðni

og eðli nauðungar í vinnu með börnum í sérúrræðum, svo og viðhorf og þjálfun starfsfólks. Nauðung var skilgreind sem aðgerðir sem hefta sjálfsákvörðunarrétt og ferðafrelsi barns umfram það sem telst til eðlilegra uppeldisaðferða. Spurningarlisti var sendur til 44 forstöðumanna í skammtímvistunum og umsjónarkennara í sérskólum. Alls svöruðu 27 og byggðu svörin á starfi með 347 börnum. Niðurstöður sýndu að 13,8% barnanna hafði sætt nauðung á tveggja vikna tímabili (4,3% þeirra tvisvar sinnum eða oftar, alls 128 tilfelli). 56% svarenda taldi nauðung alltaf réttlætanlega og 62% var kunnugt um verklagsreglur um nauðung á sínum vinnustað. Ljóst er að nauðung er oft beitt í vinnu með börnum í sérúrræðum á Íslandi, sem kallar á aukið eftirlit. Einnig þarf að tryggja að verklagsreglur séu til staðar í öllum sérúrræðum og að nauðung sé aðeins beitt í ítrustu neyð.

Stofa: K-204

15:00 til 16:30

Eru markmið um virkni og þátttöku barna og unglunga að nást? Menntun, frítími og opinber umfjöllun Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum (BÆR)

Þátttaka og samráð við börn og ungmenni

Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ og lektor Fvs. HÍ

Leiðbeinandi: Guðrún Kristinsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Á síðasta áratug hafa niðurstöður rannsókna rennt styrkum stoðum undir jákvæð áhrif samráðs og virkrar þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þrátt fyrir þessa vitneskju og áherslur í lögum á samráð og þátttöku, virðast aðferðir og leiðir til að auka virkni þessa hóps lítið hafa breyst. Þörf er á rannsóknum sem lúta að þróun starfsaðferða sem hafa notendasjónarmið að leiðarljósi og frekari rannsóknum á viðhorfi barna og ungmenna til þátttöku og samráðs. Í þessu erindi mun ég fjalla um íslenskar rannsóknir um þátttöku barna og ungmenna 10-18 ára. Einnig verður fjallað um rannsóknir sem hafa verið gerðar á viðhorfi barna og ungmenna til þátttöku og samráðs á síðasta áratug. Í þessu sambandi verður rætt um hugtökin notendasamráð (*user involvement*) og þátttöku (*participation*) og gerð grein fyrir þekktum gagnreyndum aðferðum (*evidence based practice*) til þess að auka samráð.

Einelti meðal grunnskólabarna. Leiðir til lausna.

Vanda Sigurgeirsdóttir, doktorsnemi Fvs. HÍ og lektor Mvs. HÍ

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal, prófessor Fvs. HÍ

Erindið fjallar um einelti á Íslandi og tengist doktorsverkefni höfundar. Tilgangur doktorsrannsóknarinnar er að skoða með hvaða hætti hægt er að minnka einelti í

grunnskólum á Íslandi. Rannsóknin beinist fyrst og fremst að börnum og þeirra sjónarhorni en einnig foreldrum, kennurum og skólastjórnendum. Einelti er almennt viðurkennt sem alvarlegt vandamál í grunnskólum á Íslandi. Frá því um 1990 hefur víða um lönd safnast saman víðtæk þekking á hversu flókið einelti getur verið og hvernig það getur breyst frá einum aðstæðum til annarra. Þrátt fyrir ótal rannsóknir er þó ýmislegt sem við vitum ekki eða þarf að kanna betur, ekki síst hér á Íslandi. Má þar nefna sjónarhorn barnanna sjálfra á einelti og leiðir til lausna. Hið sama má segja um foreldra, skólastjórnendur og kennara. Einnig virðist vera skortur á rannsóknnum þar sem rætt er við gerendur. Í viðbót við þetta þá er það reynsla höfundar að leita þurfi að lausna á mun dýpri hátt en gert hefur verið, hér á landi í það minnsta. Kennarar, skólastjórnendur, foreldrar og nemendur þurfa raunhæfar og hagnýtar leiðir byggðar á rannsóknnum um hvað virkar og hvað virkar ekki í úrlausnum eineltismála. Í doktorsrannsókninni er ætlunin að huga að öllum þessum þáttum. Í erindinu verður greint frá niðurstöðum í fyrsta hluta rannsóknarinnar, sem er greining á fyrirliggjandi gögnum, þá aðallega gögnum úr rannsókninni Heilsa og lífskjör skólabarna (Health Behaviour in School-Aged Children - HBSC), sem lögð var fyrir rúmlega 200.000 nemendur í 41 landi. Einnig verður farið yfir sögu og þróun baráttunnar gegn einelti á Íslandi. Helstu niðurstöður eru að ýmsu hefur verið áorkað á undanförunum áratugum og verður greint frá því helsta er tengist aðgerðaráætlunum gegn einelti.

Útinám í frístundastarfi

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjunkt Mvs. HÍ
Björn Vilhjálmsson, stundakennari Mvs. HÍ

Gerð verður grein fyrir þróunar- og rannsóknarverkefni um útinám í Frístundamiðstöðinni Árseli sem fram fór vorið 2013. Verkefnið var liður í samstarfi Menntavísindasviðs HÍ og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Markmið verkefnisins var að auka útiveru barna og unglinga, auka áhuga starfsmanna á útiveru, auka vitund starfsmanna fyrir mikilvægi þess að vera úti í náttúrunni og setja útinám í samhengi við núverandi starf í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Í erindinu er gerð grein fyrir verkefninu sem fólst í þjálfun starfsfólks, ráðgjöf, handleiðslu og skipulagðri skráningu á útnámi og útiveru í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum vorið 2013. Rýnt er í niðurstöður skráningarinnar, en markmið hennar var að leggja mat á umfang og eðli útinámsins og hvar það fór fram. Einnig verður leitast við að ígrunda samstarf háskóla og vettvangs og hugsanlega þróun á verkefni sem þessu.

Viðhorf til þróunar fagumhverfis, menntunar, samstarfs í nærumhverfi og breytinga á starfsemi

Árni Guðmundsson, doktorsnemi og aðjunkt Mvs. HÍ
Gísli Árni Eggertsson, M.Ph. skrifstofustjóri ÍTR

Æskulýðstarfsemi er fagumhverfi í mótun. Þeim fjölgar stöðugt sem vilja gera þennan vettvang að ævistarfi. Fjöldi starfsmanna sveitarfélaga sinnir í dag fjölbreyttri þjónustu á

vettvangi frítímans. Kröfur um menntun og öflug faggrunduð viðmið hafa komið til. Sérstaklega á þetta við um frítímaþjónustu í uppeldis- og lærdómsumhverfi barna og unglinga. Þó ágætlega hafi tekist að mæta kröfum samfélagsins um gæði þjónustunnar þá er enn ýmislegt sem ógnar hinni ungu fagstétt. Í þessu ljósi þótti höfundum tímabært að kanna hug starfsmanna til ýmissa atriða sem varðar starf þeirra og starfsumhverfi. Könnunin „Viðhorf til þróunar fagumhverfis, menntunar, samstarfs í nærumhverfi og breytinga á starfsemi“ fór fram í maí 2013

Könnunin var lögð fyrir starfsmenn og stjórnendur á sviði frístundastarfsemi um allt land. Rannsóknin mun væntanlega varpa ljósi á marga þætti í þessu mikilvæga fag- og starfsumhverfi og gera fagstéttinni sjálfri og fræðasamfélaginu auðveldara að bregðast við á sem bestan máta. Hvert er raunverlegt menntunarstig? Hverjar eru væntingar starfsmanna til þróunar á vettvangi? Hve umfangsmikið er starfið og starfsemin í nærumhverfinu?

Í þessu erindi á Menntakvikun mun Árni Guðmundsson ræða um rannsóknina, framkvæmd hennar, aðferðafræðileg álitamál og e.t.v. að hluta til niðurstöður rannsóknarinnar.

Stofa: K-205

10:30 til 12:00

Mál og ritun

Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

Ritað mál: Efnisgreinar, málsgreinar, setningar, liðir og orð

Sigurður Konráðsson, prófessor Mvs. HÍ

Hvers vegna kemur nemendum í grunnskóla til góða að átta sig á formlegum eiginleikum ritaðs máls þegar þeir rita stutta en formlega texta? Vísbendingar eru um að setningafræði hafi um sinn ekki notið mikilla vinsælda í íslenskukennslu í grunnskóla. Ástæðurnar eru óljósar. Í fyrirlestrinum verður rætt hvernig unnt er að kenna nemendum að orða hugsun sína með því að leggja áherslu á innri formgerð og röklegt samhengi.

Setningafræði eða ekki setningafræði? Um málfræðikennslu í grunnskóla

Hanna Óladóttir, aðjunkt Mvs. HÍ

Það er eilífðarspurning hvað eigi að kenna á hvaða skólastigi, hvenær og hvernig. Mikilvægt er að slík umræða sé lifandi í hverju fagi, í málfræði engu síður en öðrum fögum.

Samkvæmt aðalnámskrám í íslensku sem út komu 2007 og 2013 er grunnskólum ekki lengur skylt að kenna nemendum setningafræði sérstaklega. Hins vegar skuli

framhaldsskólinn alfarið sjá um þann þátt málfræðinnar. Spyrja má hvort það hafi verið skynsamleg ákvörðun. Í ljós hefur komið að allmargir skólar hafa þrátt fyrir þetta valið að kenna áfram setningafræði eins og áður, en þungi slíkrar kennslu er yfirleitt í 10. bekk. Sú kennsla byggist á því að kenna nemendum um hlutverk setningarliða þar sem við sögu koma hugtök eins og til dæmis frumlag, umsögn og andlag. Hér má spyrja hvort einmitt þessi nálgun á setningafræði sé sú sem ætti að kenna í grunnskóla. Það er líka ástæða til að spyrja hvort of seint sé að kynna setningafræði til sögunnar í 10. bekk ef ástæða er til þess á annað borð að kenna hana í grunnskóla. Til að svara þessum spurningum verður víða leitað fanga, meðal annars í viðtölum við íslenskukennara í 10. bekk og nemendur þeirra.

Ríkjandi hugmyndir um málfræðikennslu í málgagni móðurmálskennara Ásgrímur Angantýsson, lektor HA

Rýnt verður í orðræðu um málfræðikennslu í tímaritinu *Skímu* (frá 1978) í ljósi mismunandi kenninga um máltöku og móðurmálskennslu. Gerður er sérstakur greinarmunur á hugmyndum fúnksjónalista annars vegar og generatífista hins vegar í þeim efnum (sbr. Gee 2001). Þeir fyrrnefndu hafa tilhneigingu til þess að líkja móðurmálsnáminu við máltöku barna (Cazden 1972, Goodman 1986) en þeir síðarnefndu hafa ýmislegt við þann samanburð að athuga og benda m.a. á að talmálshæfileikinn sé meðfæddur og almennur en ritmálshæfileikinn ekki (t.d. Melvold og Pesetsky 1995). Samkvæmt hugmyndum fúnksjónalista eiga börn að geta tileinkað sér ritmálið og ýmis formleg málsnið á náttúrlegan og áreynslulítinn hátt og verkefni kennarans er að skapa nemendum sem best skilyrði til þess. Málkunnáttufræðingar telja hins vegar að formleg máltileinkun í skólum sé allt annars eðlis en máltaka barna og að inn í hana spili m.a. ýmsir félagslegir og menningarlegir þættir sem taka þurfi markvisst mið af í kennslunni. Meginniðurstaðan er sú að orðræðan í *Skímu* einkennist talsvert af fúnksjónalískum hugmyndum um móðurmálsnám þótt generatífum hugmyndum bregði einnig fyrir. Ennfremur kemur í ljós að lítið er fjallað um það hvernig félagslegur og menningarlegur bakgrunnur nemenda kann að skipta máli í móðurmálskennslu.

Að leiðbeina og læra. Um jafningjamat í ritunarkennslu Ingibjörg B. Frímannsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Kennsla í ritun felur í sér sífellda leit að leiðum til að auka færni nemenda í ritun. Kynntar verða niðurstöður úr rannsókn sem gerð var í námskeiðinu *Talað mál og ritað*, á haustönn 2012, við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Leitað var svara við því hvort jafningjamat sé möguleg leið til að bæta færni nemenda í ritun. Rannsóknarspurningin var: Er jafningjamat hentugt tæki til að þjálfva nemendur í ritun? Megintilgangurinn var að gera nemendur gagnrýna á eigin texta í því augnamiði að þeir lærðu af því að leiðbeina öðrum um ritun. Kennslufræðilega er jákvætt fyrir kennaranema að glíma við raunhæf verkefni. Þá eykur það færni til þeirra í ritun að fá tækifæri til að skrifa fyrir aðra lesendur en kennarann og leggja mat á ritun annarra.

Stofa: K-205

13:00 til 14:30

Íslenskukennsla í framhaldsskólum: Móðurmálið og nýja aðalnámskráin

Vitum vér enn eða hvað? Um rannsóknir á málfræðikennslu í framhaldsskólum
Þórunn Blöndal, dósent Mvs. HÍ

Íslenska sem skólanámsgrein er í eðli sínu íhaldssöm og breytingar hægfara. Það merkir ekki að allt sé með kyrrum kjörum og ekkert að gerast í skólunum. Undanfarin ár hafa birst niðurstöður fjölmargra rannsókna á skólastarfi á Íslandi, þ. á m. skýrslur og rannsóknarniðurstöður, sem varpa ljósi á stöðu íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum. Í fyrirlestrinum verður rýnt í niðurstöður rannsókna sem varða íslenskukennslu í framhaldsskóla og spurt um viðhorf kennara til námsins, um innihald íslenskukennslunnar, um kennsluhætti í greininni og stöðu hennar í framhaldsskólanum. Einkum verður sjónum beint að málfræðikennslu en hlutur hennar í framhaldsskólum virðist hafa dregist saman á undanförunum árum. Spurt verður: Að hvaða markmiði er stefnt með málfræðikennslu í framhaldsskólum? Er eðlileg stígandi í kennslunni sé miðað við það nám sem fram fer í grunnskóla? Hafa nýjar aðferðir eða ný hugsun í málfræðikennslu rutt sér braut á undanförunum árum? Er þörf á að hugsa námsgreinina upp á nýtt og tengja hana betur breyttum tímum og nýjum tækjum og tólum? Eru skýr skil milli þjálfunar í málnotkun og málfræðikennslu? Hver eru viðhorf kennara til mikilvægis námsgreinarinnar? Í lokin verður vikið að því hvort rannsóknarniðurstöður sem varða greinina eigi greiða leið inn í námsefni kennaranema og inn í framhaldsskólana.

Lifandi málfræði – virkni og form tungumálsins í móðurmálskennslu **Rannsókn á málfræðikennslu í framhaldsskólum**

Gyða Erlingsdóttir, M.Ed.-nemi Mvs. HÍ
Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, M.A.-nemi Mvs. HÍ
Þorsteinn Surmeli MA.
Leiðbeinandi: Þórunn Blöndal, dósent Mvs. HÍ

Í stundatóflum íslenskra nemenda er íslenskukennsla jafnan skipt í nokkra hluta eftir því hvað þykir við hæfi að fjalla um í móðurmálskennslunni. Þar er gefinn tími fyrir bókmenntir, málfræði, ritun og stafsetningu. Oft hefur verið skoðað og endurskoðað í námskrám skólanna hvað skuli kenna sem er eðlilegt þar sem þjóðfélagið er í stöðugri þróun og skólastarfið á að sjálfsögðu að endurspeglar það sem um er að vera þar á

hverjum tíma. Af einhverjum ástæðum hefur málfræðin orðið útundan í þessari endurskoðun og þar af leiðandi minna þar um þróun kennsluefnis og kennsluhátta. Þetta þyrfti að endurskoða og æskilegt væri að setja málfræðina í samhengi við hið lifandi tungumál og ekki aðeins einblína á form hennar heldur frekar virkni. Í erindinu verður fjallað um rannsókn þriggja íslenskukennaranema á námsefni og kennsluháttum í málfræðikennslu í framhaldsskólum. Kannað er hvernig megi færa þungamiðjuna frá formlegri málfræði sem byggir á hugtakaskilgreiningum að virkni tungumálsins sem byggir á notkun þess.

Slík framþróun í málfræðikennslu ætti að vera árangursrík vegna þess að nemendur geta vel tengt við virkni málsins þar sem þeir eru sjálfir málnotendur. Námið verður því bæði skemmtilegra og fróðlegra fyrir vikið og markmið málfræðikennslu verða skýrari og auðveldara að ná þeim.

Lykilhæfni og námsmat í íslensku

Sverrir Árnason, MA framhaldsskólakennari

Í þessu erindi verður varpað ljósi á það hvernig áherslur nýju aðalnámskrárinnar (2011) koma fram í íslenskukennslu við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Farið verður í það hvernig unnið er með lykilhæfni og hæfniviðmið í ákveðnum áföngum og er erindið í beinum tengslum við Sprotasjóðsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem undirritaður fékk styrk til að vinna að, tímabilið sem um ræðir er frá janúar 2013 fram til júní 2014. Heiti verkefnisins „Lykilhæfni og námsmat“. Sýnt verður með verkefnum hvernig grunnþættirnir birtast í verki þegar unnið er með *lýðræði og mannréttindi í Laxdælu* og *Njálu, jafnrétti* út frá textabrotum og ljóðum úr *Þyrnum og rósum* og *sköpun* með efni úr *Bók af bók*. Einnig verður farið yfir það hvernig námsmat er þróað út frá þeim verkefnum sem nemendur vinna og er þar gengið úr frá áherslum viðkomandi lykilhæfni hverju sinni sem og hæfniviðmiðum íslenskunnar.

Þá verður þeirri spurningu varpað fram hvort nýja aðalnámskráin sé framfaraskref sem stuðli að því – eins og að var stefnt – að gera nemendur virkari samfélagsþegna, ábyrgari og gagnrýnni á samfélag sitt.

Stofa: K-205

15:00 til 16:30

Lestur/læsi

Kennarar lesi barnabækur og börnin ræði um lestur - Hagnýting rannsókna á lestrarvenjum ungra bókaorma

Brynhildur Þórarindóttir, dósent HA

„Lestrarvenjur ungra bókaorma“ er rannsókn á viðhorfum, venjum og mótunarþáttum þeirra grunnskólakennara sem flokkast sem mjög virkir lesendur. Rannsóknin fór fram á

vegum Barnabókaseturs – rannsóknarseturs um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri – sumarið 2012, með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tekin voru viðtöl við rýnihópa barna úr 3. og 4. bekk á sumarlestrarnámskeiðum Amtsbókasafnsins og Minjasafnsins, en þessi námskeið sækja helst mjög virkir lesendur. Jafnframt var rætt við samanburðarhópa jafnaldra barnanna á annars konar tómstundanámskeiðum í bænum. Rætt var við börnin um lestrarvenjur þeirra, viðhorf til lestrar, hugmyndir um gildi lestrar, viðhorf bekkjarfélaganna til lestrarhesta, lestur á heimilum þeirra, lestur foreldranna og fleira. Markmiðið var að draga upp mynd af ungum lestrarhestum í því skyni að bæta lestrarmenningu barna almennt. Rannsóknin er afar mikilvæg fyrir starfsemi Barnabókaseturs því án þekkingar á því sem gerir börn að áhugasömum lesendum er ekki hægt að snúa við þeirri öfugþróun sem orðið hefur á lestraráhuga barna sl. áratugi. PISA rannsóknin sýnir að ánægja af bóklestri tengist mjög árangri í lesskilngi sem staðfestir hversu mikilvægt er að stuðla að lestrarvakningu í skólum landsins. Í erindinu verður rætt um helstu niðurstöður rannsóknarinnar á lestrarvenjum ungra bókaorma og hagnýtingu hennar í skólastarfi.

Lestur og ritun kennt í gegnum SKYPE með stýrðum fyrirmælum og hnitmiðaðri færniþjálfun

Guðríður Adda Ragnarsdóttir, atferlisfræðingur og kennari

Nemanda með leshömlun var kennt að lesa og skrifa með stýrðum fyrirmælum (direct instruction; di) og hnitmiðaðri færniþjálfun (precision teaching; pt). Vegna landfræðilegrar fjarlægðar milli nemanda og kennara var kennslunni miðlað rafrænt í gegnum SKYPE samskiptaforritið. Einnig skyldi athugað hvort hliðstæður árangur næðist í lestrarkennslunni í fjarkennslu og sýnt hefur verið fram á í staðkennslu.

Þegar kennslan hófst gat nemandinn hvorki lesið né skrifað svo skiljanlegt væri. Unnið var eftir námsefninu LÆS Í VOR sem er kennslu- og þjálfunarprógram sem undirrituð hefur þróað. Námsefnið er hannað samkvæmt samtengdri hljóðaaðferð. Þá er byrjað á málljóðinu og unnið upp í stærri heildir, s.s. samsett orð og setningar. Stefnt er að því að nemendur verði tæknilega læsir, og lesi áheyrilega um 150 atkvæði á mínútu og skrifi sambærilegan texta eftir upplestri og frá eigin brjósti. LÆS Í VOR nýtist þeim sem eru ólæsir, óháð aldri og ástæðum ólæsisins.

Sýnd verða töluleg gögn af raunfærni og framförum nemandans. Gögnin verða rædd í sambandi við innlendar og erlendar niðurstöður um árangur lestrarkennslu með samsettri di/pt aðferð. Athyglinni verður einnig beint að framkvæmd kennslunnar í gegnum SKYPE og þeim möguleikum og kostum sem sú klæðskerasniðna þjónusta felur í sér fyrir börn í hinum dreifðu byggðum.

Orð af orði þróunarverkefni og rannsókn

Guðmundur Engilbertsson, lektor HA

”Orð af orði” er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi nemenda, kenna þeim markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu orða og hugtaka, kortleggja aðalatriði efnis og endurbirta efni á fjölbreyttan hátt. Þróunarverkefnið felur í sér fræðslu, ráðgjöf og eftirfylgni og hafa 64 grunnskólar á landinu tekið þátt í slíku þróunarstarfi. Í erindinu verður þróunarverkefnið kynnt ásamt niðurstöðum rannsóknar með tilraunasniði á áhrifum þess á orðaforða og lesskilning nemenda. Tilraunin stóð yfir í mánuð. Mælingar á orðaforða og lesskilningi voru gerðar í upphafi og lok tilraunar. Til samanburðar var fylgst með hópi nemenda sem ekki tók þátt í tilrauninni og mælingarnar bornar saman. Niðurstöður sýndu að nemendur í tilraunahóp bættu markvisst árangur sinn og jafnframt var marktækur jákvæður munur á niðurstöðum tilrauna- og samanburðarhóps hvað orðaforða varðar en áhrif á lesskilning voru lítil.

Læsi í víðum skilningi

Stefán Jökulsson, lektor Mvs. HÍ

Víða hafa tölvur og net gjörbreytt því hvernig fólk ber sig að við vinnu, hvernig það hagar samskiptum sínum við aðra, aflar upplýsinga eða miðlar þeim. Á vettvangi náms og kennslu hefur tölvubyltingin ekki síst falist í því að öll helstu skilnings- og miðlunarverkfæri, og málin sem þau snúast um (t.d. prentmál, myndmál, margmiðlun), eru nú saman komin í einum verkfærakassa; tölvu, sem nota má til að draga að sér ýmiss konar efnivið og gögn, skapa þekkingu og miðla henni.

Af þessum ástæðum hefur athyglin beinst að læsi í víðum skilningi, læsi sem snýst um að gera nemendur læsa á alls kyns mál og þjálfá þá í að búa til ýmiss konar efni. Rætt verður um hugsanleg svör við áleitnum spurningum sem vakna í þessu sambandi: Verða kennarar og nemendur í öllum greinum að ná tökum á slíku víðlæsi? Hvers vegna/ekki? Hvers konar fagmenn þurfa kennarar að vera þegar starfsskilyrði þeirra (og nemenda þeirra) hafa gjörbreytt, t.d. hvað varðar aðgang að alls kyns efni og upplýsingum.

Stofa: K-206

13:00 til 14:30

Starfendarannsóknir

Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir

Starfendarannsókn – leið fyrir starfsþróun kennara

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor MS

Hafþór Guðjónsson, dósent Mvs. HÍ

Starfendarannsóknarhópar hafa starfað í nokkur ár við Mennaskólann við Sund og Verzlunarskóla Íslands. Tilgangurinn er starfsþróun kennara sem byggir á stöðugu umbótastarfi bæði innan faggreinar og í gegnum þverfaglegt samstarf með því að flétta

saman rannsókn og breytingastarfi. Starfið byggir á hugmyndum Jean McNiff, prófessors við York St John University og ráðgjafi hópanna er Hafþór Guðjónsson, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í starfinu hafa hóparnir hugsmíðahyggju og aðstæðuviðhorf að leiðarljósi. Hópurinn hefur sameiginlegt markmið að skoða hvaða breytingar æskilegt er að gera til að auka ábyrgð nemenda á námi sínu og að ýta undir sjálfræði nemenda í námi en hver kennari velur sitt eigið rannsóknarefni á hverjum tíma. Fundir hópanna veita kennurum tækifæri til að ræða starf sitt, gildi og togstreitu og kynna sínar eigin hugmyndir og hugtök um starfið. Starf hópanna stuðlar að valdeflingu kennara, þróun orðræðu um kennarastarfið og vinnubrögð við að rannsaka eigið starf.

Námsmat með alfa, beta, gamma, ABG

Ágúst Ásgeirsson, stærðfræðikennari MS

Námsmat er mikilvægt. Að geta átt samræður við nemendur um námsmat er afar verðmætt. Nemendur eru afar ólíkir. Námsaðferðir þeirra og vinnulag er á ýmsa vegu. Um leið og kennsluáðferðir hafa orðið fjölbreyttari og starfið í kennslustundunum orðið margbrotnara er mikilvægt að námsmatið endurspegli kvikan veruleika. Um leið og þetta er sagt, þá er ég að jafnaði mjög hlynntur lokaprófum, finnst mikilvægt að nemendur séu settir í þá stöðu að þurfa yfirvega starfið á önninni og það fari fram einstaklingsbundið námsmat, undir ströngu eftirliti. ABG er verkfæri til að auðvelda samskipti um námsmatið. Þannig að þeir nemendur sem að jafnaði eiga auðvelt með að taka próf, fái njótið sín. Slíkir nemendur eru kallaðir A - nemendur. En svo eru nemendur sem eiga að jafnaði erfitt í prófum, en eru dugmiklir í kennslustundum, þeir eru kallaðir B - nemendur. Þarna á milli eru G - nemendur. Verkfærið leysir oftast en ekki allskonar bráðavanda. Að hafa 25 - 30 manna bekk og engan í alveg sama námsmatinu er hægur vandi. Aðalatriðið er að láta nemendum eftir að ákveða eigin örlög og að þeir yfirvegi stöðu sína, að þeir geti svarað spurningunni: Hvernig nemandi er ég og hvernig námsmat hentar mér?

Jafnrétti kynjanna í kennslustofunni.

Melkorka Matthíasdóttir, jarðfræðikennari við MS

Í þessu erindi er fjallað um starfendarannsókn sem unnin var í vetur (2012-2013) þar sem samskipti kynjanna og samskipti kennara við kynin voru skoðuð sérstaklega. Rannsakandi er kvenkyns raungreinakennari sem kennir jarðfræði í 1. bekk við Menntaskólann við Sund. Kennari ígrundaði yfir veturinn og tók meðal annars upp kennslustundir sem voru síðan skoðaðar sérstaklega með svokölluðum "kynjagleraugum". Ýmislegt kom í ljós þegar kennslustundin var skoðuð. Meðal annars vakti athygli hvernig nemendur röðuðu sér þegar þeir komu inn í skólastofuna. Stelpur virtust raða sér meðfram veggjum meðan strákar voru meira í miðjunni. Sjaldgæft var að drengir og stúlkur sætu saman. Stúlkur voru mun uppteknari af útliti, virtust oft öruggar þegar talað var um námsefnið og fannst þær kunna minna en raunin var. Drengir voru oftast háværir, töluðu út fyrir efnið eða reyndu að fá kennarann til að tala um annað en námsefnið. Þeir virtust hins vegar öruggari með sig í tengslum við námsefnið og fannst

þeir kunna meira en raunin var. Athygli er vakin á því að nemendur í þessari rannsókn eru á 1. ári í menntaskóla og má vel vera að þetta hegðunarmynstur breytist þegar þeir verða eldri en það er engu að síður mikilvægt að skoða þessa þætti og reyna að finna leiðir til að auka sjálfsöryggi stúlkna til að forðast svokallaðar staðalímyndir.

Spunaspil til heimspeki- og lýðræðisnáms

Ármann Halldórsson, ensku- og heimspekikennari við VÍ

Ég hef alltaf haft mikla trú á leiknum sem námstækifæri og hef reynt að grípa tækifæri til að nýta hann í minni kennslu. Ég hef jafnframt töluverða trú á leiklist og leikrænni tjáningu sem námsaðferð. Á æskudögum mínum í MH kynntist ég lauslega fyrirbæri sem sameinar þetta tvennt, en það eru svokölluð spunaspil, upp á ensku Role Playing Games. Árum saman hefur blundað í mér sú hugmynd að láta reyna á aðferðir og útfærslu þessara skemmtilegu spila í kennslu og fyrir tveimur árum byrjaði ég á því í rólegheitum. Ég ætla að segja frá þessu ævintýri mínu og rannsóknum mínum því tengdu – þetta hófst sem lítið og alveg misheppnað verkefni tengt vinnu með skáldsögu í enskukennslu en er nú orðið að verkefni sem er styrkt af Þróunarsjóði námsgagna þar sem ég er að þróa spil sem geta nýst með ólíkum hætti í ýmsum greinum á öllum skólastigum.

Stofa: K-206

15:00 til 16:30

Að tengja akademíu og vettvang í gegnum starfendarannsóknir Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir

Námskeið um starfendarannsóknir á Menntavísindasviði: áherslur, ávinningur og áskorarnir

Karen Rut Gísladóttir, lektor Mvs. HÍ

Námskeið um starfendarannsóknir hefur verið kennt við Menntavísindasvið síðan 2004 og eru æ fleiri sem nota þessa rannsóknaraðferð við gerð meistaraverkefna. Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist aðferðum starfendarannsókna með því að gera eigin starfendarannsókn. Nemendur þurfa þá að lesa um starfendarannsóknir og aðferðir starfendarannsókna, móta eigin rannsóknaráætlum, afla og greina gögn og setja fram helstu niðurstöður. Í þessum fyrirlestri greinir höfundur þær áherslur sem

kennarar starfendarannsókna á Menntavísindasviði hafa lagt á námskeiði sínu og hvernig það hefur þróast. Helstu áskorarnir sem þeir sjá starfendarannsakerndur standa frammi fyrir er þeir rannsaka eigið starf og þær leiðir eða stuðning sem mikilvægt sé að byggja inn í rannsóknarferlið. Að lokum mun höfundur greina hvernig þessir kennarar sjá samstarf akademíu og vettvangs þróast á komandi árum.

Hugræn atferlismeðferð byggð á vakandi athygli

Anna Kristín Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Þessi starfendarannsókn segir frá eftirfylgni átta einstaklinga sem höfðu lokið hugrænni atferlismeðferð (HAM) vegna þunglyndis og kvíða. Markmið rannsóknarinnar var að skoða árangur hópmeðferðar þar sem notaðar voru aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar ásamt vakandi athygli. Einnig var tilgangurinn að bæta stafshætti mína og að búa til líkan sem hægt væri að nota í framtíðinni til að bæta eftirfylgni að lokinni endurhæfingu. Í rannsókninni skoðaði ég hvernig ég þróaði fundi með eftirfylgnihópi og hvernig þeir nýttust þátttakendum. Fræðileg umfjöllun var um þunglyndi, hugræna atferlismeðferð og hugræna atferlismeðferð sem byggist á vakandi athygli. Niðurstöður benda til þess að hugræn atferlismeðferð sem byggist á vakandi athygli hjálpi einstaklingum til að verða meðvitaðir um hugsanir sínar og tilfinningar. Þannig öðlist þeir tækni til að varna því að leiði verði að þunglyndi en sú tækni er hjálpleg til að viðhalda bata. Rannsóknin leiddi til þess að ég fór að nýta mér aðferðir núvitundar til að vinna með og styðja skjólstaðinga mína.

Lokið tölvunum“. Hvernig getur upplýsingatæki hjálpað mér að byggja nám nemenda á reynsluheimi þeirra?

Guðlaug Ragnarsdóttir, framhaldsskólakennari

Verkefnið byggir á tveggja ára starfendarannsókn. Í mínum skóla er gerð krafa um að allir nemendur komi með fartölvu í skólann. Í þessari rannsókn skoða ég hvernig ég sem kennari fór að því að rýna í eigin kennsluhætti til að hætta að láta tölvunotkun nemenda angra mig. Þess í stað fór ég að skoða hvernig ég gæti innleitt upplýsingatækni til að byggja nám nemenda á reynsluheimi þeirra og um leið eflt hæfni þeirra til samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða. Ég nota nám í ljósi reynslunnar samkvæmt John Dewey og hugmyndir um merkingarbært nám í anda Jeromy Bruners til að skoða þær breytingar sem hafa átt sér stað í minni kennslu. Þar er rík áhersla á að námsefni tengist fyrri þekkingu og reynslu nemenda eða að það (námið - námsefnið) nái að búa til nýja þekkingu hjá nemandanum. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að kennsluáferðir einkenndust af einu viðhorfi til náms, viðtökuvíðhorfinu, og notkun tækninnar í kennslu verður að leiða til þess að nám nemenda dýpki og auðgisti meira en við hefðbundar kennsluáferðir. Að öðrum kosti þjóni það ekki tilgangi að nota tæknina sem viðbót við aðra kennsluhætti.

„Mamma komdu ég ætla að lesa svolítið fyrir þig“. Móðir leitar leiða til að örva málþroska 4 ára dóttur sinnar.

Guðbjörg Ingunn Óskarsdóttir, félagsfræðingur og móðir

Hér verður fjallað um starfendarannsókn þar sem markmiðið var að nota viðurkenndar aðferðir til þess að örva málþroska 4 ára dóttur minnar í gegnum lestur bóka. Ég tileinkaði mér þrepaskipta lestækni Bruners (1986) þar sem byrjað er að spyrja barnið almennra og lítt krefjandi spurninga en þær svo þyngdar stigvaxandi eftir því sem bókin er lesin oftar. Ég safnaði gögnum með dagbókarskrifum og hljóðupptökum. Helstu niðurstöður voru þær að með því að beita markvissri lestækni átti dóttir mín auðveldara með að meðtaka ný og óþekkt orð, spjalla um söguþráð og líðan sögupersóna en áður. Hún gat endursagt sögur með vísan í flókin orð og orðasambönd og sýndi ritmálinu aukinn áhuga. Ég tel að með starfendarannsókninni hafi mér tekist að bæta lestækni mína til muna og tekið skref í átt að bættum málþroska dóttur minnar. Það er að mínu mati til mikils að vinna að foreldrar leggi sig fram við að lesa fyrir börnin sín og kynni sér hvernig best sé að bera sig að við lestur. Þannig má auka málþroska sem skiptir miklu máli fyrir komandi skólagöngu og framtíð barnanna.

Samtal um starfendarannsóknir

Heimir Eyvindsson, grunnskólakennari

Sævar Þór Helgason, deildarstjóri í grunnskóla

Heimir Eyvindarson kennari og Sævar Helgason deildarstjóri sem starfa saman við Grunnskólann í Hveragerði kynna vefinn Starfendur. Vefinn unnu þeir í námskeiði um Starfendarannsóknir í H.Í. á vorönn 2013. Á vefnum flétta þeir félagar saman verkefnum sínum, en meginþráður í viðfangsefnum þeirra beggja eru samskipti, virðing og traust. Á vefnum er meðal annars að finna nokkur áhugaverð myndskreið þar sem Hvergerðingarnir ræða fyrstu kynni sín af starfendarannsóknum og ýmislegt fleira sem viðkemur þessu tiltölulega nýja rannsóknarformi. Í erindi sínu á Menntakvikun munu Heimir og Sævar ræða starfendarannsóknir vítt og breitt, með sérstakri áherslu á starfendarannsóknir framtíðarinnar. Ólíkar gerðir og ólík form sem hægt er að beita í því augnamiði að opna augu sem flestra fyrir þessari einstaklingsmiðuðu og sveigjanlegu rannsóknar-nálgun. Það er þó ekki ætlun Heimis og Sævars að stunda trúboð eða eldheitan áróður, enda er slíkt í sjálfu sér sjaldnast til eftirbreytni, en þeir binda vonir við það að kynni viðstaddra af vefsíðunni og vangaveltum þeirra félaga um hvaða viðfangsefni starfendarannsakendur nánustu framtíðar gætu tekið sér fyrir hendur opni augu fleira fólks fyrir þeim óþrjótandi möguleikum sem í boði eru fyrir þá sem vilja rannsaka starf sitt.

Stofa: K-207

10:30 til 12:00

Áherslur, tækifæri og félagsleg aðgreining

Gildi og áherslur skólastjóra í grunnskólum í Reykjavík

Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri SFS
Friðgeir Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ

Stjórnunarhættir og áherslur skólastjóra móta skólamenningu og mynda ramma um skólastarf, nám nemenda og kennslu kennara. Í þessari rannsókn er byggt á viðtölum við skólastjóra í 22 grunnskólum í Reykjavík og sjónum beint að því hvernig þeir líta á það hlutverk sitt að veita skólunum faglega forystu og leiða breytingar og þróun í námi og kennslu.

Viðtölin voru tekin í tengslum við heildarmat í grunnskólum Reykjavíkur á árunum 2009-2012. Stuðst var við spurningaramma sem notaður var til að tryggja að ákveðnir þættir kæmu fram í öllum viðtölum. Viðtölin voru hálfopin og leitast við að fá fram viðhorf og sjónarmið viðmælanda ásamt lýsingu á aðstæðum. Flokkun gagna og greining leiddu fram mismunandi áherslur við faglega forystu, hlutverk stjórnunarteyma og hvernig skólastjórar tengjast því starfi sem fram fer í skólastofum.

Helstu niðurstöður leiða í ljós að algengasta leið skólastjóra til að veita faglega forystu, þ.e. leiða og móta faglegt starf, er gegnum fagleg stjórnunarteymi en þau er að finna í um helmingi skólanna. Í hinum skólunum sinna stjórnunarteymi rekstri og skipulagi skólastarfs fremur en faglegum þáttum. Aðeins í örfáum skólum tengjast skólastjórar námi og kennslu með beinni faglegri og kennslufræðilegri viðræðu við kennara.

Tækifæri og hindranir. Viðhorf stjórnenda og starfsmanna skóla til samreksturs leik- og grunnskóla.

Hilmar Björgvinsson, skólastjóri í leik- og grunnskóla, meistaranemi Mvs. HÍ
Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor Mvs. HÍ

Með nýjum leik- og grunnskólalögum árið 2008 var sveitarfélögum heimilað að reka saman leik- og grunnskóla undir stjórn eins skólastjóra sem ekki var hægt samkvæmt eldri lögum. Nokkur sveitarfélög hafa nýtt sér þessa heimild og sameinað leikskóla og grunnskóla í eina stofnun. Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að fá fram viðhorf skólastjórnenda og starfsmanna skóla til samreksturs leik- og grunnskóla m.a. í ljósi kenninga um stofnanamenningu. Leitað var eftir mati þeirra á því hver er helsti ávinningur rekstrarformsins og hverjar eru helstu hindranirnar, hvernig samstarfi er háttað og hvernig stuðlað er að samfellu í námi nemenda. Gagna var aflað með einstaklings- og hópviðtölum við starfsmenn og stjórnendur í tveimur samreknum leik- og grunnskólum. Viðtölin voru tekin í maí árið 2013. Til þátttöku voru valdir kennarar og starfsmenn sem vinna með nemendum á mörkum skólastiganna. Þess er vænst að niðurstöður verði til þess að varpa ljósi á það hvað þurfi til þess að auðvelda samstarf starfsmanna á milli skólastiganna og niðurstöðurnar geta einnig orðið innlegg í umræðu fræðslufirvalda sem hyggjast reka saman þessi tvö skólastig í einni stofnun.

Skemmtileg vinna en félagsleg aðgreining í kennarahópnum. Karlar sem umsjónarkennarar yngri bekkja í grunnskóla

Ingunn Margrét Óskarsdóttir, verkefnisstjóri Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Mvs. HÍ og HA

Erindið er byggt á viðtölum við karlkyns umsjónarkennara í 1.–4. bekk grunnskóla. Hlutfall karla meðal grunnskólakennara er aðeins um 20% í íslenskum grunnskólum og lægra meðal þeirra sem kenna yngstu nemendum. Tekin voru viðtöl við tvo karlkyns kennara sem eru umsjónarkennarar á yngsta stigi grunnskóla í Reykjavík. Helstu niðurstöður voru að þeim liði vel í starfinu, þrátt fyrir að tilheyra minnihlutahópi. Þeir eru einkum ánægðir með vinnuna með börnunum og hvað varðar faglega vinnu með samstarfsfólkinu. Þeir sögðu sögur af ólíkri sætaskipan kynjanna á kennarastofunni og stundum af félagslegri einangrun sinni í hópnum. Þegar á heildina er litið reyndust viðmælendurnir ánægðir í starfinu. Rannsóknin var borin saman við niðurstöður rannsóknar sem byggðist á viðtölum við karlkyns umsjónarkennara í yngstu bekkjum grunnskóla í Suður-Kaliforníu og einnig við íslenska rannsókn sem fólst í viðtölum við kennslukonur í grunnskólum. Út frá þessu þrennu má velta því fyrir sér hvort starfsánægja karlkyns kennara í grunnskólum byggist á óskilyrtri ánægju eða að þeir hafi sætt sig að vera minnihlutahópur. Að lokum verður rætt hvort skólayfirvöld og sveitarfélög geti haft áhrif á ímynd grunnskólakennarastarfsins þannig að líkur aukist á að fleiri karlar sækist eftir því.

Lífsgæði, stuðningur, uppeldi og nauðung barna

Lífsgæði, þátttaka og umhverfi íslenskra barna

Snæfríður Þóra Egilson, prófessor HA

Kjartan Ólafsson, lektor HA

Linda Björk Ólafsdóttir meistaraniemi HA

Gunnhildur Jakobsdóttir meistaraniemi HA

Þátttaka og lífsgæði eru nátengd hugtök þar sem upplifun fólks af þátttöku sinni í samfélaginu hefur áhrif á hvernig það upplifir stöðu sína í lífinu og þar með lífsgæði sín. Á undanföllum árum hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að huga að lífsgæðum og samfélagsþátttöku barna. Það á ekki síst við um fötluð börn, en athyglin hefur beinst mestmegnis að skerðingu þeirra í stað þess að horft sé heildstætt á líðan og aðstæður þeirra. Aukin áhersla á þátttöku og lífsgæði barna tengist einnig umræðunni um mikilvægi þess að hlusta eftir röddum barna og taka mið af því sem þau segja um líf sitt og líðan.

Í fyrirlestrinum verður greint frá nýrri rannsókn, en tilgangur hennar er að kanna hvernig getumikil börn með einhverfu meta lífsgæði sín og hvernig foreldrar þeirra meta lífsgæði og þátttöku barnanna í mismunandi umhverfi. Lífsgæði, þátttaka og umhverfi barna í samburðarhópi verða einnig könnuð. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Hún er skipulögð sem hluti stærri rannsóknar þar sem lífsgæði, þátttaka og umhverfi barna með og án skerðinga af margvíslegum toga verða borin saman. Þess er vænst að niðurstöður megi nýta til að bæta þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Stofa: K-207

13:00 til 14:30

Vettvangstengdar rannsóknir

Þekkingarfræði raunvísinda í eðlisfræðikennslubókum á grunnskólastigi

Haukur Arason, dósent Mvs. HÍ

Allyson Macdonald, prófessor Mvs. HÍ

Viðhorf til þekkingarfræði raunvísinda birtist stundum með beinum en oftast með óbeinum hætti í kennslubókum á grunnskólastigi. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir þeim viðhorfum til þekkingarfræði raunvísinda sem birtast í nokkrum kennslutextum í eðlisfræði sem notaðir eru við kennslu í íslenskum grunnskólum. Við greiningu á þessum viðhorfum er nýttur greiningarrami sem ýmsir fræðimenn á sviði náttúrufræðimenntunar hafa þróað á undanförunum árum en þar er meðal annars litið til þess hvaða viðhorf komi fram til vísindalegra kenninga og lögmála, vísindalegra aðferða, athuganna og tilrauna.

iRannsóknir: gömul vandamál með nýjum og tæknivæddum etnógrafíum

Kristín Björnsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Sú tíð er liðin að eigindlegir rannsakendur handskrifi viðtöl og etnógrafíur í dagbækur og líklega er tími segulbanda og afspilunartækja líka liðinn. Í erindinu verður fjallað um notkun tækja á borð við tónhlöður (t.d. iPod), spjaldtölvur (t.d. iPad) og snjallsíma (t.d. iPhone) við öflum eigindlegra rannsóknagagna. Sjónum verður beint að kostum og göllum tækninnar og fjallað um ýmis gagnleg smáforrit (apps) og rýnt í gagnsemi gagnagreiningaforrita á borð við NVivo og Atlas. Í erindinu verður reynt að svara þeirri spurningu hvort og þá hvernig tæknin gerir rannsóknarferlið skilvirkara. Að lokum verða tekin nýleg dæmi um notkun mynda(véla) í etnógrafískum rannsóknum og hvernig tæknin og aðferðin getur þvælst fyrir rannsakandanum með þeim afleiðingum að mikilvægar upplýsingar fari forgörðum.

Sögur verða til - Narratífa sem rannsóknaraðferð með kennurum

Lilja M. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu er ætlunin að fjalla um hvernig sögurnar urðu til í rannsókn minni með byrjendum í kennslu. Þetta er langtímarannsókn og er hún grundvölluð á aðferðafræði narratífunnar þar sem áhersla er lögð á samvinnu rannsakandans og þátttakenda, yfir nokkurt tímabil, á ákveðnum stað eða stöðum og í samspili við umhverfið. Ég tel að narratífan sé vænleg til að gefa hinum ungu kennurum í rannsókninni tækifæri til að segja frá og útskýra kennslu sína og reynslu sem byrjendur og þannig urðu sögurnar til. Megin rannsóknarspurningin var: Hvernig gengur byrjendum í grunnskólakennslu að verða þeir kennarar sem þeir hugsuðu sér að verða? Með því að nota narratífu vænti ég þess að þessir byrjendur í kennslu átti sig betur á því hvernig kennarar þeir eru þannig að þátttaka þeirra í rannsókninni verði um leið liður í að þróa þeirra eigin fagmennsku, ekki síst í því skyni að bæta eigin kennslu og um leið skólastarfsið. Í þessu liggur einkum áhugi minn á þessari rannsóknaraferð. Niðurstöðurnar eru settar fram sem sögur þessara kennara um ýmis atvik og aðstæður sem þeir þurftu að takast á við þessi fyrstu ár með það að markmiði að þær nái eyrum starfandi kennara og kennaranema. Í því felst hagnýtt gildi þeirra.

Stofa: K-207

15:00 til 16:30

Skólinn sem námssamfélag og einstaklingsmiðað nám
Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Kennsluhættir á yngsta stigi

Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent Mvs. HÍ
Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor Mvs. HÍ

Námsumhverfi og kennsluhættir í yngri árgöngum grunnskólans eru með öðrum hætti heldur en í eldri árgöngum samkvæmt niðurstöðum fyrri rannsókna höfunda (2012). Kennsluhættir eru einstaklingsmiðaðri, fjölbreyttari og virkni nemenda meiri á yngri stigum. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa frekara ljósi á kennsluhætti, bakgrunn og kennslufræðilegar áherslur kennara á yngri stigum ef vera kynni að þar væri að finna skýringu á þessum mun. Reynt er að nálgast svar við spurningunni um hvort það sé kennarinn sem móti námsumhverfið í samræmi við viðhorf sín og áherslur eða hvort umhverfið móti hann. Unnið er úr gögnum sem aflað var með vettvangsathugunum í 1. – 4. bekk, spurningalistum og viðtölum við kennara í 20 grunnskólum sem tóku þátt í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum 2009-2011*. Í fyrirlestrinum er sjónum sérstaklega beint að bakgrunni kennaranna, vali þeirra á kennsluaðferðum og námsefni og viðhorfum til námsumhverfis og einstaklingsmiðunar. Þess er vænst að niðurstöður nýtist til að bæta námsumhverfi og kennsluaðferðir á eldri stigum til að auka fjölbreytni og virkni nemenda.

Hvaða þættir í skólastarfinu styðja við sjálfræði og hvað hindrar?

Ingibjörg Kaldalóns, doktorsnemi Mvs.

Til umfjöllunar er rannsókn á starfsháttum grunnskóla þar sem kannað var hvernig stuðningi við sjálfræði nemenda er háttað. Sjálfræði felst í þeirri tilfinningu að athafnir séu sjálfsprottar í samræmi við eigin áhuga, gildi og vilja sem og hæfni til að stjórna eigin athöfnum. Stuðningur við sjálfræði nemenda í skólastarfi vísar til þess hvaða aðstæður eru skapaðar í skólastarfi svo nemendur skynji að athafnir þeirra séu í samræmi við eigin vilja, gildi og áhuga. Rannsóknir benda til að stuðningur við sjálfræði nemenda sé mikilvægur þáttur farsældar og grunnur að áhugahvöt og sjálfstjórn í námi. Gagna var aflað á vegum samstarfsrannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum 2009-2011* sem náði til 20 grunnskóla. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að veita yfirsýn yfir núverandi starfshætti í grunnskólum með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms. Hér er byggt á hálfopnum viðtölum við kennara (7 einstaklings- og 12 hópviðtölum) og nemendur (16 hópviðtölum), auk spurningakannana meðal starfsmanna og nemenda. Leitast verður við að lýsa hvað einkennir kennsluhætti þar sem stuðningur við sjálfræði er hvað mestur og hvað hindrar kennara við að veita slíkan stuðning – með áherslu á hvernig niðurstöður geta stutt við vettvanginn.

Það er firra að allir íslenskir grunnskólar séu eins!

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor Mvs. HÍ

Í fyrirlestrinum verður gerð grein fyrir samanburði á grunnskólum sem flokkaðir voru eftir því hversu náíð kennarar unnu saman með hópa nemenda. Byggt er á gögnum úr rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum 2009-2011* þar sem meðal annars voru kannaðir kennsluhættir í 20 grunnskólum með vettvangsathugunum, viðtölum og spurningakönnunum. Gögnin sem aflað var skapa möguleika á margháttuðum samanburði. Í sex skólanna var aðallega byggt á *bekkjarkennslu* þar sem kennarar unnu mest einir, hver með sinn bekk eða námshóp, eða við kennslu tiltekinna greina. Í níu skólum var hins vegar að einhverju leyti byggt á *teymiskennslu*, þ.e. tveir eða fleiri kennarar voru samábyrgir fyrir einum árgangi eða aldursblönduðum hópi. Kennarar í þessum síðarnefndu skólum undirbjuggu sig saman og kenndu einnig að einhverju marki saman. Gefin verða ýmis dæmi um þann mun sem fram kom, m.a. um kennslu- og námsmatsaðferðir, þróunarstarf, starfsanda og viðhorf kennara (t.d. til einstaklingsmiðunar) og þess vænst að niðurstöður komi kennurum að gagni við ákvörðun um skipulag starfshátta.

Tengsl skóla og grenndarsamfélags á Íslandi og í Minnesota

Gerður G. Óskarsdóttir

Í fyrirlestrinum verða borin saman tengsl skóla og grenndarsamfélags á Íslandi og í Minnesota í Bandaríkjunum. Spurt er hvernig námsumhverfi nemenda teygist út fyrir skólabýgginguna í grenndarsamfélagið og náttúruna og með hvaða hætti tekið er á móti aðilum úr nærsamfélaginu í skólanum. Í upphafi 20. aldar sagði Dewey að skólaveggirnir mættu hvorki verða sem klaustursveggir (1916/1966) né skólinn stofnun „skýrt aðgreind frá öllum öðrum samfélagsstofnunum“ (1938/2000). Út frá þessum orðum verður umfjöllunarefnið tengt kenningum um *félagsauðinn* í tengslum einstaklinga sem saman mynda félagslegt stuðningsnet (Coleman, 1988) og *þekkingarsjóðina* sem geyma alla þá þekkingu og færni sem fyrirfinnst í fjölskyldu og umhverfi nemandans (Moll o.fl., 1992). Byggt er á gögnum úr spurningakönnunum til kennara, nemenda og foreldra og viðtölum við skólastjórnendur sem aflað var á vegum samstarfsrannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum 2009-2011* sem náði til 20 grunnskóla um landið svo og viðtölum við skólastjórnendur í Minnesota í Bandaríkjunum. Fjallað verður um a) upplýsingamiðlun um skólann til grenndarsamfélagsins og upplýsingaöflun kennara og nemenda um nærumhverfið; b) vettvangsnám úti í náttúrunni og samfélaginu, útikennslu, þjónustunám og þátttöku nemenda í félagsstarfi utan skólans; c) gestakomur í skólann, kynningar og viðburði sem opnir eru íbúum grenndarsamfélagsins.

Stofa: K-208

10:30 til 12:00

Nýfrjálshygja - skóli án aðgreiningar og einstaklingsmiðun

Skóli án aðgreiningar eða menntakerfi án aðgreiningar?

Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor HA og Mvs. HÍ

Rætt verður um kenningar og rannsóknir sem varpa ljósi á aukna aðgreiningu milli skóla í ljósi aukinnar áherslu á samkeppni, ímyndarsköpun skóla- og foreldraval. Lengst af hefur stétta- og menningarleg blöndun og lítill árangursmunur milli grunnskóla einkennt grunnskóla á Norðurlöndum öfugt við þróunina í bandarísku og bresku grunnskólakerfi. Með aukinni markaðsvæðingu hefur árangursbil og stétta- og menningar- aðgreining milli grunnskóla á Norðurlöndum aukist (sjá t.d. niðurstöður PISA rannsókna). Í erindinu verður kynntur hluti af niðurstöðum doktorsrannsóknar úr bandarísku skólaumdæmi þar sem sjónum var beint að vali foreldra á grunnskólum fyrir börn sín og hvernig stétta- og kynþáttaaðgreining milli skóla hafði áhrif á foreldraval og hugmyndir foreldra um „gæði“ skóla. Byggt er á tölfræðigögnum og viðtölum við foreldra og þau greind með hliðsjón af kenningum Bourdieu. Víðast hvar einskorðast stefna

um skóla án aðgreiningar við viðhorf, kennsluhætti og árangur innan hvers skóla án þess að gaumur sé gefinn að aukinni aðgreiningu milli skóla. Í framhaldi af því vaknar sú spurning hvort skóli án aðgreiningar þurfi ekki að skilgreinast sem „skólar án aðgreiningar“ eða „menntakerfi án aðgreiningar“ til að stefnan standi undir nafni og hugmyndir um gæði í skólasterfi séu byggðar á faglegum forsendum.

Hefur einstaklingsmiðun leitt okkur á ranga braut? – Vangaveltur um áhrif einstaklingsmiðunar á viðhorf til náms og kennsluhætti

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við HA og doktorsnemi Mvs HÍ

Erindið er byggt á niðurstöðum eigindlegar rannsóknar á reynslu íslenskra grunnskólakennara og skilningi þeirra á hlutverki kennara í skólum sem vinna samkvæmt stefnunni um skóla án aðgreiningar.

Meginmarkmið rannsóknarinnar í heild var að rannsaka, lýsa og túlka hugmyndir og skilning íslenskra grunnskólakennara á kennarahlutverkinu í skóla án aðgreiningar. Ennfremur að varpa ljósi á hvernig menning og ríkjandi skólastefna orkar á og mótar hugmyndir kennara og skilning.

Félagslegum mótunarkenningum og póststrúktúralisma var beitt við greiningu gagnanna sem var safnað 2007–2008. Tekin voru viðtöl við 10 íslenska kennara og tvo skólastjórnendur, ýmis opinber gögn voru greind, t.d. lög, námskrár og skýrslur. Þá voru fjölmiðlagreinar um menntamál og sérstaklega skóla án aðgreiningar greindar.

Í erindinu verða niðurstöður rannsóknarinnar ræddar út frá hugmyndum kennara um flokkun og fjölbreytileika nemenda og hugmyndum um einstaklingsmiðun í námi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að starfshættir og kennsluáðferðir sem rekja má til hugmynda um einstaklingsmiðun geti haft þveröfug áhrif en þeim var ætlað að gera. Í stað þess að draga fram styrkleika nemenda og fjölbreytni nemendahópsins virðist sem áhersla hafi verið lögð á getuskiptingu og aðgreiningu í námi. Niðurstöðurnar verða ræddar í ljósi íslenskrar menntastefnu, aðalnámskrár og hugmynda um nýfrjálshyggja og hvort ofangreind áhersla stuðli að merkingarbæru námi fyrir nemendur.

Börn í andlegum bóndabeygjum - hverjum þjóna hegðunarmótunarkerfi í skólum? Kristín Dýrfjörð, dósent HA

Ýmsir gagnrýnir fræðimenn hafa fjallað um misdulin áhrif nýfrjálshyggju á skólakerfið. Lýðræði ógnar heimsmynd nýfrjálshyggjunnar og þess vegna er gripið til þess að berjast gegn því í nafni lýðræðisins sjálfs með því að ýta undir öryggisleysi og hræðslu og gera þá sem vilja auka veg lýðræðis tortryggilega (McLaren, 2012). Áhangendur nýfrjálshyggjunnar hafa tryggt völd sín og áhrif með ýmsum hætti, t.d með stöðlun, mati og regluslökun. Innan skólakerfisins er ein birtingarmyndin aðkeypt hegðunarkerfi sem eiga að tryggja agaða borgara. Markmið menntunar er þá ekki lengur að sjá til þess að allar eigindir barnsins þroskist (Guðmundur Finnbogason, 1903) heldur er menntun

Þess fyrst og fremst þjónusta við atvinnulífið og efnahagslega velsæld. Atvinnulífið þarf hlýðna og sveigjanlega starfskrafta, en ekki gagnrýna uppreisnarseggi. Grunnildi menntunar samkvæmt lögum er að tryggja gagnrýna borgara og skóla að framfylgja því. Í opinberri umræðu heyrir að ástæður skorts á skilvirkni skólakerfisins séu óöguð og óhlýðin börn. Meðal leiða til að mæta agaleysi eru ýmis kostnaðarsöm hegðunarkerfi.

Í erindinu er ætlunin að skoða bæði hugmyndafræði og útbreiðslu nokkurra þeirra kerfa sem hafa fest rætur á Íslandi með gleraugum sem gagnrýnir fræðimenn eins og McLaren, Darder, Steinberg, Giroux, Hill, Hursh og Apple hafa sett fram.

Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla: Gömul og ný sjónarmið um forsendur, eðli og hlutverk

Rúnar Sigþórsson, prófessor HA

Þann 1. ágúst 1996 tóku sveitarfélögin við rekstri grunnskóla og um leið því hlutverki að sjá leik- og grunnskólum fyrir sérfræðiþjónustu. Í erindinu verður sagt frá athugun á því hvað lesa mætti út úr opinberum stefnuskjölum sveitarfélaga um sýn þeirra á hlutverk og starfshætti sérfræðiþjónustunnar og hvernig starfsemi skólaskrifstofa á þeirra vegum hefur þróast. Kannað var 1) hvað fram kæmi í stefnuskjölum Sambands íslenskra sveitarfélaga um sérfræðiþjónustuna, 2) það sem tíu sveitarfélög sögðu í skólafundum sínum um sérfræðiþjónustu og 3) hvernig tíu skólaskrifstofur kynntu starfsemi sína á vefsíðum sveitarfélaganna sem þær þjónuðu. Gagna var aflað af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál. Niðurstöður sýndu að þrátt fyrir mikinn fjölda skólaskrifstofa höfðu fæst sveitarfélög skýra stefnu um hlutverk og starfshætti sérfræðiþjónustunnar. Þjónusta var lítt sýnileg í samfléttun við aðra málaflokka (einkum félagsþjónustu); hún snerist einkum um ýmiss konar aðgreinand sérúrræði, á forræði sérfræðinga utan skóla, tengd „vanda“ eða „frávikum“ einstakra nemenda en að litlu leyti um að styrkja innviði skóla og hæfni kennara. Í málstofunni verða þessar niðurstöður ræddar í samhengi við hugmyndafræðilegar forsendur þess að sveitarfélögum var falið þetta hlutverk og skipulag starfseminnar í höndum sveitarfélaga sett í samhengi við þróun skólastarfs og menntunar án aðgreiningar á leik- og grunnskólastigi.

Stofa: K-208

13:00 til 14:30

Tækifæri í nýrri námskrá. Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í íslenskum framhaldsskólum.

NNN Rannsóknastofu um námskrár, námsmat og annað námsskipulag

Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt sem námssvið í sögulegu ljósi

Meyvant Þórólfsson, lektor Mvs. HÍ

Hér er fjallað um stöðu nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar (NFM) í almenna skólakerfinu út frá námskrárfræðilegu og sögulegu sjónarmiði. NFM sem námssvið getur tekið á sig margvíslegar myndir þegar kemur að samspili hinnar fyrirhuguðu námskrár (intended curriculum) og hinnar virku námskrár (implemented curriculum). Stundum er áhersla lögð á hagnýtingu tækni og vísinda og hagnýtingu náttúruauðlinda með umhverfismál að leiðarljósi. Einnig eru tekin inn í myndina markmið sem snúa að félagslegum samskiptum og virkri þátttöku nemenda, og þar með trú þeirra á eigin getu með þjálfun í að bregðast við þörfum á skapandi hátt. Í sumum tilvikum beinist NFM að því að leita nýrra lausna í atvinnulífi eða viðskiptum og framkvæma þær. Staða NFM er á margan hátt lík stöðu lífsleiknitengdrar menntunar (life adjustment education) eins og hún birtist um miðja síðustu öld. Þar áttu sér stað átök milli hefðbundinna námssviða sem grundvölluðust á akademískum fræðigreinum og nýrra námssviða sem grundvölluðust á tækni og viðfangsefnum daglegs lífs þess tíma. Í erindinu er stuðst við flokkunarkerfi Michael Schiro (2008) til skýra þessa þróun í námskrárfræðum.

Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í ljósi verkhyggju

Gunnar E. Finnbogason, prófessor Mvs. HÍ

Í erindinu verður rætt um nýja námskrá fyrir framhaldsskóla með sérstakri áherslu á nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Komið verður almennt inn á tengsl námskrár og menntunarhugtaksins. Þessi tengsl verða sérstaklega skoðuð í ljósi John Dewey og hugmynda hans um reynslu og merkingu. Skoðaðar verða áherslur í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í ljósi verkhyggju (pragmatisma) sem var menntastefna sem átti sitt blómaskeið á fyrri hluta 20. aldar.

Námskrársýn í ljósi grunnþátta menntunar og nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar

Jóhanna Karlsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður leitast við að draga fram þá námskrársýn sem ný aðalnámskrá framhaldsskóla byggir á einkum út frá áherslu á grunnþætti menntunar og áhrifum þeirra á skólastarf og breytingar á samfélaginu. Skoðað verður hvernig námssviðið nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (NFM) gefur tækifæri til að vinna með og tengja grunnþættina í skólastarfi. Í NFM fá nemendur þjálfun í samstarfi og lýðræðislegum vinnubrögðum og ýtt er undir áhuga og vilja þeirra til að taka þátt í samfélaginu. Læsi á samfélagið, umhverfismál, tækni, viðskipti og félagsleg samskipti eru einnig þættir sem hægt er að vinna með innan ramma NFM allt eftir því hver áhersluatriði námskrár og viðfangsefnin eru. Komið verður inn á breytingar á náms- og kennsluháttum í þessu sambandi og tækifæri til skólaþróunar í framhaldsskólum.

Sýn stjórnenda framhaldsskóla á stöðu nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar

Svanborg R. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (NFM) er nýlegt svið í menntun sem hefur verið að þróast í ýmsum löndum undanfarin rúmlega tuttugu ár. Hér á landi er *nýsköpunarmennt* oftast notað yfir slíka menntun á grunnskólastigi og upp í framhaldsskóla, en hugtakið *frumkvöðlamennt* er frekar notað yfir sömu menntun á framhaldsskólastigi. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Nýsköpunarmiðstöð Íslands ákváðu nýlega að taka höndum saman í verkefni um að efla NFM á framhaldsskólastigi. Fyrsta skrefið í verkefninu var að leita svara við því hver væri núverandi staða í frumkvöðlamennt í íslenskum framhaldsskólum. Í þessu erindi er sagt frá niðurstöðum könnunar sem send var til stjórnenda allra framhaldsskóla á Íslandi haustið 2012. Niðurstöður könnunarinnar sýna að stjórnendur sjá margvísleg tækifæri felast í NFM og að mikill áhugi er fyrir að taka þátt í þróunarstarfi um að innleiða eða efla þetta námssvið. Ákveðin námskrársýn kemur fram í skilgreiningum og skilningi stjórnendanna á þessu námssviði.

Stofa: K-208

15:00 til 16:30

Fjölmenning, fagmennska og vellíðan

"Þetta er svo gott fólk": Birting fjölmenningar í stórnun íslenskra tónlistarskóla"

Helgi Þorbjörn Svavarsson, doktorsnemi Mvs. HÍ

Leiðbeinendur: Friðgeir Börkur Hansen, prófessor og Hanna Ragnarsdóttir, prófssor Mvs. HÍ

Erlendir tónlistarkennarar hafa verið áberandi á Íslandi allt frá því fyrstu tónlistarskólarnir voru stofnaðir á fyrri hluta 20. aldar. Í dag eru um 25% tónlistarkennara á Íslandi af erlendum uppruna. Rannsóknin sem hér um ræðir snýr að því að skoða birtingarmynd fjölmenningarinnar með áherslu á samskipti og forystu í tónlistarskólum. Rannsóknin er eigindleg og byggir á viðtölum við níu einstaklinga í þremur skólum. Talað var við skólastjóra, erlendan kennara og innlendan kennara í hverjum skóla fyrir sig. Í viðtölunum var rætt um staðalmyndir og fordóma, hópamyndanir, stjórnunarhætti og forystu innan skólanna.

Helstu niðurstöður eru þær að persónulegir eiginleikar og forsendur þeirra kennara af erlendum uppruna, sem flytja hingað, ráða mestu um hversu virkir þeir eru í samskiptum og mótun skólastarfsins. Erlendir kennarar verða oft utanveltu framan af í samstarfi og samskiptum við bæði samkennara sína og stjórnendur. Staðalmyndir sem stjórnna viðhorfum eru hverfandi og ekki varð vart við hópamyndanir útfrá þjóðerni kennara. Það kom í ljós að stjórnunarstíll skólastjórnenda virðist hafa mikil áhrif á hversu mikið erlendir kennarar verða utanveltu í skólastarfinu. Því meiri áhersla á

samræður og lýðræðislega stjórnun og að virkja kennarahópin í stjórnun skólans þeim mun jákvæðari er birtingarmynd fjölmennningarinnar.

Sjónarmið kennara á fagmennsku, sérþarfir og skóla án aðgreiningar

Dóra S. Bjarnason, prófessor Mvs. HÍ

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor HA

Fagmennska kennara og skóli án aðgreiningar eru viðfangsefni sem stöðugt eru til umræðu en þó frá ýmsum sjónarhornum. Í þessu erindi verður sjónum beint að því hvað einkennir hugmyndir bekkjarkennara í íslenskum grunnskólum um samspil fagmennsku þeirra og hugmynda um skóla án aðgreiningar. Rannsóknin beinist að því hvernig kennarar tjá eigin hugmyndir um eigið starf og að hvaða marki það fer saman við hugmyndir þeirra um skóla án aðgreiningar; hugmyndafræði, stefnu og framkvæmd. Rannsóknaraðferðin var eigindleg og gögnum aflað með viðtölum, kennsluskráningu (e. teaching logs) og gagnagreiningu ritaðra og rafrænna heimilda. Niðurstöðurnar sýna að kennarar í þessari rannsókn hafa mótsagnakenndar hugmyndir um eigin störf. Fæstir kennarar hafa orðræðu um skóla án aðgreiningar á takteinum, hvorki faglega né í framkvæmd. Í því sambandi hafa ytri áhrifaþættir, svo sem stöðluð próf og námskrár meiri áhrif á starf kennara en innri ígrundun. Við teljum að niðurstöðurnar gefi ástæðu til að rannsaka frekar hvað það þýðir fyrir starfsþróun kennara ef starfskenning þeirra er ekki grundvölluð á hugmyndum um skóla án aðgreiningar, sérstaklega í skólakerfi þar sem skóli án aðgreiningar er opinber menntastefna.

Starf og vellíðan íslenskra framhaldsskólakennara í námskrárbreytingum og efnahagskreppu

Guðrún Ragnarsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Mvs. HÍ og HA

Í erindinu er leitast við að svara því hvernig efnahagskreppan, lagabreytingar frá árinu 2008 og aðalnámskrá 2011 hafa haft áhrif á framhaldsskólana. Sérstök áhersla er lögð á að skoða áhrifin á starf og vellíðan framhaldsskólakennara. Eftirfarandi gögn eru notuð: (1) Megindlegur gagnabanki sem safnað var fyrir efnahagshrun 2008 og aftur eftir hrun, bæði 2010 og 2012, um líðan og starfsumhverfi félagsmanna Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum. Gagnabankinn verður notaður til að varpa ljósi á breytta starfshagi. (2) Tölur frá OECD fyrir alþjóðlegan samanburð. (3) Tölur frá Hagstofu Íslands til að meta mannauðsbreytingar. (4) Skjöl frá Kennarasambandinu og fleiri aðilum til að meta félagslega spennu á milli hagsmunadila.

Niðurstöður benda til þess að Ísland hafi færst aftar í samanburði við önnur OECD-lönd; kennarar vinni lengri vinnudag en fái lægri laun og færri greidda yfirvinnutíma; nemendum á kennara hefur fjölgað, og að vinna samhliða innleiðingu nýrra laga frá 2008 og aðal námskrár frá 2011 auki enn álag á kennara. Framhaldsskólakennarar upplifa aukið starfsálag, dalandi starfsánægju og að geta ekki sinnt nemendum með sérþarfir í sama mæli og áður.